

MARÍA GRÉTARSDÓTTIR

*Leggur áherslu á heilbrigða lífshætti*

• heilsa

**ALLT** Í MIÐJU BLAÐSINS

FYRIRTÆKJAGJAFIR

*Hagsýni og notagildi haft í fyrirrúmi í ár*

Sérblað um fyrirtækjagjafir

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG




BJÖRGVIN HALLDÓRSSON

*Heldur jólatónleika þrátt fyrir áföll*

Spilaði ekki í góðærislottóinu

FÓLK 19




# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

28. október 2008 — 295. tölublað — 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


**ÞRIÐJUDAGUR**



**Fleiri sóknarfæri**

Leikfélag Kópavogs hefur tekið nýtt húsnæði í notkun.

TÍMAMÓT 17

**Skiptar skoðanir**



Breskir gagnrýnendur telja nýju James Bond-myndina lakari en síðustu mynd. Bandaríkjamenn eru ánægðir með útkomuna.

KVIKMYNDIR 20

**Fólk framtíðarinnar**

„Núna tökum við heimabakað brauð úr frystinum, bökum vöfflur og kökur“, skrifar Jónína Michaelsdóttir.

Í DAG 14



**Íslendingar gulls ígildi**

Níu af síðustu ellefu meistaraliðum í norska fótboltanum voru með Íslending í sínu liði.

ÍÞRÓTTIR 22

**VEÐRIÐ Í DAG**




**SKAPLEGT VEÐUR** Í dag verða víða sunnan 5-10 m/s, lægir á Austurlandi með deginum. Dálítil slydda eða snjókoma vestan til síðdegis og í kvöld. Hiti um og undir frostmarki, minnst frost vestan til.

VEÐUR 4








**GRÍÐARLEG EYÐILEGGING** Veggurinn á skúrnum í Grundargarði í Smáíbúðahverfinu splundraðist í sprengingunni í gær. Sprengingin var það öflugt að jörðin skalf segir íbúi í Smáíbúðahverfinu. Einn unglingur var lagður inn á gjörgæslu.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Sex slösuðust í sprengingu

**Unglingur liggur á gjörgæslu og fimm á brunadeild eftir gassprengingu í vinnuskúr í Smáíbúðahverfinu í gærkvöldi. Björgunarsveitir leituðu að öðrum unglingum sem kynnu að vera slasaðir eða þjáðir.**

**SLYS** Einn unglingur liggur á gjörgæsludeild og aðrir fimm á brunadeild eftir gassprengingu á níunda tímanum í gærkvöldi í vinnuskúr í Melgerði. Að sögn lögreglunnar eru fjögur þeirra mikið brennd.

Unglingarnir hlupu á brott í örvinglan og fannst einn þeirra illa slasaður í Skeifunni, um hálfum kílómetra frá slysstað. Annar fannst hjá Grímsbæ, verslunarkjarnanum við Bústaðaveg.

Lögreglan telur að um tíu til tólf aðrir unglingar hafi verið við skúrinn þegar sprengingin varð. Hlupu þeir einnig í örvinglan og var mikil leit 70 til 80 björgunarsveitarmanna eftir þeim í gangi þegar Fréttablaðið fór í prentun. Talið var að sumir þeirra kynnu að vera slasaðir en eins töldu lögregla og slökkvilið mikilvægt að koma þeim til aðstoðar eftir áfallið.

„Ég var að stíga upp úr baðinu þegar sprengingin varð og jörðin lék á reiðiskjálfi. Ég leit út um gluggann, sá hvar allt var logandi og heyrði öskrin svo ég fór út í hendingskasti,“ sagði Halla Arnar, íbúi í Melgerði. Hún kom tveimur slösuðum stúlkum til hjálpar en þær voru illa brenndar í andliti og á höndum. Það var ljótt umhorfs þegar blaðamaður Fréttablaðsins kom á vettvang. Blóð var á götunni og skúrinn illa brunninn.

Slökkviliðið beindi þeim tilmælum til þeirra sem voru á slysstað þegar eldurinn kom upp að mæta í Bústaðakirkju þar sem veitt yrði sálræn aðstoð. Enginn þeirra sem var við skúrinn hafði komið í kirkjuna þegar Fréttablaðið fór í prentun. Þangað komu þó nokkrir unglingar sem þekktu til hinna slösuðu.

„Þau eru vissulega skelkuð yfir þessu en eins forvitin eins og títt er með fólk á þessum aldri,“ sagði Pálmi Matthíasson, prestur í Bústaðakirkju.

Talið er að gasleki hafi verið í skúrnum og eldur hafi komist í snertingu við gasið sem olli sprengingunni.

-jse/hhs

## Hlúði að særðri unglingsstúlku

„Það heyrðist hvellur og svo var bankað hressilega á dyrnar. Það var augljóst að eitthvað alvarlegt hafði komið fyrir. Fyrir utan stóð maður sem sagði mér að koma mér strax út úr húsinu. Það hefði orðið sprenging og húsið væri í hættu,“ segir Jórunn Sigurjónsdóttir, hjúkrunarfræðingur og íbúi við Melgerði.

Þegar Jórunn kom út voru sjúkrabílar komnir á vettvang.

„Ég fór inn í næsta sjúkrabíl til að hjálpa sjúkraflutningamönnunum sem voru að hlúa að stúlku sem hafði brunnið í andliti og á höndum,“ segir Jórunn sem hefur unnið á slysadeild í fjölda ára. „Ég reyndi að veita henni andlegan stuðning þar til hún fór á gjörgæsluna.“

- kh

Leitað til Rússlands, Japans og Evrópska og Bandaríska seðlabankans:

# Óskað eftir láni frá Norðurlöndunum

**EFNAHAGSMÁL** Íslensk stjórnvöld óskuðu í gær formlega eftir láni frá hinum Norðurlandaþjóðunum. Geir H. Haarde forsætisráðherra sagði í gær að hann vildi ekki nefna neinar lánsupphæðir þar sem hann vildi ekki setja pressu á kollega sína á Norðurlöndunum.

Í viðtali við Reuters-fréttastofuna í gær sagði hann að lánsþörfin væri fjórir milljarðar dala, eða um 480 milljarðar íslenskra króna, umfram þá tvo milljarða dala sem reiknað er með frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum.

„Ég get ímyndað mér að Norðurlöndin verði mjög mikilvæg, en við höfum einnig rætt við Rússland, Japan og fleiri,“ hefur Reuters-fréttastofan eftir Geir. Aðrir mögulegir lánveitendur væru Evrópski og Bandaríski seðlabankinn.

Norrænu forsætisráðherrarnir ákváðu á fundi sínum á Norðurlandaráðsþingi í gær að skipa starfshóp til að vinna að tillögum um hvernig hægt sé að aðstoða Íslendinga í efnahagsvandanum.

- ghs/ ss / sjá síðu 8

Daninn sem vill fá Ólaf:

# Ólafur fyrsta púslið í stórveldi

**HANDBOLTI Danski skartgripasalinn Jesper Nielsen ætlar að gera danska liðið AG Håndbold að stórveldi í evrópskum handbolta. Fyrsta skrefið í þá átt er að semja við Ólaf Stefánsson.**

**Stefna C-deildarliðsins AG er klár en liðið ætlar upp í úrvalsdeild á tveim árum, komast í Meistaradeild á fyrsta ári í efstu deild, verða danskur meistari árið 2012 og keppa síðan við bestu félagslið Evrópu á jafnréttisgrundvelli í kjölfarið.**

**Þessi metnaður kostar sitt og Nielsen á nóg af peningum. Hann vonast til þess að koma Ólafs muni trekkja fleiri stjörnur til félagsins.**

- hbg / nánar á síðu 23




SPURNING DAGSINS



*Bjarni, ætlið þið að gera ykkur mat úr gullinu?*

„Við ætlum að minnsta kosti að auka gjaldeyrisforðann.“

Íslenska kokkalandsliðið vann tvenn gullverðlaun og jafnmörg silfur á Ólympíuleikum matreiðslumeistara. Bjarni Gunnar Kristinsson er landsliðsfyrirliði.

Í gæsluvarðhaldi eftir að hafa ráðist inn á mann á níræðisaldri:

# Var tekinn sofandi á ránsstað

**LÖGREGLUMÁL** Ráðist var inn á mann á níræðisaldri nú um helgina og gerð tilraun til að ræna hann.

Atvikið átti sér stað um þrjúleytið aðfaranótt sunnudagsins í miðborg Reykjavíkur. Hringt var á dyrabjöllu hjá gamla manninum og fór hann til dyra. Skipti engum togum að ungur maður sem úti fyrir stóð réðst á húsráðanda og sló hann. Við þetta vankaðist gamli maðurinn og að auki höfðu gleraugun dottið af honum við höggið.

Árásarmaðurinn ruddist síðan inn í íbúðina og heimtaði peninga af manninum. Þegar honum skildist að ekkert slíkt væri að hafa fór hann eins og stormsveipur um íbúðina til að leita að verðmætum og tíndi í poka það sem honum þótti eigulegast.

Að því búnu seig á hann höfgi svo hann ákvað að hvíla sig.

Hann settist í stól í íbúðinni og datt þar út af. Gamli maðurinn náði að hringja í lögregluna sem brá skjótt við og tók árásarmanninn þar sem hann steinsvaf í stólnum. Hann var færður á lögreglustöð og yfirheyrður. Að því búnu var hann úrskurðaður í gæsluvarðhald fram á föstudag. - jss



**MIÐBORG REYKJAVÍKUR** Aldraður maður hringdi á lögreglu, eftir að ráðist var á hann heima hjá sér.

Voðaskot í Bandaríkjunum:

# Átta ára drengur lætur lífið

**BANDARÍKIN, AP Átta ára drengur lést á sunnudag eftir að hafa fyrir slysni skotið á sjálfan sig úr hríðskotabyssu á skotvopnasýningu í Westfield í Massachussetts.**

**Fullorðinn maður, með full réttindi, var að leiðbeina drengnum, en þegar skot hljóp úr byssunni missti drengurinn vald á henni. Hann fékk skot í höfuðið og lést á sjúkrahúsi skömmu síðar.**

**Á sýningunni var almenningi boðið að skjóta úr ýmiss konar skotvopnum á bifreiðar, grasker og fleiri skotmörk.** - gb

Forsætisráðherra Noregs:

# Mörg lönd komi að aðstoðinni

**EFNAHAGSMÁL Jens Stoltenberg, forsætisráðherra Noregs, segir að Norðmenn séu mjög jákvæðir gagnvart norrænum stuðningi við Íslendinga í samstarfi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og aðrar þjóðir.**

**Hann segir að Íslendingar ákveði sjálfir við hverja þeir ræði um lán en norrænu forsætisráðherrarnir hafi rætt um að mörg lönd gætu lagt sitt af mörkum í aðstoð við Íslendinga, fyrst Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn og svo norrænu löndin; Noregur, Svíþjóð og Danmörk og síðan komi í ljós hvaða önnur lönd komi að málinu.**

**Spurður um hvort Rússalán geti haft áhrif á norræna öryggispólitík svarar hann að þegar Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn leggi sitt af mörkum og önnur lönd komi að málinu þá hafi hann ekki miklar áhyggjur af því.** - ghs



**STRÆTÓ** Vagnar eru nú oft yfirfullir á álagstímum á morgnana og síðdegis. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÓR

# Umferð minnkar og snarfjölgar í strætó

**Bílaumferð í Reykjavík dróst meira saman í október en á sama árstíma undanfarin ár. Farþegum á helstu stofnleiðum Strætós bs. hefur fjölgað um allt að fjórðung. Forstjóri Strætós varar við skerðingu á almenningssamgöngum.**

**SAMGÖNGUR** Bílaumferð í Reykjavík dróst meira saman í október en á sama árstíma undanfarin ár, samkvæmt upplýsingum frá umhverfis- og samgöngusviði Reykjavíkurborgar. Um leið hefur farþegum á helstu leiðum Strætós bs. fjölgað um allt að fjórðung.

Björg Helgadóttir, landfræðingur á samgönguskrifstofu umhverfis- og samgöngusviðs Reykjavíkurborgar, segir umferðina á höfuðborgarsvæðinu ávallt aukast í upphafi skólaárs en dragast saman þegar líður á haustið. Hins vegar hafi dregið meira úr umferð nú en undanfarin ár. „Á sama tíma í fyrra mældust til dæmis 91.400 bílar á sólarhring í Ártúnsbrekku. Í október fóru þeir alveg niður í 82 þúsund bíla en fjölgaði aftur upp í 84 þúsund bíla í síðustu viku, sem bendir til að umferðin minnki ekki meira í bili.“

Björg segir ýmsa þætti skýra minnkunina, sem flesta megi rekja til efnahagsástandsins. Mælingar sýni að fjölgað hefur í hverjum bíl; sennilega þurfi færri að sækja vinnu í miðborgina eftir uppsagnahrinu, og svo virðist sem fleiri séu farnir að hjóla í vinnuna.

Um leið hefur farþegum á helstu leiðum Strætós bs. fjölgað um allt að fjórðung frá því í fyrra. Svo er komið að í helstu álagsferðum er ekki hægt að treysta á að komast með vögnunum vegna aðsóknar.

Reynir Jónsson, forstjóri Strætós bs., segir að ekki sé búið að greina allar tölur. Allt bendi þó til að orsök fjölgunar sé bæði aukin notkun nemakorta sem og fjölgun nýrra farþega. „Þetta er nokkur fjölgun hjá okkur, sérstaklega á meginleiðunum. Við áttum alltaf von á fjölgun vegna eldsneytishækkunar og nú virðist efnahagsástandið spila inn í.“

Hann segir þá stöðu komna upp að vagnar séu stundum yfirfullir á álagstímum á morgnana og síðdegis og þeir sem gætu ættu kannski að huga að því að taka næsta vagn á undan eða eftir.

Stjórn Strætós samþykkti nýverið að hefja viðræður við ríkisvaldið um aðkomu þess að rekstrinum. Ljóst er að reksturinn er þungur og í sumar voru þeir möguleikar viðraðir að skerða þjónustuna vegna þessa.

„Það er nokkuð þungt ef við þurfum að skerða þjónustu vegna fjárskorts um leið og fjölgun er á farþegum. Ég skil þá stöðu sem allur rekstur er í en þessa þjónustu verður að styðja, ekki síst í slæmu árferði,“ segir Reynir.

bergsteinn@frettabladid.is
kolbeinn@frettabladid.is

Nýnemar í Austurbæjarskóla:

# Enginn hættur námi og farinn

**SKÓLAMÁL** Engin börn hafa hætt námi hjá Austurbæjarskóla til að snúa aftur til heimalandsins síðustu daga.

„Á nemendum okkar er ekki að heyra að sérstakur hugur sé í fólki að snúa til baka,“ segir Guðmundur Sighvatsson, skólastjóri Austurbæjarskóla. „Ég hygg hins vegar að ástandið taki ekki á sig ákveðna mynd fyrr en eftir mánaðamót. Fólk sé enn að gera upp hug sinn.“

Í Austurbæjarskóla eru 120 nemendur í nýbúadeild. Innan hennar eru erlendir nemendur sem hafa íslensku sem annað tungumál. - hhs



**HÖFUÐSTÖÐVAR ÍAV** Íslenskir aðalverktakar segja upp 151 starfsmanni um næstu mánaðamót. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Íslenskir aðalverktakar:

# 151 sagt upp

**EFNAHAGSMÁL Íslenskir aðalverktakar sögðu í gær upp 151 manns. Nítján starfsmönnum voru boðin önnur störf eða lækkað starfshlutfall. Eftir vinna um fjögur hundruð manns hjá fyrirtækinu. Uppsagnirnar ná til starfsmanna úr öllum starfsstéttum innan félagsins, samkvæmt tilkynningu.**

**„Á örfáum mánuðum hafa rekstrarforsendur fyrirtækja í verktaka- og byggingariðnaði snúist hratt til verri vegar“, segir í tilkynningunni. Eftir fall bankanna hafi staðan versnað enn frekar og ríkir óvissa um framhald margra verkefna.** - hhs

Bandarískir fjölmiðlar:

# Lestur dagblaða dregst saman

**VIÐSKIPTI** Útgefendur dagblaða í Bandaríkjunum óttast að yfirstandandi efnahagskreppa kunni að flýta fyrir samdrætti í dagblaðalestri. Að meðaltali skruppu upplög bandarískra dagblaða saman um 4,6 prósent frá 2007 til 2008, en samdrátturinn á milli áranna 2006 og 2007 var aðeins 2,6 prósent.

Á sama tíma hafa auglýsingar í dagblöðum einnig dregist saman, en auglýsendur hafa í auknum mæli flutt sig á ýmsa netmiðla. Verst gengur dagblöðum sem eru bundin við ákveðnar borgir, en þau hafa orðið sérstaklega illa úti í samkeppni við ókeypis stórborgarblöð og netmiðla, en smáauglýsingar, sem borgarblöð reiddu sig á, hafa nánast alfarið flust á vefinn. - msh






Rannsókn á Hraunbæjarárásinni er á lokastigi:

# Átta menn réðust á lögreglu

**LÖGREGLUMÁL** Átta manns tóku þátt í árás á tvo lögreglumenn í Hraunbæ með einum eða öðrum hætti um næstsíðustu helgi. Rannsókn málsins hefur gengið vel og liggja fyrir játningar að aðild málsins, samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins.

Lögreglumennirnir höfðu verið kvaddir að húsnæði í Hraunbænum vegna hávaða. Þeir voru komnir út úr íbúðinni þegar ráðist var á þá. Annar þeirra hlaut skurð á höfði sem sauma þurfti saman. Báðir lögreglumennirnir voru með skrámur og mar eftir högg og spörk.

Samtals voru tólf manns færðir á lögreglustöð vegna málsins. Gæsluvarðhald átti að renna út yfir fimm þeirra í gær, en rannsókn hafði miðað það vel að þeim var sleppt á föstudaginn.

Menn úr hópnum sem lögregla hefur yfirheyrt hafa margoft komið við sögu lögreglu hér á landi, einkum vegna ofbeldisbrota.

Um er að ræða gengi Filippseyinga, sem kom meðal annars við sögu í síendurteknum átökum hópa í Breiðholti fyrir nokkrum árum. Sumir þessara manna eru íslenskir ríkisborgarar, aðrir ekki. Þeir eru á þrítugs- og fertugsaldri.



**LÖGREGLAN** Lögreglumennirnir sem ráðist var á náðu að nota neyðarhnapp á talstöð og barst þá fljótlega liðsauki.




# Eitt líf - njótum þess




Rúmgafl á mynd er ekki inni í verði, verð kr. 31.924,- á tilboði.

Mikið úrval af rúmgöflum
og botnum fyrir allar stærðir rúma.
Til í tauáklæði og leðri
í mörgum litum.

**Verðdæmi**
Tempur rúm 160cm og botn á mynd*.
Verð áður 231.565,-
**Nú aðeins kr. 185.250,-**

# 20%
afsláttur
af rúmgöflum, botnum,
stillanlegum rúmum
og Tempur rúmum
í október

betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Faxafeni 5, Reykjavik og Skeiði 1, Ísafirði
Opið virka daga frá kl. 10-18 Laugardaga frá kl. 11-16

Betra BAK

## GENGIÐ 27.10.2008

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 120,4 | 120,98 |
| Sterlingspund | 187,76 | 188,68 |
| Evra | 151,58 | 152,42 |
| Dönsk króna | 20,337 | 20,455 |
| Norsk króna | 17,182 | 17,284 |
| Sænsk króna | 15,008 | 15,096 |
| Japanskt jen | 1,3188 | 1,3266 |
| SDR | 151,58 | 152,42 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
205,6906

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

„Ef þörf krefur“ lykilatriði í túlkun á bréfi til breska fjármálaráðuneytisins:

# Bréfið fól ekki í sér loforð

**EFNAHAGSMÁL** Í bréfi sem viðskiptaráðuneytið sendi breska fjármálaráðuneytinu hinn 5. október kemur fram að íslensk yfirvöld muni, ef þörf krefji, aðstoða Tryggingasjóð innstæðueigenda við að afla fjár til að sjóðurinn geti greitt út lágmarksbætur, kæmi til þess að Landsbankinn og útibú hans í Bretlandi færu í þrot.

Þetta felur ekki í sér loforð af hálfu viðskiptaráðuneytisins, að mati Össurar Skarphéðinssonar, iðnaðarráðherra og staðgengils viðskiptaráðherra.

„Í bréfinu kemur ekki fram að við hlaupumst undan ábyrgð en heldur ekki að við berum fortakslaust og algjöra ábyrgð. Það er einmitt orðalagið „ef þörf krefur“ sem skiptir máli þarna. Það er ljóst að þörfin rís ekki nema það sé sátt um það að ríkisstjórnin beri þessa skyldu. Sú sátt er ekki fyrir hendi.“ Össur segir að í bréfinu sé fetað ákveðið stig, þar sem Íslendingar segi að staðið verði við þær skuldbindingar sem sannarlega þurfi að bera. „En þeir hins vegar fallast hins vegar ekki á kröfur Breta jafn fortakslausar og þær eru.“ **- hhs**



**ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON** Hann segir Íslendinga ekki bera fortakslausa ábyrgð á Icesave. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Algengustu dánarorsakir:

# Hjartað lætur oftast undan

**GENF, AP Hjartasjúkdómar, smitsjúkdómar og krabbamein eru enn þrjár algengustu dauðaorsakir heims, að því er fram kemur í nýrri skýrslu frá Alþjóðaheilbrigðisstofnuninni, WHO.**

**Efst á blaði eru hjartaáföll og aðrir hjartasjúkdómar, sem kosta 29 prósent þeirra sem deyja ár hvert lífið. Af völdum smitsjúkdóma látast 16,2 prósent manna, en krabbamein hefur dregið 12,6 prósent til dauða. Þessar upplýsingar eru byggðar á skráningum frá 114 löndum frá árinu 2004. Nýrri upplýsingar eru ekki til. Það ár létust 58,8 milljónir manna.** **- gb**

Atvinnuleysistryggingasjóður:

# Sextán milljarðar í sjóðnum

**VINNUMARKAÐUR** Sú upphæð sem til er í Atvinnuleysistryggingasjóði mun duga fyrir greiðslu atvinnuleysisbóta út næsta ár. Miðast það við fimm prósenta atvinnuleysi, sem er algeng spá fyrir næsta ár. Sumir hafa þó spáð meira atvinnuleysi en það, meðal annars Samtök atvinnulífsins.



**GISSUR PÉTURSSON**

Sextán milljarðar króna eru til í sjóðnum. Það er góð staða, að mati Gissurar Péturssonar, forstjóra Vinnumálastofnunar. Vegna lítils atvinnuleysis hafi innstreymi í sjóðinn verið mun meira en útstreymi undanfarin ár.

Hversu lengi þessir sextán milljarðar eiga eftir að duga er nær ómögulegt að spá fyrir um, að mati Gissurar. Það sé háð því hvað atvinnuleysi varir lengi og hversu mikið það verði. **- hhs**

Frá umsjónarmönnum:

# Lífshætta við Reynisvatn

**VIÐVÖRUN Umsjónarmenn Reynisvatns vilja beina þeim tilmælum til barna og forráðamanna að það er lífshættulegt fyrir börn að leika sér úti á ísilögðu vatninu.**

**Anna Kvaran, annar umsjónarmanna, segir að ísinn hafi ekki verið mannheldur á nokkrum stöðum. Vatnið er tveggja og hálfs til þriggja metra djúpt þar sem það er dýpst. „Ef börn fara í gegnum ísinn þá endar það bara á einn veg svo það er spurning upp á líf og dauða að börn séu ekki þarna eftirlitslaus,“ segir hún.** **- jse**

# Björgólfur Thor segir ríkið hafa farið verstu leiðina

**Björgólfur Thor segir að Landsbankinn hafi komið fram með tillögur til stjórnvalda um úrlausn sem hefði komið í veg fyrir að ríkið væri ábyrgt fyrir reikningum bankanna erlendis. Þeim var hafnað eða ekki svarað. Hann segist óttast að stjórnvöld átti sig ekki á þeim öflum sem þau hafi leyst úr læðingi.**

**EFNAHAGSMÁL** Björgólfur Thor Björgólfsson gagnrýnir íslensk stjórnvöld í viðtali í fréttaskýringaþættinum Kompás, sem sýndur var í gær, og segir þau hafa gert hræðileg mistök við úrvinnslu vandans sem upp kom í lausafjárkreppu bankanna. Til að mynda hafi yfirtakan á Glitni komið af stað hræðilegri atburðarás sem þjóðin verði lengi að vinna sig út úr.

„Ég er hræddur um að þau skilji ekki áhrifin sem þau hafa haft á kerfið til langframa,“ segir hann og telur að það taki langan tíma fyrir íslensku þjóðina að vinna sig úr vandanum sem nú steðjar að.

Hann segir að Landsbankinn hafi komið fram með tillögur til forsætisráðherra og seðlabankastjóra um það hvernig vinna mætti úr lausafjárvanda Glitnis. Fréttablaðið hefur tvö minnisblöð frá Landsbankanum með þessum tillögum sem send voru deginum áður en gert var opinbert að ríkið myndi yfirtaka Glitni. Í öðru þeirra segir: „Almennt er talið að ef einn íslensku bankanna lendi í vandræðum muni það hafa hröð keðjuverkandi áhrif sem setur aðra aðila í erfiða og alvarlega stöðu og upp kæmi mjög alvarlegur kerfisvandi.“ Í báðum er gert ráð fyrir að Landsbankinn, Glitnir og Straumur verði sameinaðir og muni ríkið eiga 40 prósent samkvæmt annarri tillögunni, en 19 prósenta hlut samkvæmt hinni, í sameinuðum banka. Þannig hefði ríkið ekki orðið ábyrgt fyrir innstæðureikningum erlendis. Einnig var gert ráð fyrir því að ríkið kæmi með 100-200 milljarða króna hlutafjáraukningu. Annarri tillögunni var hafnað en hinni var ekki svarað.

Hann gagnrýnir íslensk stjórnvöld fyrir samskiptaleysi en enginn fulltrúi frá þeim hefði komið til að ræða þær hugmyndir sem Landsbankinn hefði til úrlausnar.

Hann segir enn fremur að Icesave-reikningarnir hafi verið svar bankans við lausafjárkreppu sem byrjuð var að segja til sín hjá íslenskum bönkum árið 2006. Það hafi verið álit allra sérfræðinga að skynsamlegast væri að auka innlán til að mæta henni og hafi verið lofaður fyrir hvernig til tókst með það. Síðan hafi bankinn verið að vinna að því að koma Icesave í breska lögsögu; þeirri vinnu lauk 6. október, að sögn Björgólfs Thors, þegar Seðlabankinn hafnaði Landsbankanum um 38 milljarða króna fyrirgreiðslu sem þurfti til að koma Icesave í breska ábyrgð.

**jse@frettabladid.is**



**BJÖRGÓLFUR THOR** Hann segir ríkið hafa valið verstu leiðina, sem hafi vond áhrif til langframa.



### TILLAGA LANDSBANKANS SEND 29. SEPTEMBER

**Landsbanki, Straumur og Glitnir sameinaðir undir merkjum Landsbankans**

**Ríkissjóður komi með 100 milljarða hlutafjáraukningu**

Seðlabanki veiti Landsbanka tímabundið 300 til 450 milljarða lánafyrirgreiðslu til að leysa úr lausafjárvanda Glitnis.

Ríkissjóður kaupir hlut af eignum sameinaðs banka.

Hinn nýi sameinaði banki reyni að selja eignir og draga þannig saman efnahagsreikning sinn

Nýr banki tæki yfir samrunaviðræðum Glitnis og Byrs

**EIGNARHALD NÝJA BANKANS:**

Hluthafar Glitnis um 18%

Ríkissjóður um 19%

Hluthafar Landsbankans um 40%

Hluthafar Straums um 23%

Tillagan var send klukkan 15 hinn 29. september og hafnað þremur tímum síðar.

### TILLAGA NÚMER TVÖ

**Landsbanki og Straumur sameinaðir**

**Ríkissjóður komi með 200 milljarða króna hlutafjáraukningu í Glitni**

Glitnir síðan sameinaður með Landsbanka og Straumi

Seðlabanki veiti Landsbanka tímabundið 300 til 450 milljarða lánafyrirgreiðslu til að leysa úr lausafjárvanda Glitnis.

Ríkissjóður kaupir hlut af eignum sameinaðs banka.

Hinn nýi sameinaði banki reyni að selja eignir og draga þannig saman efnahagsreikning sinn

Starfsemi nýja bankans í Bretlandi fært við fyrsta tækifæri yfir í dótturfélag svo Icesave væri þá alfarið undir bresku innlánstryggingakerfi.

Sameinaður banki tæki við samrunaviðræðum Glitnis og Byr.

**EIGNARHALD HINS NÝJA BANKA:**

Hluthafar Glitnis 0%

Ríkissjóður um 40%

Hluthafar Landsbankans um 40%

Hluthafar Straums 20%

Tillaga send klukkan 20 þann 29. september en ekki svarað.


# Imodium®
Við bráðum niðurgangi




Fæst án lyfseðils í næsta apóteki

**Imodium® (lóperamíð)** 2 mg töflur. Imodium er fáanlegt án lyfseðils og er notað við bráðum niðurgangi (skammtímameðferð). Langvarandi alvarlegur niðurgangur, þ.m.t. niðurgangur vegna of hraðrar tæmingar. **Skammtar og lyfjagjöf:** Bráður niðurgangur: Byrja skal meðferðina með 2 töflum, en skömmtun er síðan 1 tafla eftir hverja hægðalosun með niðurgangi, þó ekki þéttar en á 2-3 klst. fresti. Sólarhringsskammtur á ekki að fara yfir 8 töflur. Langvarandi niðurgangur: Skömmtun er í upphafi 2 töflur. Skömmtun er síðan einstaklingsbundin á bilinu 1-8 töflur á sólarhring. Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 12 ára. **Varnaðarorð:** Við langvinna bólgusjúkdóma í þörmum getur lyfið dulið einkenni um skyndilega versnun. Lyfið hefur einungis áhrif á sjúkdómseinkenni. Ef sjúklingur hefur háan hita eða blóð í hægðum og ef meðferð á að vera langvarandi, þarf að finna og meðhöndla undirliggjandi orsök eins og kostur er. Imodium meðferð skal stöðva við merki um hægðatregðu eða önnur merki um ófullnægjandi þarmahreyfingar. Sjáist bati ekki innan tveggja sólarhringa við bráðum niðurgangi, á að hætta gjöf Imodium og íhuga aðra meðferð. Hjá alnæmissjúklingum á meðferð með Imodium á að stöðva meðferð við fyrstu merki um þaninn kvið. Tilkynnt hefur verið um einstaka tilvik eitrunarstórristils hjá alnæmissjúklingum með ristilbólgu. Imodium á að nota með varúð hjá sjúklingum með skerta lifrarstarfsemi. Leitið til læknis eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum um lyfið. **Lesið fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið.** Handhafi markaðsleyfis: Janssen-Cilag AB. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatún 2, 210 Garðabær.


## VEÐURSPÁ



**Elísabet Margeirsdóttir** Veðurfréttamaður

### HÆGLÆTIS VEÐUR FRAM UNDAN

Síðdegis og í kvöld verður dálítil slydda eða snjókoma vestanlands en á morgun styttir upp að mestu þó stöku él gætu fallið v-til. Það eru horfur á hæglætis veðri og björtu næstu daga og því um að gera að njóta þess á meðan það varir.



**Á MORGUN** Hæg suðvestlæg eða breytileg átt.

**FIMMTUDAGUR** Hæg breytileg átt.

### HEIMURINN

| | |
|---|---|
| Kaupmannahöfn | 9° |
| Billund | 9° |
| Ósló | 4° |
| Stokkhólmur | 9° |
| Gautaborg | 9° |
| London | 9° |
| París | 10° |
| Frankfurt | 10° |
| Friedrichshafen | 8° |
| Berlín | 10° |
| Alicante | 20° |
| Mallorca | 23° |
| Basel | 10° |
| Eindhoven | 9° |
| Las Palmas | 23° |
| New York | 10° |
| Orlando | 18° |
| San Francisco | 20° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

# Ný íslensk tónlist!




GOTT VERÐ!
KR. 1.999

Lay Low
- Farewell Good Night´s Sleep




GOTT VERÐ!
KR. 2.199

Gilligill
- Bragi V. Skúlason & Memfismafían




GOTT VERÐ!
KR. 1.999

Vilhjálmur Vilhjálmsson
- Hana nú

## EINNIG FÁANLEGAR:




GOTT VERÐ!
KR. 2.199

Steinn Steinarr
- Aldarminning




GOTT VERÐ!
KR. 2.199

Motion Boys
- Hang On




GOTT VERÐ!
KR. 1.999

Fólkið í blokkinni - Allt í góðu...
ásamt nýjum lögum úr blokkinni

HAGKAUP
*Ein ferð betra verð*

## KJÖRKASSINN



*Fylgist þú með forsetakosningum í Bandaríkjunum?*

| | |
|---|---|
| Já | 62% |
| Nei | 38% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Er bíllinn þinn kominn á vetrardekk?*

Segðu skoðun þína á visir.is

vísir

Þingmenn frjálslyndra vilja láta skoða sameiginlega mynt með Norðmönnum:

# Einn seðlabankastjóri í stað þriggja

**STJÓRNMÁL** Einn seðlabankastjóri skal skipaður í stað þriggja samkvæmt frumvarpi til laga um breytingar á lögum um Seðlabanka Íslands sem þingflokkur Frjálslynda flokksins hyggst leggja fram á Alþingi í dag.

Samkvæmt lagafrumvarpinu skipar forsætisráðherra bankastjórann til fimm ára og verður skylt að auglýsa embættið laust til umsóknar. Þá er aðeins heimilt að skipa sama manninn bankastjóra tvisvar sinnum, eða samtals til tíu ára.

Að auki verður þess krafist að seðlabankastjóri hafi víðtæka þekkingu á fjármálum og efnahagsmálum. Tillagan gerir einnig ráð fyrir að nýr bankastjóri og nýtt bankaráð verði skipað við gildistöku laganna.

Þingmenn Frjálslynda flokksins kynntu efni frumvarpsins á blaðamannafundi í gær. Átöldu þeir þar stefnuleysi ríkisstjórnarinnar sem þeir sögðu bera ábyrgð á efnahagsvanda þjóðarinnar. Nú þyrfti að beita samræmdum aðgerðum í efnahags- og atvinnumálum.

Til að tryggja stöðugleika gjaldmiðilsins vilja frjálslyndir náið samstarf við Norðmenn og kanna til hlítar hvort Ísland og Noregur geti komið sér saman um að hafa sameiginlega mynt og peningastefnu.

Þá mun þingflokkurinn fara fram á að skipuð verði sérstök rannsóknarnefnd alþingismanna sem fara á yfir efnahagsþrengingar Íslendinga að undanförnu. Þingmenn sögðu slíka nefnd ekki útiloka aðkomu erlendra sérfræðinga enda hefði þingnefndin yfirstjórn yfir rannsókn málsins. **- ovd**



**FRÁ ALÞINGI** Magnús Reynir Guðmundsson, framkvæmdastjóri Frjálslynda flokksins, Guðjón Arnar Kristjánsson, formaður flokksins, ásamt Jóni Magnússyni þingflokksformanni á blaðamannafundi í Alþingishúsinu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**FJALLAR UM FLENSU** Viggó Ásgeirsson sagnfræðingur segir Íslendinga geta lært af samheldninni sem ríkti árið 1918 þegar spænska veikin geisaði. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Fundur um spænsku veikina:

## Samhent átak við áfalli

**MENNING** Við getum lært mikið af viðbrögðum við spænsku veikinni að mati Viggós Ásgeirssonar sagnfræðings. Hann heldur í dag fyrirlestur um þennan skæða inflúensufaraldur, sem geisaði um alla heimsbyggð árið 1918.

„Umræðan þá minnir nokkuð á krepputalið núna. Heilbrigðisyfirvöld lágu undir ámæli fyrir að bregðast ekki rétt við og það svo langt að reynt var að kveikja í húsi landlæknis. Menn vissu af flensunni, en töldu hana ekki verða jafn skæða og raun bar vitni; kannski ekki ólíkt því sem var um efnahagskreppuna nú,“ segir Viggó.

Hann segir að eftir að flensan kom hafi Íslendingar hins vegar snúið bökum saman. „Þegar á hólminn er komið standa Íslendingar gjarnan saman. Það er með ólíkindum hverju tókst að áorka og heilmiklum fjármunum var safnað sem og fötum.“ **- kóp**

Háskólabíó í kvöld:

## Frítt á pólskar myndir í bíó

**MENNING Ræðismaður Póllands á Íslandi hefur ákveðið að bjóða fólki frítt á sýningu á þremur pólskum heimildarmyndum í Háskólabíói í kvöld klukkan 19.30. Leikstjórar heimildarmyndanna verða viðstaddir og munu sitja fyrir svörum eftir sýninguna.**

**Um er að ræða tvær myndir um Jóhannes Pál páfa II og hvernig Pólverjar um allan heim minnast hans, og svo myndina Precisely there sem fjallar um feðga sem ferðast um Pólland í leit að stað til að dreifa ösku látins föður og afa. Leikstjórar eru Slawomir Ciok og Cezary Iber. Aðgangur er ókeypis.** **- kg**

## FINNLAND

### Finnar fram í öryggisráðið

Finnar munu bjóða sig fram til setu í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna tímabilið 2013-2014 eins og þeir ætluðu. Ástæðan fyrir því að Finnar bjóða sig ekki fram til setu fyrr en sú að ákveðinn fyrirvara verður að hafa á framboði.

# Orð stendur gegn orði um Icesave

**Björgólfur Thor fullyrðir að breskt loforð um flýtimeðferð til að koma Icesave-reikningunum í skjól skýri beiðni um fyrirgreiðslu Seðlabankans. Þetta hafi ráðherrar og Seðlabanki vitað. Þeir vilja ekki kannast við það.**

**EFNAHAGSMÁL** „Ekki var minnst á flýtiafgreiðslu breska fjármálaeftirlitsins.“ Þetta fullyrðir Seðlabanki Íslands í yfirlýsingu sem hann sendi frá sér í gær um erindi Landsbankamanna dagsett mánudaginn 6. október.

Björgólfur Thor Björgólfsson, annar aðaleigandi Landsbankans, fullyrðir hins vegar að seðlabankamönnum hafi verið fullkunnugt um að óskað væri fyrirgreiðslu frá Seðlabankanum til að koma Icesave-reikningunum í skjól breskra yfirvalda. Þetta hafi verið 5. október.

Björgólfur sagði í fréttum Stöðvar 2 í fyrradag að breska fjármálaeftirlitið hefði boðist til að koma Icesave-reikningunum í skjól Breta með skjótum hætti, á fimm virkum dögum. Til þess þyrfti hins vegar 200 milljónir punda í tryggingu, eða sem nemur um 38 milljörðum króna. Björgólfur fullyrðir að beðið hafi verið um lán í Seðlabankanum fyrir þessu sunnudaginn 5. október.

Seðlabankinn segir að daginn eftir hafi bankastjórn Landsbankans óskað eftir fyrirgreiðslunni. Þar hafi bréflega verið óskað 200 milljóna punda vegna þess að peningar væru teknir út úr útibúi Landsbankans í Bretlandi. Einnig hefði verið óskað eftir 53 milljónum punda í viðbót vegna dótturfélags bankans í Lundúnum.

Þar voru Icesave-reikningar bankans í útibúi.

Seðlabankinn segir enn fremur að óvíst hefði verið að féð hefði dugað og bankinn hefði getað þurft meira en hann upphaflega bað um.



**BJÖRGÓLFUR THOR BJÖRGÓLFSSON** Fullyrðir að bankastjórar Seðlabankans, sem og þeir ráðherrar sem hafa unnið að úrlausn vanda íslenskra fjármálafyrirtækja, hafi vitað um boð breskra yfirvalda um flýtimeðferð, til að gera Icesave að bresku fyrirtæki.

Geir H. Haarde forsætisráðherra segist ekki vita hvaða skilyrði breska fjármálaeftirlitið hafi sett fyrir að koma Icesave-reikningunum í skjól þar í landi.

Björgólfur Thor sendi frá sér yfirlýsingu síðdegis í gær, í kjölfar yfirlýsingar Seðlabankans. Þar segir hann talsvert aðra sögu en Seðlabankinn og forsætisráðherra. Hann segir að bankastjórum Seðlabankans hafi verið kunnugt um boð breska fjármálaeftirlitsins um flýtimeðferð til að koma Icesave-reikningunum í breskt skjól. Sama segir hann um þá ráðherra í ríkisstjórn Íslands sem helst hafi unnið að úrlausn vanda íslenskra fjármálafyrirtækja. **- ikh**

Sérfræðingahópur ráðherra:

## Skoðar vanda lántakenda

**EFNAHAGSMÁL** Hópur sérfræðinga mun á næstu dögum og vikum skoða vanda íslenskra lántakenda vegna verðtryggingarinnar og finna leiðir til að bregðast við.



**GYLFI ARNBJÖRNSSON**

Jóhanna Sigurðardóttir félagsmálaráðherra skipaði sérfræðingahópinn í gær. Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, mun leiða hópinn. Gylfi segir að hópurinn muni skila tillögum til ráðherra jafnóðum.

Í hópnum sitja auk Gylfa þau Edda Rós Karlsdóttir hagfræðingur, Ragnar Önundarson viðskiptafræðingur, Vilborg Helga Júlíusdóttir hagfræðingur og Þorkell Helgason stærðfræðingur. **- bj**



**LÖGREGLAN Á VETTVANGI** Lík drengsins fannst í bifreið sem hafði verið leitað. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Harmleikur í Chicago:

## Systursonurinn fannst látinn

**BANDARÍKIN, AP Lögreglan í Chicago fann í gær lík ungs drengs í bifreið sem leitað var í tengslum við hvarf sjö ára gamals systursonar söngkonunnar Jennifer Hudson.**

**Drengsins, sem hét Julian, hafði verið leitað síðan á föstudag, en sama dag voru bróðir og móðir söngkonunnar myrt á heimili þeirra í Chicago.**

**William Balfour, fyrrverandi stjúpfaðir drengsins, er grunaður um verknaðinn og er í haldi lögreglunnar.** **- gb**

**Neytendur:** Of hátt verð var leiðrétt hjá Hjólbarðaþjónustu Hafnarfjarðar

# Skaut yfir markið og leiðrétti



**KJARTAN GUÐMUNDSSON**
**STAÐGENGILL UMBOÐSMANNS NEYTENDA**

Sendið umboðsmanni neytenda ábendingar eða sparnaðarráð á neytendur@frettabladid.is

Fátt er ánægjulegra en þegar fólk tekur ábendingum Neytendahornsins fagnandi og leiðréttir samkvæmt því. Á föstudaginn var sagði af óánægju Lúðvíks Þorfinnssonar með verð á umfelgun hjá Hjólbarðaþjónustu Hafnarfjarðar. Lúðvík taldi verkið hafa verið auglýst á 4.990 krónur, en hann var rukkaður um 8.990 krónur vegna stærðar dekkjanna, sem eru 17 tommur.

Hörður Þráinsson hjá Hjólbarðaþjónustu Hafnarfjarðar hafði samband og lét í ljós mikla ánægju, bæði með ábendinguna og umboðsmann neytenda almennt. Hann segir umfelgun hjá sér reyndar auglýsta *frá* 4.990 krónum en ekki á 4.990 krónur, en í verðbreytingum í síðustu viku hafi hann skotið heldur yfir markið með 17 tommu dekkin.

Hörður hefur því lækkað verðið úr þeim 8.990 krónur sem Lúðvík greiddi niður í 6.990 krónur. Auk þess hafði Hörður samband við Lúðvík og tjáði honum að mismuninn biði eftir honum á verkstæðinu. Hörður vonar enn fremur að sem fæstir hafi orðið fyrir barðinu á þessari of háu verðlagningu. Hann segir reksturinn byggjast á því að vera heiðarlegur og sanngjarn sem er mottó sem ótal fleiri mættu óhikað tileinka sér.



**UMRÆÐUR UM UMFELGUN** Of hátt verð, sem Lúðvík Þorfinnsson þurfti að borga í síðustu viku, hefur verið leiðrétt. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Kvenfélag Kópavogs:

## Eldar ofan í nýbakaða foreldra

**SAMFÉLAGSMÁL** „Við ætlum að vera svolítið huggulegar við ráðgjafana og unga fólkið og elda svolítið fyrir það,“ segir Elísabet Magnúsdóttir, formaður Kvenfélags Kópavogs. Þar í bæ er nú boðið upp á námskeið fyrir verðandi og nýbakaða foreldra í sal kvenfélagsins í Hamraborg 10.

Kópavogsbær kostar námskeiðið sem hefst á miðvikudag en ÓB ráðgjöf hefur veg og vanda af því í samstarfi við heilsugæslustöðvar, kirkjur og kvenfélagið.

Ólafur Grétar Gunnarsson, fjölskylduráðgjafi hjá ÓB ráðgjöf, segir námskeiðinu ætlað að hjálpa væntanlegum og nýorðnum foreldrum að rækta parasambandið samhliða foreldrahlutverkinu. **- jse**

# VAXTALAUSIR DAGAR













## SEGJUM VERÐBÓLGUNNI STRÍÐ Á HENDUR

Nú getur þú eignast rúmið sem þig langar í og skipt greiðslunni niður á 18 mánuði með Visa eða Euro og ekki greitt krónu í vexti.







## AMERÍSKAR HEILSUDÝNUR Í HÆSTA GÆÐAFLOKKI.

Rekkjan hefur frá upphafi selt bandarísku heilsurúmin frá King Koil sem þykja með þeim allra bestu í heiminum í dag. Sem dæmi má nefna að dýnurnar frá King Koil eru þær einu á markaðnum í dag sem eru með vottun frá FCER (Alþjóða rannsóknarsamtök kíroprak-tora) og Good housekeeping sem eru stærstu neytendasamtök í Bandaríkjunum.

COMFORT solutions®
By King Koil®

LIMITED WARRANTY TO CONSUMERS
Good Housekeeping Promises
REPLACEMENT OR REFUND IF DEFECTIVE

rekkjan

HEILSURÚM

Rekkjan ehf ·· Suðurlandsbraut 48 (Bláu húsin í Faxafeni) ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is ·· Opið virka d. 10–18 og lau 11–16

## VEISTU SVARIÐ?



*1. Hversu margir erlendir brotamenn og hælisleitendur hafa verið sendir úr landi í lögreglufylgd það sem af er árinu?*

*2. Hvað heitir óháði forsetaframbjóðandinn í Bandaríkjunum?*

*3. Hvaða Íslendingur skoraði þrennu í sigurleik Stabæk gegn Vålerenga á sunnudaginn?*

SJÁ SVÖR Á SÍÐU 26

Sýrlensk stjórnvöld fordæma árás Bandaríkjahers á þorp í Sýrlandi um helgina:

# Fjögur börn sögð hafa látist

**SÝRLAND, AP** Bandaríski herinn gerði á sunnudag skyndiárás á þorpið Sukkiraya í Sýrlandi, skammt frá landamærum Íraks. Sýrlensk stjórnvöld fordæma árásina og segja átta manns hafa látið lífið, þar af fjögur börn.

„Við erum að taka málin í okkar hendur,“ segir heimildarmaður AP-fréttastofunnar, sem er yfirmaður í bandaríska hernum í Washington, en vill þó ekki láta nafns síns getið. Hann staðfestir að sérsveitir Bandaríkjahers hafi ráðist á þorpið á sunnudag og segir árásina merki um breyttar áherslur í stríði Bandaríkjahers gegn hryðjuverkamönnum.



**ÚTFÖR ÞEIRRA SEM FÉLLU** Í gær voru átta manns, þar af fjögur börn, borin til grafar í Sýrlandi, daginn eftir árásina. NORDICPHOTOS/AFP

Árásin hafi beinst að erlendum vígamönnum tengdum Al-Kaída, sem fari um Sýrland til Íraks að taka þátt í stríðinu þar. Árásin var gerð skammt frá landamæraborginni Qaim í Írak.

Sýrlendingar segja að bandarískir hermenn hafi komið á fjórum þyrlum, gert árásina og haldið strax aftur á brott.

Árásin þykir minna á aðra árás bandaríska hersins, hinn 3. september í haust, innan landamæra Pakistans. Í þeirri árás létu á þriðja tug manna lífið og meðal þeirra voru almennir borgarar.

Stjórnvöld í Pakistan hafa harðlega gagnrýnt þessa árás, en fram hefur komið að í júlí síðastliðnum heimilaði George W. Bush árásir á skotmörk innan landamæra Pakistans. - gb

Réttarhöld í Guantanamo:

# Fanginn þegir þunnu hljóði

**BANDARÍKIN, AP Réttarhöld yfir Ali Hamsa Al-Bahlul, sem hefur verið í haldi Bandaríkjahers við Guantanamo á Kúbu síðan árið 2002, neitar að taka þátt í réttarhöldum sem áttu að hefjast í gær.**

**Hann vill fá að verja sig sjálfur og neitar að þiggja aðstoð lögmanns sem bandaríska varnarmálaráðuneytið útvegaði honum. Lögmaðurinn, David Frakt, skýrði frá þessu við upphaf réttarhaldanna og sagðist virða óskir skjólstæðings síns. Lögmaðurinn hefur því einnig setið þögull við réttarhöldin sem óvíst er hvort geti haldið áfram.** - gb

Árásin á Hverfisgötu:

# Fleiri árásarmanna leitað

**LÖGREGLUMÁL Lögregla telur að árásarmennirnir sem réðust inn á landa sína á Hverfisgötu um helgina séu fleiri en upphaflega var talið, eða sex til átta talsins. Einn hinna grunuðu, maður á þrítugsaldri situr nú inni. Ekki hafði verið tekið ákvörðun síðdegis í gær um hvort gæsluvarðhalds yrði krafist. Bæði meintir árásarmenn og fórnarlömbin eru frá Lettlandi.**

**Mennirnir ruddust grímuklæddir inn í hús við Hverfisgötu um nýliðna helgi. Þeir réðust með bareflum á fjóra menn sem þar voru inni. Tveir þeirra sem ráðist var á voru fluttir á slysadeild með áverka eftir bareflin. Hinir tveir voru einnig með áverka en þáðu ekki aðstoð lögreglu við að leita sér læknis.** - jss

Aðalfundur Landssambands útvegsmanna:

# Engar líkur á stuðningi við evruna

**EFNAHAGSMÁL** „Sú forsenda að stjórnun á auðlindinni verði ekki færð frá landanum ræður algjörlega afstöðu útvegsmanna um aðildarviðræður við Evrópusambandið,“ segir Björgólfur Jóhannesson, formaður LÍÚ.



**BJÖRGÓLFUR JÓHANNESSON**

Björgólfur segir engar líkur á að útvegsmenn taki afstöðu með upptöku evru á aðalfundi LÍÚ sem haldinn verður fimmtudag og föstudag næstkomandi. Engin sérstök tilhneiging sé hjá útvegsmönnum að horfa til Evrópu nú. „Það gæti breyst ef lægi fyrir að Íslendingar héldu fullum yfirráðum yfir auðlindinni. Það bendir ekkert til þess.“

Að undanförnu hefur Friðrik Már Baldursson, prófessor við Háskólann í Reykjavík, farið fyrir nefnd sem skoðar kosti og galla upptöku evru út frá hagsmunum sjávarútvegsins. Hvað sem út úr því kemur segir Björgólfur að afdráttarlaus afstaða verði ekki tekin undir núverandi kringumstæðum. „Það verður ekki á þessum tímamótum. Það er aldrei holt að taka svona stóra ákvörðun fyrir land og þjóð í slíkri óvissuástöðu sem við erum nú í. Við hljótum að þurfa að vega það og meta við allt aðrar aðstæður.“ - hhs



**GEIR H. HAARDE** Forsætisráðherra segist geta borið ábyrgðina á því að hafa ekki séð nógu langt fram í tímann. MYND/NORDEN.ORG

# Ísland uppfylli skilyrði Maastricht

**Íslensk stjórnvöld hafa óskað formlega eftir láni frá hinum Norðurlandaþjóðunum. Óvíst hve há upphæðin er. Forsætisráðherra vill að Íslendingar setji sér markmið um að uppfylla Maastricht-skilyrðin.**

**EFNAHAGSMÁL** Norrænu forsætisráðherrarnir ákváðu á fundi sínum á Norðurlandaráðsþingi í Finnlandi í gær að skipa starfshóp til að vinna að tillögum um hvernig norrænu þjóðirnar geti á samræmdan hátt aðstoðað Íslendinga við að vinna á efnahagsvandanum. Þetta verður gert í samstarfi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og fleiri þjóðir, til dæmis Japana. Norrænu forsætisráðherrarnir nefna ekki neinar lánsupphæðir. Geir H. Haarde forsætisráðherra segir að Íslendingar hafi óskað formlega eftir stuðningi hinna Norðurlandaþjóðanna á föstudaginn var en vill ekki greina í smáatriðum frá því hvað beðið var um.

Geir segist vera ánægður með niðurstöðu fundar forsætisráðherranna og bendir á að nú sé málið komið í farveg. „Það er skammt síðan við ákváðum að ganga til liðs við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og þess vegna var ekki við því að búast að það kæmu ákveðnar tölur út úr þessum fundi. Viðbrögðin eru jákvæð. Menn hafa skilning á okkar vandamálum. Ráðherrarnir ætla í gegnum þá embættismannanefnd sem við höfum ákveðið að setja á laggirnar að reyna að finna niðurstöðu sem öllum líkar,“ segir hann.

Seðlabanki Íslands hefur skrifað seðlabönkum hinna Norðurlandaþjóðanna bréf og óskað eftir aðstoð. Geir segir að bankarnir njóti mikils sjálfstæðis og verði sjálfir að komast að niðurstöðu. „Það má segja að það sé verið að vinna þetta mál á tveimur vígstöðvum í hverju landi fyrir sig,“ segir hann.

Geir segir sjálfsagt að skoða Evrópumálin þegar þjóðin er komin í gegnum fjármálakreppuna. Hann telur að aðild að Evrópusambandinu sé ekki svar við vandamálunum. Hann telur heldur ekki að þjóðin hefði verið í annarri stöðu ef Íslendingar hefðu verið innan ESB. „Ég held að við ættum að leggja Evrópumálin til hliðar í bili og reyna að leysa aðsteðjandi vanda,“ segir hann og bendir á að stjórnvöld séu að vinna í því að koma gjaldeyrismarkaðnum af stað þannig að eðlilegt gengi myndist fyrir krónuna.

„Það er okkar verkefni núna. Spurningum um Evrópumál og myntina er ekki hægt að svara fyrr en eftir nokkur ár. Ég vil þó bæta því við að ég tel mikilvægt fyrir okkur núna að setja okkur það markmið að uppfylla Maastricht-skilyrðin eins fljótt og við getum vegna þess að það er almennt skynsamleg efnahagspólitík að gera það,“ segir hann.

Geir var spurður að því í dag hverjir beri ábyrgðina á þróuninni. Hann segir að Íslendingar muni ræða hverjir bera ábyrgðina þegar þjóðin sé komin í gegnum kreppuna. Nú sé unnið í að leysa vandamálin frá degi til dags. Margir beri ábyrgð, þar á meðal hann sjálfur, en hann sé ekki ábyrgur fyrir alþjóðlegu fjármálakreppunni. „Ég get borið ábyrgðina á því að hafa ekki séð nógu langt fram í tímann,“ segir hann.

ghs@frettabladid.is




# Menntun er þinn auður!



## Almennt tölvunám

Sérstaklega hagnýtt námskeið fyrir þá sem eru komnir af byrjunarstiginu og eru að nota tölvu í vinnunni eða heima. Tilvalið námskeið fyrir þá sem þurfa að auka öryggi sitt í allri tölvuvinnu með aukinni þekkingu, hraða og færni. Windows, Word, Excel, Internet og Outlook tölvupóstur

- *Lengd 63 std Verð kr. 44.900,- Allt kennsluefni innifalið.*
- *Hefst 3. nóv og lýkur 10. des , kennt er tvisvar í viku, morgun og kvöldnámskeið í boði.*

## Vefsíðugerð – grunnur

Vinsælt námskeið ætlað byrjendum í vefsmíði og fólki sem vill koma sér upp einfaldri og þægilegri heimasíðu með sérstakri áherslu á myndgerð og myndanotkun á heimasíðunni. Kennt er á algengustu forritin sem notuð eruð til vefsmíða og myndvinnslu fyrir vefinn, Dreamweaver og Photoshop.

- *Lengd 47 std Verð kr. 49.000,- Allt kennsluefni innifalið.*
- *Hefst 5. nóv og lýkur 3. des , kennt er tvö kvöld í viku, mán og mið kl 18 – 21:30*

## Grafísk hönnun

Vinsælt og hagnýtt nám fyrir skapandi fólk.
Kennt er á mest notuðu hönnunarforritin í dag.

- **Photoshop**
- **Illustrator**
- **InDesign**

*Lengd 105 std Verð kr. 116.000,- Allar kennslubækur innif.*
*Hefst 28. október, kennt er þri og fim kl 18 – 21:30*
*og annan hvern lau kl 9-12:30*

## Stafrænar myndavélar

Vinsælt þriggja kvölda námskeið um stafrænar myndavélar og um meðhöndlun og geymslu stafrænna mynda í heimilistölvunni. Stillingar myndavéla, myndir fluttar í tölvu, skipulag myndasafns og lagfæringar mynda. Heimaprentun/framköllun, myndir sendar í tölvupósti og brenndar á diska o.fl.

*Lengd 14 std Verð kr. 15.000,-*
*Kennslubók innifalin. Hefst 29. okt.*



| Stök forrit | St.fj | Verð | Hefst |
|---|---|---|---|
| *Excel frh. (Stjórn og skipulag)* | 14 | 24.500,- | 4. nóv |
| *Photoshop – grunnur* | 21 | 24.500,- | 5. nóv |
| *Word ritvinnsla* | 21 | 24.500,- | 5. nóv |
| *Flash* | 21 | 24.500,- | 5. nóv |
| *Excel grunnur* | 21 | 24.500,- | 19. nóv |
| *Dreamweaver* | 26 | 29.000,- | 19. nóv |
| *Office 2007 kynning* | 5 | 7.900,- | 3. nóv |

## Eldri borgarar 60+ Grunnnámskeið

*Lengd 30 std Verð kr. 20.500,- Kennslubók innifalin.*
*Hefst 5. nóvember, kennt er mán og mið kl. 13 – 16*

## Eldri borgarar 60+ Framhald

*Lengd 30 std Verð kr. 20.500,- Kennslubók innifalin.*
*Hefst 6. nóvember, kennt er þri og fim kl. 13 – 16*

Microsoft GOLD CERTIFIED Partner
Learning Solutions
Networking Infrastructure Solutions

TÖLVUSKÓLINN
isoft-þekking

*Skeifan 11B • 108 Reykjavík • Sími 511-3080 • isoft@isoft.is • www.isoft.is*

www.smidjan.is



**HÁTÍÐ Í GEORGÍU** Á sunnudaginn mátti sjá og heyra þessa prúðbúnu hljóðfæraleikara taka þátt í hátíðarhöldum í gamla bænum í Tiblisi, höfuðborg landsins. NORDICPHOTOS/AFP

Ekki annað hægt en að setja gengið í hendur markaðarins segir sérfræðingur:

# Óvíst er hversu mikið lánsfé þarf

**EFNAHAGSMÁL** Veruleg óvissa er um hversu háar upphæðir íslenska ríkið þarf að fá að láni til að bregðast við fjármálakreppunni, en fáist samtals sex milljarðar Bandaríkjadala ætti að vera borð fyrir báru og tryggt að ríkið komist ekki í gjaldeyrisþröng.

Þetta kom fram í máli Friðriks Más Baldurssonar, prófessors við Háskólann í Reykjavík, í gær. Hann hefur haft umsjón með viðræðum Íslands við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn (IMF). Fyrir liggur samkomulag stjórnvalda við sendinefnd IMF um tveggja milljarða Bandaríkjadala lán, en stjórn sjóðsins þarf að samþykkja lánið áður en það verður að veruleika.

Friðrik var boðaður á opinn fund efnahags- og skattanefndar til að ræða samkomulag ríksins við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Ásgrímur Stefánsson, sem samræmt hefur aðgerðir vegna kreppunnar fyrir hönd forsætisráðherra, var einnig boðaður til fundarins.

Friðrik sagði ekki annað í stöðunni en að setja gengi krónunnar á flot en jafnframt grípa til aðgerða til að ná tökum á sveiflum í genginu. Taka verði eitt skref í einu, en fyrsta skrefið sé að láta gengi krónunnar ráðast á markaði.

Hann sagði að lánsfé frá IMF yrði ekki notað til að endurreisa bankana, heldur verði það hluti af stórefldum gjaldeyrisvarasjóði. Markmiðið sé að endurvekja traust á íslenskum efnahag og tryggja stöðugt gengi krónunnar. - bj



**OPINN FUNDUR** Efnahags- og skattanefnd boðaði þá Friðrik Má Baldursson (til vinstri) og Ásmund Stefánsson á opinn fund nefndarinnar í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Skoðanakannanir í Ísrael:

## Livni á auknu fylgi að fagna

**ÍSRAEL, AP** **Nýjar skoðanakannanir í Ísrael sýna að Tzipi Livni hefur aukið verulega fylgi sitt síðan hún gafst upp á að mynda nýja samsteypustjórn með sömu flokkum og voru í stjórn forvera hennar, Ehuds Olmerts.**



TZIPI LIVNI

**Flokki hennar, Kadima, er nú spáð meira fylgi en Likudflokknum, flokki harðlínumannsins Benjamins Netanyahu, en undanfarið hafði fylgi Netanyahus farið vaxandi og hann virtist eiga góða möguleika á að verða forsætisráðherra að loknum kosningum.**

**Samkvæmt þessum skoðanakönnunum skiptast Ísraelar þó enn sem fyrr nokkurn veginn til helminga í fylkingar harðlínumanna annnars vegar og vinstrimiðjumanna hins vegar.** - gb

Minni bjórsala í Bretlandi:

## Færri Bretar þamba bjór

**BRETLAND, AP** Sala á bjór dróst mikið saman í Bretlandi í sumar miðað við sama tímabil í fyrra.

Samkvæmt upplýsingum frá Samtökum breskra kráareigenda dróst bjórsala saman um sjö prósent á þriðja fjórðungi ársins, eða frá júlí til september. Þetta þýðir að daglega voru seldir 1,8 milljón færri hálfs lítra bjórar sé salan borin saman við sama tímabil í fyrra. Rob Hayward, framkvæmdastjóri samtakanna, segir að samdráttinn megi rekja beint til versnandi efnahagsástands og minni kaupmáttar. Hann telur þó að reykingabann hafi einnig haft sitt að segja.

Árlegar tekjur breska ríkisins af bjórsölu hafa numið um níu milljörðum dollara. - th

# Metverðbólga og viðbúið að hún aukist

**Margra ára uppbygging kaupmáttar er horfin og verðbólgan mælist tæplega sextán prósent. ASÍ og Samtök atvinnulífsins segja lykilatriði að stöðugleiki komist á gengi krónunnar til að hægt verði að vinna á verðbólgudraugnum.**

**EFNAHAGSMÁL** Verðbólga mælist nú 15,9 prósent, og hefur hækkað um 1,9 prósentustig frá því í september. Verðbólgan hefur ekki verið hærri frá því í maí 1990. Þetta kemur fram í nýjum tölum frá Hagstofu Íslands.

Verðbólgan í október í fyrra var 4,5 prósent, og hefur því tæplega fjórfaldast á einu ári. Sé ekki tekið tillit til hækkunar á húsnæðisverði mælist verðbólgan nú 17,8 prósent.

„Þetta er auðvitað skelfileg staða,“ segir Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ. Hann segir hagspá sambandsins gera ráð fyrir því að verðbólgan geti hækkað enn meira á næstunni. Til að bregðast við þessu verði að setja markmið um styrkingu krónunnar á oddinn.

„Ef það tekst ekki eru einfaldlega allt of skelfilegir tímar framundan,“ segir Gylfi.

Aukin verðbólga þýðir skerðingu kaupmáttar og hækkun á greiðslubyrði lána. Það eitt og sér er skelfilegt, en þegar við bætist aukið atvinnuleysi þýði það mjög alvarlega stöðu fyrir mörg heimili, segir Gylfi.

„Það er auðvitað ergilegt að margra ára uppbygging kaupmáttar hverfi með þessum hætti, og ábyrgð þeirra sem leiddu okkur út í þessa stöðu er auðvitað mikil.“

Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, segir verðbólguna allt of mikla. Ekki sé hægt að búast við því að hún minnki fyrr en jafnvægi komist á gengi íslensku krónunnar, sem sé allt of lágt.

Hann segir mikilvægt að samningar stjórnvalda við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og fleiri um lán gangi eftir sem fyrst til að stöðugleiki komist á gengi krónunnar.

Í tilkynningu frá Hagstofunni kemur fram að verð á mat og drykkjarvöru hafi hækkað um 4,3 prósent, og verð á fötum um 4,9 prósent.

Á síðustu tólf mánuðum hefur verð á mat- og drykkjarvörum hækkað um 24,5 prósent, samkvæmt upplýsingum frá ASÍ.

Kostnaður vegna eigin húsnæðis lækkaði um 1,3 prósent vegna lækkandi markaðsverðs.

Athygli vekur að sökum þess að nýskráningar bíla hafa svo gott sem stöðvast hefur ekki verið tekið tillit til breytinga á verði bíla við útreikninga á verðbólgunni.

Verðbólgan sýnir breytingar á vísitölu neysluverðs síðustu tólf mánuðina. Vísitalan mælir breytingar á verðlagi einkaneyslu hér á landi, og byggist á neyslurannsóknum.

brjann@frettabladid.is






VILHJÁLMUR EGILSSON



GYLFI ARNBJÖRNSSON



**HERRA OG FRÚ KUBELIUS** Andriue Kubelius ásamt eiginkonu sinni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Stjórnarskipti Litháen:

## Kubelius reynir hægristjórn

**LITHÁEN, AP** Andrius Kubelius, leiðtogi íhaldsmanna í Litháen, tók í gær að sér að mynda nýja ríkisstjórn með þremur öðrum miðju- og hægriflokkum.

Kubelius er fyrrverandi forsætisráðherra landsins, en hefur verið áratug í stjórnarandstöðu. Seinni umferð þingkosninga var á sunnudaginn, og varð íhaldsflokkurinn stærstur flokka á þingi.

Kubelius sagðist fyrir kosningar vilja mynda stjórn með sósíaldemókrötum, sem hafa verið í stjórn með vinstri mönnum síðan 2001. Ýmis hneyksli hafa hins vegar varpað skugga á sósíaldemókrata, auk þess sem blikur hafa verið á lofti í efnahagsmálum. - gb

**FINNLAND**

### Kjarnorkuverinu seinkar

Finnska kjarnorkufyrirtækið Teollisuuden Voima, TVO, hefur tilkynnt að það muni ekki ljúka kjarnorkuverinu Olkiluoto III, fimmta kjarnorkuveri Finna, fyrr en árið 2012. Kjarnorkuverið átti upprunalega að vera tilbúið árið 2009 en ýmislegt hefur orðið til að seinka vinnunni.

Sjö sjaldgæfir háhyrningar við strendur Washington-ríkis í útrýmingarhættu:

# Höfrungarnir týndir og líkast til dauðir

**SEATTLE, AP** Sjö háhyrningar af sjaldgæfri tegund eru týndir og líklega dauðir. Þetta telja vísindamenn, sem fylgjast náið með tegundinni, að geti verið ein mesta rýrnun í stofni þeirra í áratug.

Tegundin sem um ræðir heldur sig í Puget-sundi við strendur Washington-ríkis í Bandaríkjunum. Á síðustu áratugum hafa miklar sveiflur verið á stofni dýranna. Síðustu ár hefur þeim fækkað verulega. Árið 2005 voru þau sett á lista yfir dýr í útrýmingarhættu. Talið er að nú séu eftir lifandi 83 dýr.

Háhyrningar lifa í fjölskylduhópum. Meðal þeirra dýra sem ekki hafa sést síðan í talningu í fyrra eru tvær ungar kýr sem nýlega höfðu eignast kálfa. Hvarf þeirra veldur vonbrigðum, enda vonir bundnar við að þær ættu eftir að eignast fleiri afkvæmi.

Þessi tiltekna háhyrningategund er um margt ólíkum öðrum. Meðal annars tjá dýrin sig með öðrum hljóðum en aðrir háhyrningar, þau fjölga sér eingöngu innan stofnsins, nærast fyrst og fremst á tiltekinni tegund af laxi og halda sig ávallt við sínar heimaslóðir.

Líklega má rekja fækkunina í stofninum til fæðuskorts. Þó segja sérfræðingar að enn sé of snemmt að segja til um það með vissu. - hhs



**HÁHYRNINGUR** Einungis um 83 dýr eru nú talin vera eftir af sjaldgæfri háhyrningategund sem heldur sig við strendur Washington-ríkis.




**Til leigu**
iðnaðarhúsnæði

Um er að ræða um 417 fermetra húsnæði með 2 stórum innkeyrsluhurðum með rafmagnsopnun. Mikil lofthæð og góð aðkoma. Góð staðsetning við Vesturhraun í Garðabæ (hverfið á móti IKEA). Laust nú þegar.

**Upplýsingar í síma 480-0000**


Fiskisaga
GALLERÝ KJÖT
NÚ SEGJUM VIÐ... ÝSA VAR ÞAÐ HEILLIN
ENN EIN
DÚNDUR
VERÐ
SPRENGJA
ÞRIÐJUDAG OG MIÐVIKUDAG
...Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST!
550
ýsu-
flök
kr. kg
á meðan
birgðir endast
Ekki missa af þessu magnaða tilboði
sem við getum nú boðið lands-
mönnum, jafnvel í þetta eina skipti.
Nú er lag að rýma til í frystikistunni
og gera ótrúleg kaup á ýsu í soðið.
(Gildir í dag Þriðjudag og miðvikudag
eða á meðan birgðir endast.)
Á HÖFUÐB.SVÆÐINU: GRENSÁSVEGI • HÁALEITISBRAUT
HÖFÐABAKKA • SUNDLAUGARVEGI • NESVEGI • DALVEGI
Í REYKJANESBÆ:
VERSLUNARMIÐSTÖÐINNI FITJUM
Verslanir Gallerý kjöt og Fiskisögu eru opnar
– virka daga 11:00 – 18:30
– laugardaga 11:00 – 17:00

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
641 **-2,66%**

**Fjöldi viðskipta:** 63
**Velta:** 18 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **EIMSKIPAFÉLAGIÐ** | 2,34% | **BAKKAVÖR** | 29,17% |
| **ATORKA** | 1,54% | **FØROYA BANKI** | 3,45% |
| | | **ÖSSUR** | 1,52% |

**GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR:**

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Alfesca 3,80 +0,00% ... Atorka 0,66 +1,54% ... Bakkavör 5,10 -29,17% ... Eimskipafélagið 1,31 +2,34% ... Exista 4,62 +0,00% ... Icelandair Group 13,37 -0,37% ... Kaupþing 0,00 +0,00% ... Marel Food Systems 70,00 -1,27% ... SPRON 1,90 +0,00% ... Straumur-Burðarás 7,08 +0,00% ... Össur 84,50 -1,52%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Merlin selt á brunaútsölu

„Þetta var brunaútsala," segir Sverrir Berg Steinarsson, forstjóri Árdegis, sem átti og rak raftækjaverslanir Merlin í Danmörku þar til um helgina.

Árdegi seldi á sunnudag rekstur Merlin til Elbodan, einnar umsvifamestu raftækjaverslunar Danmerkur. Merlin óskaði eftir greiðslustöðvun í gær.

Árdegi keypti Merlin fyrir þremur árum og stokkaði reksturinn upp. Gert var ráð fyrir hagnaði nú, þeim fyrsta í tólf ár. Sverrir segir að í kjölfar yfirtöku ríkisins á viðskiptabönkunum þremur í byrjun mánaðar og gjörbeyttum aðstæðum í íslensku efnahagslífi hafi þau fyrirtæki sem tryggðu birgja Merlin fyrir úttektum fellt þær niður með þeim afleiðingum að vörur bárust ekki í verslanir.


SVERRIR BERG STEINARSSON

Þá segir Sverrir Árdegi hafa verið komið langt með sölu á Merlin þegar hremmingarnar riðu yfir. „Ég hefði aldrei trúað breytingunni sem varð eftir það á svo stuttum tíma. Allir sem ætluðu að kaupa Merlin drógu sig í hlé vegna óvissunnar."

Á endanum var ákveðið að fá Elbodan að borðinu á ný, sem keypti ákveðnar eignir af fyrirtækinu með um þrjátíu prósenta afslætti. Frekari útfærslu á sölunni er þó ólokið.

Sverrir segir Árdegi vera að fara yfir áætlanir sínar nú enda Merlin ein stærsta eign félagsins. Heildarvelta Árdegis nam um fjórtán milljörðum króna í fyrra. Þar af var velta Merlin tíu milljarðar króna. **- jab**

## Olíuverð lækkar, dregur úr notkun

Olíuverð hélt áfram að falla í gær og fór lægst í 61,3 dollara tunnan. Verðið hefur ekki verið lægra frá maí 2007. Ástæða lækkunarinnar er talin ótti við að fram undan sé djúp efnahagslægð um allan heim.

Á föstudag samþykkti OPEC að draga úr framleiðslu til að styðja við olíuverð, en verð féll um 11 prósent í síðustu viku.

Þrátt fyrir fallandi olíuverð hefur neysla á olíu haldið áfram að dragast saman í Bandaríkjunum. Þar í landi dróst akstur saman um 5,6 prósent milli ára í september. Það er mesti samdráttur síðan mælingar hófust. Á sama tíma hefur notkun almenningssamgangna aukist um 6,2 prósent. **- msh**

# Ættum ekki í gjaldmiðlakreppu með evrunni

Líklega væri nú staða fjármálakerfisins hér með öðru sniði hefði Ísland verið aðili að Evrópusambandinu (ESB) með evru sem gjaldmiðil og öruggt bakland í Seðlabanka Evrópu þegar óveðrið skall á. Þetta mat kemur fram í Morgunkorni, fréttabréfi Greiningar Glitnis.

Þar segir að landinn væri þá að minnsta kosti ekki að takast á við gjaldeyriskreppu og spurning væri hvort hér væri bankakreppa, eins og raunin er.

„Forsætisráðherra Írlands sagði fyrir skömmu að aðild að ESB og upptaka evrunnar hefði bjargað Írlandi frá því að hljóta sömu örlög og Ísland í fjármálakreppunni. Þá var Ungverjaland talið standa skör framar meðal þeirra ríkja sem leitað hafa til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (IMF) vegna þeirrar verndar sem Ungverjar njóta nú þegar í gegnum aðild sína að ESB. Enda kom Ungverjaland að opnum dyrum í Seðlabanka Evrópu og hlaut fimm milljarða evra fyrirgreiðslu til að styðja við gjaldmiðilinn sinn, forintuna, sem hefur líkt og aðrar hávaxtamyntir verið undir miklum þrýstingi undanfarnar vikur. Það má öllum vera ljóst að Ísland hefði fengið meiri


**GJALDMIÐLARNIR VEGNIR** Greining Glitnis bendir á það mat Íra að evran hafi líkast til forðað þeim frá örlögum Íslands.

stuðning frá Evrópuþjóðum og Seðlabanka Evrópu ef við hefðum verið aðilar að Evrópusambandinu. Þetta hlýtur að vega þungt þegar við munum skoða hvernig hægt verði að koma í veg fyrir að atburðarás síðustu vikna endurtaki sig," segir enn fremur í fréttabréfi greiningardeildarinnar.

Þar segir einnig að aðild að Evrópusambandinu kunni að skjóta frekari stoðum undir þá miklu uppbyggingu fjármála- og hagkerfisins sem nú standi fyrir dyrum hér á landi. Reynsla Svía og Finna bendi eindregið í þá átt að stefnuyfirlýsing stjórnvalda þess efnis að nú skyldi stefnt að aðild virtist hafa lyft grettistaki í þeirri endurskipulagningu sem átti sér stað í kjölfar bankakreppunnar sem reið þar yfir. **- bih**

# Viðskiptanefnd ræðir hvort stefna eigi Bretum

**Tryggingasjóður á að greiða út bætur til innstæðueigenda Icesave-reikninga, samkvæmt ákvörðun Fjármálaeftirlitsins í gær. Meta þarf hvert tilvik og það getur tekið upp undir níu mánuði. Óvíst er hvort sjóðurinn klárast eða hvort tekið verður lán til þess að standa undir skuldbindingum. Viðskiptanefnd ræðir á morgun hvort stefna eigi Bretum vegna Icesave-málsins.**


**Á FUNDI Í UTANRÍKISRÁÐUNEYTINU** Frá fundi 11. þessa mánaðar í utanríkisráðuneytinu þar sem sendinefnd breskra embættismanna ræddi um Icesave við íslenska embættismenn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Nú getur hver og einn innstæðueigandi á reikningum Icesave gert kröfu á hendur sjóðnum," segir Eiríkur Elís Þorláksson, lögmaður Tryggingasjóðs innstæðueigenda.

Fjármálaeftirlitið ákvað í gær að greiðsluskylda hefði stofnast hjá sjóðnum vegna Icesave-reikninganna í Bretlandi og Hollandi þegar reikningarnir lokuðust í byrjun mánaðarins. Ætla má að um 400 þúsund manns eigi innstæðu á svona reikningum.

Eiríkur Elís segir að hver og ein krafa verði tekin fyrir og sjóðurinn hafi þrjá mánuði til að meta hverja um sig. Við sérstakar aðstæður sé hægt að lengja frestinn.

Í allt getur Tryggingasjóðurinn, eftir því sem næst verður komist, dregið það í níu mánuði að taka afstöðu til kröfu.

Deilt er um hversu mikla ábyrgð sjóðurinn ber, en honum er heimilt að taka lán til að standa undir skuldbindingum sínum. Sjóðurinn ætti að ábyrgjast innstæður að lágmarki 20.887 evrur. Verði lög um sjóðinn túlkuð þannig, má ætla að ábyrgð hans nemi um 600 milljörðum króna. Um nítján milljarðar króna eru í sjóðnum. Sumir segja að sjóðurinn eigi aðeins að ábyrgjast innstæður sem því nemur.

Áslaug Árnadóttir, stjórnarformaður sjóðsins, svaraði ekki skilaboðum í gær.

Breski innstæðutryggingasjóðurinn sagði á föstudag að eigendur Icesave-reikninga gætu tekið út af reikningum sínum innan fárra daga og sennilega megnið af innstæðunum í nóvember.

Talsmaður sjóðsins segir við Markaðinn að í kjölfar samtals Geirs H. Haarde forsætisráðherra og Darlings, fjármálaráðherra Breta, hafi sendinefnd farið þaðan hingað til lands til þess að ræða um þessi mál. Viðræðum sé lokið í bili en verði haldið áfram í náinni framtíð. Samtalið við talsmanninn skilst þannig að náðst hafi bráðabirgðasamkomulag um lyktir Icesave-málsins.

Alþingismenn sem Markaðurinn hefur rætt við hafa nefnt, eins og fram hefur komið í fréttum, að Bretar krefjist 600 milljarða króna af Íslendingum.

Stjórnvöld segjast ekki munu lúta þessum afarkostum. Viðskiptanefnd Alþingis kemur saman á morgun og ætlar meðal annars að ræða hvort stefna eigi Bretum vegna málsins. Meðal gesta nefndarinnar verða Stefán Már Stefánsson prófessor og Lárus Blöndal hæstaréttarlögmaður. Þeir hafa nýlega lýst því í blaðagrein að tryggingasjóðurinn eigi aðeins að ábyrgjast innstæður upp á þá upphæð sem í sjóðnum er.

ingimar@markadurinn.is

# Lausafé Bakkavarar fast

Hlutabréf Bakkavarar voru færð á athugunarlista Kauphallarinnar í gær.

Í tilkynningu segir þetta gert vegna umtalsverðrar óvissu varðandi félagið. Telji Kauphöllin hættu á ójafnræði meðal fjárfesta í kjölfar sjónvarpsviðtals við Lýð Guðmundsson, stjórnarformann félagsins, á laugardag.

Lýður sagði í samtali við Björn Inga Hrafnsson, viðskiptaritstjóra Fréttablaðsins í Markaðnum á Stöð 2, stöðu Bakkavarar erfiða. Allt laust fé fyrirtækisins, 150 milljónir punda, 30 milljarðar króna, hafi verið flutt heim og sett inn á reikning Kaupþings í lok september. Skömmu síðar hafi breska fjármálaeftirlitið ráðist inn í Kaupþing í Bretlandi. Það keyrði bankann í þrot og tók íslenska ríkið yfir innlenda starfsemi hans í kjölfarið. „Þetta fé er fast. Það fæst að sjálfsögðu einhvern tíma. Á meðan er staðan erfið," sagði Lýður, sem


**LÝÐUR OG ÁGÚST GUÐMUNDSSYNIR** Lýður Guðmundsson (t.h.) sést hér með Ágústi bróður sínum. Þeir stofnuðu Bakkavör fyrir 22 árum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

jafnframt er stjórnarformaður Existu, sem var stærsti hluthafi Kaupþings þegar bankinn féll.

Exista var stærsti hluthafi Bakkavarar með tæpan fjórutíu prósenta hlut. Þeir bræður Lýður og Ágúst, sem stofnuðu fyrirtækið árið 1986, keyptu félagið af Existu 10. október síðastliðinn fyrir tæp 8,4 milljarða króna.

Gengi bréfa Bakkavarar féll um 27,78 prósent í Kauphöllinni í gær í þremur viðskiptum upp á rúma 1,2 milljónir króna í gær. **- jab**

# Erlendir birgjar sýna skilning

**Framkvæmdastjóri Fata og skóa segir útilokað að stunda hér atvinnurekstur með krónu og sér ekki annað fram undan en evru og Evrópusambandsaðild.**

„Ef við eigum fyrir launum, kostnaði og leigu erum við sátt. Við ætlum að lifa þetta af og viljum að kúnnarnir geti áfram verslað við okkur," segir Hákon Hákonarson, framkvæmdastjóri fyrirtækisins Föt og skór, sem rekur meðal annars Herragarðinn og Hugo Boss.

Hákon auglýsti fyrir helgi að allar vörur í verslunum hans yrðu seldar með 20 prósenta afslætti út árið og lofaði að engar hækkanir yrðu hvað sem á dyndi. „Ef við færum að verðleggja allt eftir gengisvísitölunni 200 færi verðið algjörlega út í korti og salan myndi hrynja. Varan verður að vera á því verði sem fólk ræður við. Við sömdum því við okkar birgja um að þeir tækju á sig hluta gengishrunsins."

Forsenda hagstæðra samninga segir Hákon vera traust og löng viðskiptasambönd. „Ég hef verið að selja þessi merki í áratug, aukið markaðshlutdeild þeirra og menn vilja halda góðum viðskiptasamböndum. Ég hef ekki getað sent greiðslur út í tvær vikur, en birgjarnir sýna því skilning, enda ríkir gagnkvæmt traust á milli okkar."

Hákon segist ekki óttast um jólaverslunina, og segist „þokkalega bjartsýnn". Íslendingar muni líklega fara minna í verslunarferðir til útlanda fyrir þessi jól. Í staðinn muni jafnvel útlendingar koma til Íslands til að nýta sér lágt gengi krónunnar. „Útlendingarnir streyma inn, því nú fá þeir merkjavöru hér á Íslandi á langlægsta verði í heiminum. Jakkaföt sem kosta 60 þúsund hjá okkur kosta 100 þúsund í Danmörku."


**ÚR KRINGLUNNI** Hákon Hákonarson, framkvæmdastjóri fyrirtækisins Föt og skór, segir erlenda birgja hafa sýnt sér skilning, og að „kannski hafi hjálpað að enginn þeirra sé í Bretlandi". MARKAÐURINN/VILLI

Hákon vonast til þess að ástandið lagist fljótlega og gjaldeyrisviðskipti komist í eðlilegt horf, „en maður sér ekkert fram undan annað en að það verði sótt um aðild að Evrópusambandinu og tekinn upp nýr gjaldmiðill. Það er algjörlega útilokað að stunda atvinnurekstur með þennan gjaldmiðil." **- msh**

# Hætta á langri kreppu

„Hætta er á að fjármagnsmarkaðir þiðni ekki jafnhratt og vonast var. Það mun hafa alvarleg áhrif á einkaneyslu, framleiðslu og atvinnustig. Afleiðingin yrði dýpri og lengri kreppa en óttast var," segir Klaus Schidt-Hebbel, aðalhagfræðingur Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD). Ummælin birtast í nýju tölublaði OECD Observer, sem kom út í gær, mánudag.

„Um miðjan september virðist allt traust hafa horfið úr fjármálakerfinu, sem hefur leitt til hruns millibankamarkaða og alþjóðlegra hlutabréfamarkaða," segir Schmidt-Hebbel, en tekur fram að stjórnvöld virðist gera sér ljóst hversu alvarleg ógnin sé og hafi gripið til samræmdra aðgerða. Aðgerðirnar telur hann að komi í veg fyrir að kreppan verði jafn alvarleg og síðasta heimskreppa á fjórða áratug 20. aldar.

Schmidt-Hebbel segir mikilvægasta lærdóm fjármálakreppunnar vera að ofurlaun stjórnenda hafi hvatt til óeðlilegrar áhættusækni, auk þess sem skortur á reglum og eftirliti hafi ýtt undir markaðsbresti og ógagnsæi í fjármálakerfinu. **- msh**

# Ódýrt í matinn

## *tökum slátur!*



fremstir fyrir bragðið

**ÓDÝRT OG GOTT!**

Keppurinn á ca. 70 kr.

# SLÁTURMARKAÐUR

í Hagkaup Skeifunni

Vegna mikillar eftirspurnar framlengjum
við markaðinum til **31. október**

## Afgreitt frá kl. 14 - 20*

* Á meðan birgðir endast

OPIÐ til 20 alla daga

HAGKAUP

*Ein ferð betra verð*

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Hvernig getur þjóðin tekið ábyrgð á stöðunni?

# Atkvæðið er vopn almennings

STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR SKRIFAR

Bið og óöryggi hefur einkennt líf þjóðarinnar þessar októbervikur. Bið eftir upplýsingum og óöryggi vegna þess að þær berast ekki. Boðað er að hlutir skýrist á morgun eða eftir helgi og fátt eitt gerist. Sagt er að aðrir hlutir komi í lag á morgun eða eftir helgi og í ljós kemur að þeir komast ekki í lag. Þarna nægir að nefna gjaldeyrisviðskiptin og stöðu peningamarkaðssjóða.

Enn óljósara eru svör við spurningum sem snerta fjarlægari framtíð, vikur eða jafnvel ár og áratugi. Margir eru hræddir um að standa uppi atvinnulausir á næstu mánuðum og vita ekki einu sinni hvort fyrirtækið sem þeir starfa hjá muni lifa kreppuna af. Fólk spyr einnig hver áhrif hruns bankanna verði á greiðslur úr lífeyrissjóðum eftir tvö ár, tíu ár eða tuttugu og hvernig hrun bankanna muni hafa áhrif á líf þeirra barna sem nú eru að vaxa úr grasi. Þetta eru aðeins örfá dæmi um spurningar sem taka til nálægrar og fjarlægrar framtíðar og brenna á mörgum Íslendingum. Í stuttu máli fær þjóðin ekki þau skilaboð frá stjórnvöldum að þau hafi tök á málum.

Mörgum var létt þegar tilkynnt var um aðkomu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, ekki síst vegna þess að það boðaði þó einhverja hreyfingu á málum sem verið höfðu í algerri kyrrstöðu. Enn er þó beðið eftir að í ljós komi hvað aðkoma sjóðsins þýðir í raun og veru og einnig hvort lán sjóðsins og hugsanlega einhverra annarra þjóða, muni yfirhöfuð nægja til að fleyta okkur yfir erfiðleikana.

Enn situr seðlabankastjórinn og enn situr forsætisráðherrann, formaður flokksins sem setið hefur við stjórnvölinn hér samfellt í sautján ár og hlýtur því að bera ábyrgð á þeirri peningastefnu sem hér hefur verið fylgt með þeim afleiðingum sem raun ber vitni. Vissulega er fjármálakreppa í öllum heiminum en augljóst er að óvíða, ef nokkurs staðar, kemur hún jafn hart niður og á Íslandi.

Síðustu daga hefur umræðan nokkuð beinst í þann farveg að íslenskur almenningur beri að einhverju leyti ábyrgð á því hvernig fór og vitanlega hafa ýmsir eytt um efni fram. Á hinn bóginn eru þeir líka margir sem brugðust við auknum kaupmætti með því að leggja ofurlítið fyrir. Fólk sem aldrei áður hafði átt nokkuð aflögu fór stolt í bankann sinn þáði ráðleggingar um hvernig sparað yrði með árangursríkustum hætti. Auðvitað er sá hópur í mun skárri stöðu en miðað við þá ábyrgð sem hann sýndi verður að segjast að honum hefur verið gefið langt nef.

Íslenskur almenningur ber ekki ábyrgð á hruni bankanna, ekki að öðru leyti en því að hver og einn ber ábyrgð á því hvernig hann ver atkvæði sínu í kosningum. Þjóðin ákvað að senda Framsóknarflokkinn heim í síðustu kosningum. Hins vegar veitti hún Sjálfstæðisflokknum áfram brautargengi til að vera í forystu í ríkisstjórn. Kjósendur þurfa að gera upp við sig hvort Sjálfstæðisflokkurinn hafi verið þess trausts verður áður en þjóðin gengur næst til kosninga.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* og Þorsteinn Pálsson *thorsteinn@frettabladid.is* AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

Fáðu ráðgjöf um tímareimaskipti

Er tímareimin komin á tíma?

Fast verð hjá Vélalandi

Skoðaðu fast verð hjá Vélalandi. Hringdu núna í síma 577-4500 og pantaðu tíma.

Verðdæmi um tímareimaskipti:

Nissan Patrol 2,8 dísil Árgerð 1992-2000
Heildarverð, varahlutur og vinna: 34.606 kr.

Toyota Land Cruiser 90 3,0D Árgerð 1997-2002
Heildarverð, varahlutur og vinna: 34.427 kr.

Toyota Corolla 1,6 bensín Árgerð 1997-2001
Heildarverð, varahlutur og vinna: 34.212 kr.

VW Golf 1,6AEE bensín Árgerð 1997-2006
Heildarverð, varahlutur og vinna: 36.213 kr.

Ford Focus 1,6 bensín Árgerð 1998-2005
Heildarverð, varahlutur og vinna: 39.958 kr.

Opið virka daga kl. 8:00 til 18:00
www.velaland.is

Vélaland sérhæfir sig í tímareimum. Komdu í Vélaland og fáðu ráðgjöf um skiptingu á tímareim. Vélaland skiptir fljótt og vel um tímareimina fyrir þig, á föstu verði.

Sjáðu hvar við erum. Hringdu núna í síma 577-4500 og pantaðu tíma.




VÉLALAND

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Til að forðast misskilning

Bubbi Morthens skrifar málsvörn fyrir Björgólf vin sinn Guðmundsson í Morgunblaðið í gær, þar sem hann þakkar honum fyrir að hjálpa sér að hætta að drekka og átelur þá sem vilja gera Björgólf að blóraböggli fyrir efnahagsástandið. Til að fyrirbyggja misskilning tekur Bubbi fram að hann eigi við Björgólf Guðmundsson „eldri“. Svona ef fólk skyldi rugla Björgólfi Guðmundssyni saman við Björgólf Thor Björgólfsson. Sem er yngri.



### Í góðri æfingu

Guðjón Gunnarsson, fagsviðsstjóri hjá Matvælastofnun, kynnir í dag skýrslu um umgengni og hreinlæti í íslenskum fiskvinnslum. Á vef umhverfis- og samgöngusviðs Reykjavíkurborgar segir að á heildina litið séu niðurstöður skýrslunnar ágætar. Þó sé ýmislegt sem betur mætti fara, til dæmis sé handþvotti ábótavant í íslenskum fiskvinnslum. Er hér ekki komið rakið verkefni fyrir bankaforkólfa í fjárþörf, sem keppast nú við að þvo hendur sínar af öllu sem hefur farið úrskeiðis og ætti ekki að verða skotaskuld úr því að kenna fiskverkafólki til verka.



### Tæpt hjörl

Ralph Naider, hinn sígræni og óháði forsetaframbjóðandi vestur í Bandaríkjunum, er sagður hafa slegið ræðumet sem skráð verður í Heimsmetabók Guinness, þegar hann talaði samtals í að minnsta kosti 255 mínútur á 21 stað í Massachussets-ríki á laugardag. Það þýðir að Naider hafi látið dæluna ganga í fjórar klukkustundir og fimmtán mínútur. Væri eingöngu miðað við mínútufjöldann væri Naider þó langt frá því að slá heimsmet. Hann kæmist ekki einu sinni í tæri við Íslandsmetið, sem græninginn Hjörleifur Guttormsson sló á Alþingi árið 1991 þegar hann talaði sleitulaust í hálfa sjöttu klukkustund um sín hjartans málefni.

bergsteinn@frettabladid.is

# Fólk framtíðarinnar



JÓNÍNA MICHAELSDÓTTIR

Í DAG | Íslenskt samfélag

Það er margt sem maður sleppir núna og saknar ekki. Fattar allt í einu að maður hefur jafnvel verið að kaupa eitt og annað sem mann langar ekki einu sinni í,“ sagði vinur minn á sautjánda ári, þegar ég spurði hvernig hann og skólafélagar hans upplifðu ástandið í þjóðfélaginu.

„Nú spáir maður meira í hvað maður borgar fyrir,“ sagði hann. „Margir hafa farið á McDonalds í hádeginu eða verslað í skólabúðinni þar sem allt er helmingi dýrara en í Bónus. Ég hef yfirleitt keypt mér næringu í Bónus og ekki hitt marga úr skólanum þar. Núna standa skólasystkini mínir hins vegar í biðröð við kassann í þeirri búð og eru meira að segja farin að kvarta yfir verðinu. Sjálfur skoðaði ég með nýjum augum hollustusamlokuna sem ég keypti í Bónus á 230 krónur. Þetta eru tvær brauðsneiðar, með káli á milli og einu og öðru sem til er í ísskápnum heima. Nú útbý ég fimm samlokur á hverjum morgni, tvær fyrir mig og hinar fyrir aðra fjölskyldumeðlimi, og er enga stund að því. Munar ekkert um að smyrja fyrir hina úr því ég geri þetta hvort sem er.

Þeir sem kaupa sér gos í frímínútum og samlokur í skólabúðinni í stað þess að koma með nesti að heiman, greiða um eitt þúsund krónur fyrir þetta. Það eru fimm þúsund á viku og tuttugu þúsund á mánuði og krakkarnir eru að átta sig á því að þetta er sóun,“ bætti hann við. „Þeir sem eru nýkomnir með bílpróf eru hættir að tala um að kaupa sér bíl. Það er dýrt að reka þá og við fáum frítt í strætó. Enginn tilgangur í að eiga bíl. Krakkarnir tala líka um hátt bensínverð og að ferðir heimilisfólks séu sameinaðar sé þess kostur. Ekki sé lengur farið í tilgangslausar ferðir án umhugsunar. Ef við skólasystkinin sjáum til dæmis hagstætt tilboð á pitsum í öðrum bæjarhluta á föstudegi, er sammælst um að einn fari á bíl og sæki fyrir alla.

*„Þeir sem eru nýkomnir með bílpróf eru hættir að tala um að kaupa sér bíl. Það er dýrt að reka þá og við fáum frítt í strætó. Enginn tilgangur í að eiga bíl.“*

Þegar þemaböll hafa verið haldin í skólanum, hafa margir keypt sér fatnað fyrir ballið í stíl við þemað hverju sinni en nú dettur engum í hug að kaupa sér föt fyrir eitt ball! Nýta sér það sem þeir eiga.“

**Heimilislíf**

Ég verð að viðurkenna að ég átti hreint ekki von á svona skilmerkilegu svari við spurningunni til menntaskólanemans og þaðan af síður þessari aðlögun allsnægtabarna á breyttum tímum. Hann talar beinlínis um þetta eins og áhugavert verkefni. Ég spurði hvort það væri eitthvað fleira sem honum fyndist hafa breyst vegna samdráttar í þjóðfélaginu.

„Já,“ sagði hann að bragði, „það er allt í einu miklu betri matur heima í miðri viku. Mamma er farin að elda af mikilli hugkvæmni! Í staðinn fyrir hamborgara og franskar er maður að kynnast alls konar réttum og hlakkar til að setjast við matarborðið á hverjum degi. Þess utan er boðið upp á heimabökuð brauð og kökur. Áður skruppum við gjarnan í bakarí um helgar og keyptum kannski fyrir 2.500 krónur. Núna tökum við heimabakað brauð úr frystinum, bökum vöfflur og kökur. Og það er ekki bara gott að gæða sér á bakkelsinu heldur finnst mér líka gaman að baka með mömmu. Þetta er svona fjölskyldustemning með skemmtilegum tilbrigðum. Til dæmis er það þannig að þegar keyptir eru sex bananar, eru þrír borðaðir strax en hinir settir í skál á borðinu. Þar verða þeir stundum dökkir og ofþroskaðir svo að maður hefur ekki lyst á þeim. Nú býr mamma til bananabrauð úr þeim. Og ef mjólkin er komin fram yfir síðasta söludag fer hún í grjónagraut. Þannig að ég kvarta ekki yfir þessari kreppu!“ sagði vinur minn, sem er góður námsmaður, kröftugur í íþróttum og félagslífi og á móður sem er í krefjandi ábyrgðarstafi.

**Góð ávöxtun**

Í yfirstandandi fárviðri efnahagsmála, fjölmiðlunar og stjórnmála, þar sem friður er boðaður í einu orðinu en stríð í öðru, samstaðan mærð, en hefndum hótað, í þjóðfélagi sem er í umpólun og endurskoðun á gildismati og mun á einhvern hátt skjóta rótum í nýjum farvegi þegar frá líða stundir, er verulega uppörvandi að finna heilbrigða skynsemi, þrótt og æðruleysi hjá fólki framtíðarinnar. Að ekki sé talað um skilning á því að góð og samhent fjölskylda á uppvaxtarárum er innstæða sem aldrei tapast.

# Upptaka evru er tímaskekkja

UMRÆÐAN

Ívar Jónsson skrifar um gjaldeyrismál



ÍVAR JÓNSSON

Bankakreppan og skipbrot frjálshyggjunnar hefur skapað aðstæður á Íslandi sem voru fyrirséðar. Liðsmenn Vinstri grænna og ýmsir félagsvísindamenn höfðu um árabil varað við ofþenslunni af völdum virkjanaframkvæmda, hárri skuldsetningu þjóðarinnar, einkavæðingu og útrás bankanna. Á innan við tíu árum breyttust bankarnir, Baugur og fleiri fyrirtæki í fjölþjóðleg fyrirtæki sem í eðli sínu voru/eru ekki lengur íslensk fyrirtæki með siðferðilegar og lagalegar skyldur gagnvart íslensku samfélagi heldur eigendum sínum víða um heim. Í kjölfarið fæddist ný alþjóðleg auðvaldsstétt sem átti/á litla samleið með almenningi á Íslandi. Þessi nýja borgarastétt hefur átt ötula stuðningsmenn í forseta Íslands, ríkisstjórnum, fjölmiðlum og háskólunum sem undir stjórn samtaka atvinnurekenda hafa leynt og ljóst verið starfræktir sem trúboðsstöðvar öfgasinnaðrar markaðshyggju.

Starfsmannafjöldi útrásarfyrirtækjanna var undir það síðasta orðinn svipaður fjölda starfandi á íslenskum vinnumarkaði. Umsvif fyrirtækjanna voru orðin það mikil að íslenska krónan setti frekari vexti fyrirtækjanna takmörk og þau kröfðust þess að evran yrði tekin upp í stað krónunnar. Það var hins vegar ekki hægt vegna þess að andstaðan gegn inngöngu í Evrópusambandið var of mikil meðal almennings og stjórnmálaflokkanna.

Nú þegar útrásargeirinn er í kreppu og ríkisstjórnin keppist við að finna leiðir til að koma byrðunum yfir á almenning vex þeirri skoðun fiskur um hrygg að Ísland sæki um aðild að Evrópusambandinu og taki upp evru í stað krónu. Þessi afstaða er tímaskekkja. Útrásargeirinn er að mestu horfinn og um leið þörfin fyrir upptöku evrunnar. Íslendingar þurfa nú að snúa sér að því að styrkja útflutningsgreinar atvinnulífsins og tryggja að rekstrarforsendur þeirra séu ekki of sveiflukenndar. Íslenska krónan er nauðsynlegt hagstjórnartæki í þessu sambandi.

*Höfundur er framkvæmdastjóri Vísindagarðsins.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík SÍMI: 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* MENNING: Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* VIÐSKIPTARITSTJÓRAR: Björn Ingi Hrafnsson *bih@markadurinn.is* og Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* HELGAREFNI: Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* ALLT OG SÉRBLÖÐ: Emilía Örlygsdóttir *emilia@frettabladid.is* og Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* ÍÞRÓTTIR: Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* LJÓSMYNDIR: Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*



**ÚTIHLAUP** að vetri er góð heilsubót. Hafa þarf þó í huga að klæða sig vel, sérstaklega á höfði og höndum. Til að verjast beinhimnubólgu í fótleggjum er ráð að hlaupa í legghlífum og ekki er verra að þær séu úr ull.




**Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Hugi Garðarsson** hugi@365.is 512 5447










Ertu með eitthvað gott á prjónunum?

Sjálfboðaliðar í Kópavogsdeild Rauða krossins prjóna og sauma ungbarnaföt fyrir börn í neyð. Hópurinn, sem kallast Föt sem framlag, mun hittast næst og prjóna í sjálfboðamiðstöðinni Hamraborg 11, 2. hæð, miðvikudaginn 29. október kl. 16-18.

Á staðnum verða prjónar, garn og gott fólk sem hittist reglulega og lætur gott af sér leiða. Velkomið er að taka með sér eigið prjónadót. Þeir sem vilja gefa garn í verkefnið vinsamlega hafið samband. Kaffi á könnunni og með því.

Allar nánari upplýsingar í síma 554 6626.

Rauði kross Íslands
Kópavogsdeild

Sjálfboðamiðstöð Hamraborg 11 • opið virka daga kl.10-16 • sími 554 6626
kopavogur@redcross.is • redcross.is/kopavogur




María Grétarsdóttir sést hér í pallaleikfimitíma í Baðhúsinu. Hún sækir slíka tíma þrisvar í viku. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Heilbrigður lífsstíll kallar fram jafnvægi í lífinu

**María Grétarsdóttir, verkefnastjóri hjá Applicon, leggur áherslu á líkamsrækt og hreyfingu í daglegu lífi. Hún er dugleg að æfa í Baðhúsinu og hreyfir sig að auki reglulega með fjölskyldu sinni og hundi.**

María Grétarsdóttir starfar sem verkefnastjóri hjá hugbúnaðarfyrirtækinu Applicon en lætur vinnuna ekki hindra sig í því að stunda líkamsrækt af miklum dugnaði og sækir pallaleikfimitíma í Baðhúsinu þrisvar sinnum í viku. María stundaði áður aðra líkamsrækt en þurfti að breyta til í kjölfar meiðsla.

„Ég æfði áður handbolta og fór út að hlaupa, þannig að ég hef lengi verið viðloðandi íþróttir," útskýrir María. „Ég lenti svo í því að slíta krossbönd og þurfti því að finna mér líkamsrækt sem hentaði í ljósi meiðslanna og þá kom í ljós að pallaleikfimin átti svona vel við mig."

María hefur stundað tímana í Baðhúsinu í um þrjú ár. Hún segist einnig hafa prófað að sækja tíma hjá öðrum líkamsræktarstöðvum en alltaf endað aftur í Baðhúsinu.

„Ég hef prófað aðrar líkamsræktarstöðvar og þótt þar hafi alls staðar verið frábær aðstaða þá finn ég mig bara best í Baðhúsinu. Þar er kennarinn svo frábær og prógrammið skemmtilegt. Svo er hópurinn sem er með mér í tímum búinn að vera lengi saman þannig að maður sækir líka í félagsskapinn."

Auk þess að sækja leikfimitíma leggur María áherslu á heilbrigða lifnaðarhætti dagsdaglega; kemur það fram bæði í mataræði hennar og hreyfingu.

„Ég á hund sem ég fer reglulega út að ganga með og svo á ég fjögur börn sem ég eltist við, þannig að ég held að ég sé í fínu formi," segir María. „Ég legg líka áherslu á að borða fjölbreyttan mat og að fjölskyldan borði alltaf saman á kvöldin. Jafnframt er ég formaður í barna- og unglingastarfi Stjörnunnar í Garðabæ, enda er ég með stráka sem eru að æfa fótbolta þar. Þannig að ég er að stússast í einhverju íþrótta- eða heilsutengdu flesta daga."

Auk vinnu, heimilishalds og líkamræktar hefur María einnig fundið tíma til að stunda nám, en hún lauk nýverið meistaranámi í viðskiptafræði. Hún segir líkamsræktina hjálpa til við að halda sér skipulagðri og bægja frá streitu. „Heilbrigður lífsstíll kallar fram jafnvægi í lífinu. Að mínu mati er ekki nóg að blanda bara saman vinnu og fjölskyldulífi, heldur verður fólk líka að finna tíma til að sinna sjálfu sér og heilsunni."

*vigdis@frettabladid.is*




# ;HEILSA

**HJÓLREIÐAR** á veturna eru vel mögulegar ef hjólið er rétt útbúið. Á vefsíðunni samgongur.is má finna leiðbeiningar um vetrarútbúnað reiðhjóla en meðal annars er mælt með nagladekkjum, ljósum að aftan og framan og vatnsheldum töskum á bögglaberann.




;ALLT FERÐIR

Miðvikudaga og laugardaga





Dömur
Kuldaskór úr leðri í úrvali.
Fóðraðir með flís.
Stærðir: 36 - 42
Verð: 14.400

Misty skór
Laugavegi 178 • Sími: 551 2070
Opið: mán - fös: 10 - 18 • lau: 10 - 14
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf




Helga Björg Gísladóttir segir Heilsubyltinguna griðastað í annríki hversdagsins fyrir þá sem vilja rækta líkama og sál.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Heilsubylting í hrauninu

**Nauðsynlegt er að huga að líkama og sál í annríki hversdagsins. Heilsubyltingin var nýlega opnuð í Hafnarfirði, þar sem fólki gefst kostur á að læra magadans og jóga auk þess að fá snyrtingu.**

„Þetta er ekki hefðbundin líkamsræktarstöð. Inni hjá okkur er ekkert af lóðum eða brennslutækjum en við erum að rækta bæði líkama og sál saman. Við erum með stóran sal þar sem jóga, magadans og salsa eru í boði og vorum að byrja með jóga fyrir börn, sem er mjög skemmtilegt námskeið," útskýrir Helga Björg Gísladóttir, rekstrarstjóri Heilsubyltingarinnar, sem var opnuð 1. september í Bæjarhrauni í Hafnarfirði. Heilsubyltingin er hugsuð sem griðastaður fyrir þá sem vilja hugsa um líkama og sál.

Helga segir þörf hafa verið fyrir stað með jafn fjölbreytta þjónustu en hjá Heilsubyltingunni eru líka sjálfstætt starfandi aðilar eins og nuddari, höfuðbeina- og spjaldhryggsjafnari, heilunarmiðill og hjúkrunarfræðingur sem sinnir náttúrulækningum svo eitthvað sé nefnt.

„Við finnum það sérstaklega núna þegar efnahagslífið er svona að fólk kemur hingað inn, vill bara loka augunum og slappa af. Hjá okkur starfa einnig snyrtifræðingur og naglafræðingur. Svo erum við með ultratone-tækin okkar, sem stofan er í raun byggð í kringum. Þetta eru rafbylgjutæki en í þeim er hægt að fara í grenningu, mótun og styrkingu. Einnig bjóðum við upp á gelvafninga, heitan pott, sauna og hér er ráðstefnusalur sem tekur 30 manns í sæti."

Helga segir Heilsubyltinguna strax hafa hlotið góðar viðtökur og eigi sér nú þegar fastakúnna. Kúnnahópurinn sé breiður og sæki jafnt ungir sem aldnir staðinn.

„Við vitum ekki af öðrum sem bjóða upp á svona fjölbreytta þjónustu. Hingað kemur fitnessfólk og eldri konur og menn, sem vilja styrkja sig, og fólk sem vill grenna sig, en við erum til dæmis með mjög gott prógramm fyrir konur sem eru nýbúnar að eiga barn. Stefnan er enn að þróast og við höfum ýmislegt á prjónunum eftir áramótin. Jafnvel ný námskeið," segir Helga leyndardómsfull í bragði.

Heilsubyltingin opnar nýja heimasíðu á slóðinni www.heilsubyltingin.is hinn 1. nóvember með upplýsingum um námskeið og þjónustu.

*heida@frettabladid.is*


Birkiaska
Umboðs- og söluaðili
Birkiaska ehf.
sími: 551 9239
www.birkiaska.is
BETUSAN





Næstu fyrirlestrar og námskeið

Heilsuvörumarkaður
Opið virka daga kl. 10–20
laugardaga kl. 10–17
maður lifandi
Borgartúni 24 og Hæðasmára 6
www.madurlifandi.is

**28. okt. Erum við andleg og líkamleg eiturefna-úrgangs-ruslaskrímsli**
*Edda Björgvins leikari*
**29. okt. Hvað á ég að gefa litla barninu mínu að borða?**
*Ebba Guðný Guðmundsdóttir kennari*
**30. okt. Hollusta og hagkvæmni - Matreiðslunámskeið**
*Auður I. Konráðsdóttir heilsukokkur*
**01. nóv. Hláturfundur Hláturkætiklúbbsins**
*Ásta Valdimarsdóttir hláturjógakennari*
**04. nóv. Líkamsstaða, skrifstofuumhverfið og æfingar**
*Haraldur Magnússon osteópati*
**11. nóv. Góð heilsa er auðveldari en þú heldur**
*Matti Ósvald heilsuráðgjafi*



STAFGANGA Í LAUGARDAL
Stafgöngunámskeið hefjast 4. nóvember n.k.
BYRJENDANÁMSKEIÐ: Þriðjudaga & fimmtudaga, kl. 17:30.
FRAMHALDSHÓPUR: Þriðjudaga & fimmtudaga, kl. 17:30.
SKRÁNING & NÁNARI UPPLÝSINGAR Á: www.stafganga.is
STAFGANGA
ÁHRIFARÍK LEIÐ TIL LÍKAMSRÆKTAR
GUÐNÝ ARADÓTTIR, stafgönguþjálfi, sími: 616 85 95.
JÓNA H. BJARNADÓTTIR, stafgönguþjálfi, sími: 694 35 71.



Ertu með eitthvað gott á þjónunum?

Sjálfboðaliðar í Kópavogsdeild Rauða krossins prjóna og sauma ungbarnaföt fyrir börn í neyð. Hópurinn, sem kallast Föt sem framlag, mun hittast næst og prjóna í sjálfboðamiðstöðinni Hamraborg 11, 2. hæð, miðvikudaginn 29. október kl. 16-18.

Á staðnum verða prjónar, garn og gott fólk sem hittist reglulega og lætur gott af sér leiða. Velkomið er að taka með sér eigið prjónadót. Þeir sem vilja gefa garn í verkefnið vinsamlega hafið samband. Kaffi á könnunni og með því.

Allar nánari upplýsingar í síma 554 6626 .

Rauði kross Íslands
Kópavogsdeild

Sjálfboðamiðstöð Hamraborg 11 • opið virka daga kl.10-16 • sími 554 6626
kopavogur@redcross.is • redcross.is/kopavogur








;ALLT MATUR

Alla föstudaga

SOHO
CATERING
VEISLUÞJÓNUSTA
WWW.SOHO.IS
JÓLAHLAÐBORÐ - JÓLA TAPAS - VEISLUÞJÓNUSTA

# fyrirtækjagjafir

ÞRIÐJUDAGUR 28. OKTÓBER 2008




NORDICPHOTOS/GETTY

ULTRATONE GJAFABRÉF



Fyrir dömur og herra frá 18 ára

544 5300

**Andlitsmeðferð** burt með:

- Baugana
- Hrukkurnar
- Undirhökuna
- Þreytta og slappa húð

**Líkamsmeðferð**

- Grenning á öllum stigum
- Vöðvauppbygging
- Nudd og spennulosun
- Burt með bjúg og þreytta fætur
- Húðstyrking t.d. eftir barnsburð eða mikla grenningu

ÞÚ VELUR UPPHÆÐINA – VIÐ ÚTBÚUM GLÆSILEGT GJAFABRÉF SEM INNIHELDUR MEÐFERÐ SEM KEMUR VERULEGA Á ÓVART

www.heilsubyltingin.is



GÓMSÆT GJÖF FYRIR SÆLKERA

*Falleg gjafakarfa með úrvali af bragðgóðum íslenskum ostum er tilvalin jólagjöf handa starfsfólki og viðskiptavinum*



*Á vefsíðu okkar www.ostur.is er að finna nánari upplýsingar um sælkeraostakörfurnar okkar og ostana sem í þeim eru.*

Þú færð ráðgjöf og tilboð hjá sölufulltrúum okkar í eftirfarandi símanúmerum;
Söludeild Reykjavík s. 569 2200 og söludeild Akureyri s. 460 9610.

Einnig geturðu sent fyrirspurnir á netfangið soludeild@ms.is eða með bréfsíma í númer 569 2222.

www.ostur.is

MJÓLKURSAMSALAN




Hulda Snorradóttir reiknar með að eigulegar gjafir sem nýtast heima komi til með að verða vinsælar í ár og vísar í Menu heimilis- og gjafavörur. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Notagildi haft í fyrirrúmi

**Fyrirtæki eru mörg farin að huga að jólagjöfum starfsmanna sinna. Síðustu ár hefur oft verið vinsælt að gefa dýrar gjafir en viðbúið er að hagsýni og notagildi ráði för í gjafavali fyrir þessi jól.**

Hönnunarhlutir og dýr merkjavara hafa verið vinsælar fyrirtækjagjafir síðustu ár. Nú má hins vegar búast við að hagsýni og notagildi hafi áhrif á gjafaval þótt gæði verði höfð í fyr- irrúmi sem endranær.



**Hjá Tanna eru flíspeysur og -teppi eftirsótt í fyrirtækjagjafir í ár sem endranær.**

„Ég býst við að við munum selja meira af eigulegum gjöfum sem gætu nýst fólki heima fyrir," segir Hulda Snorradóttir, framkvæmdastjóri Margt smátt. „Búast má við aukinni eftirspurn eftir heimilisvörum, þá kannski helst fallegum kertastjökum. Enda leitast fólk nú sjálfsagt við að hafa kósí heima og það er alltaf huggulegt að hafa kertaljós."

Hulda segir Menu heimilis- og gjafavörur sívinsælar. „Þær voru vinsælastar hjá okkur fyrir síðustu jól. Allt stefnir í að þær verði vinsælar hjá okkur aftur í ár, enda mjög fallegar og vandaðar vörur," bendir hún á og bætir við að einnig hafi verið vinsælt að gefa flíspeysur og fatnað síðustu ár.

Guðjón Sigurbjartsson, framkvæmdastjóri og söluráðgjafi hjá Tanna EHF., reiknar líka með að vinsælt verði að gefa flíspeysur og -teppi í jólagjöf; þær séu til marks um jólagjafir með notagildi. „Mikið er um að fyrirtæki panti peysur



**Hulda telur að minni gjafir verði frekar fyrir valinu í ár.**

og annað slíkt og láti sauma merki fyrirtækisins í," bendir hann á.

Guðjón bætir við að Tanni ehf. hafi tekið upp á því í fyrra að bjóða í fyrsta sinn upp á matarkörfur, sem hafi notið töluverðra vinsælda. „Ég býst ekki við að sala á körfunum minnki mikið fyrir þessi jól. Ég held að þær verði alveg jafn eftirsóttar í gjafir í ár og þær voru síðast. Þær gætu þó orðið minni." Hann telur að þessi minnkun gæti þó gilt um gjafir almennt. *-aov*

# Aldrei meiri þörf á nuddi

Lilja Hrund býr á Kirkjubæjarklaustri og rekur þaðan fyrirtækið sitt Vinnustaðanudd sem hún stofnaði fyrir fjórum árum. Hún hefur nuddara á sínum snærum víða um land og ferðast einnig sjálf milli fyrirtækja með nuddbekkinn og nuddar. Hún segir ávinning fyrirtækja mikinn af því að bjóða upp á nudd á vinnustað.

„Fólki líður miklu betur í vinnunni og þetta er vinsæl þjónusta. Nudd dregur úr verkjum í stoðkerfi og fækkar veikindaforföllum. Við sendum nuddara á staðinn sem gefur djúpt vöðvanudd með áherslu á stoðkerfið en leggur einnig áherslu á það hvar hver og einn er slæmur. Nuddarinn kemur sér fyrir með nuddbekk til dæmis inni á skrifstofu eða í kompu þar sem hægt er að loka að sér. Oftast er miðað við að hver tími taki um fimmtán til tuttugu mínútur en það er misjafnt."

Lilja leggur áherslu á stærri framleiðslufyrirtæki en einnig



**Lilja Hrund Harðardóttir telur nú mikla þörf fyrir þjónustu eins og vinnustaðanudd.**

leita til hennar fyrirtæki þar sem starfsmenn sitja mikið við tölvur. Hún segir ásóknina hafa aukist jafnt og þétt. „Í dag eru auðvitað erfiðir tímar. En ég held að það sé aldrei meiri þörf á svona þjónustu en einmitt nú og við komum til móts við óskir fyrirtækjanna hverju sinni. Hvort sem það eru heilsudagar fyrir starfsfólk, þar sem við kennum því að nudda, eða einhvers konar tilboðspakkar, þá er allt opið."

Á heimasíðunni www.vinnustadanudd.is má finna upplýsingar um þjónustuna. *- rat*

# JÓLAGJAFAKORT

## YFIR TÍU ÞÚSUND GJAFIR Í EINUM PAKKA





### JÓLAGJAFAKORT SMÁRALINDAR ER HIN FULLKOMNA GJÖF

Rafræna gjafakortið í Smáralind er jólagjöf sem hittir í mark hjá starfsmönnum jafnt sem viðskiptavinum. Hafðu samband við þjónustudeild Smáralindar í síma 528 8000 og pantaðu gjafakort, sérmerkt þínu fyrirtæki. Gegn vægu gjaldi pökkum við kortinu í fallega gjafaöskju.

Mikilvægt er að panta tímanlega. Þú færð nánari upplýsingar hjá þjónustuborði, thjonusta@smaralind.is.

Verslanir opnar mán-mið 11-19, **fim 11-21**
fös 11-19, lau 11-18 og sun 13-18
smaralind.is / 528 8000

Smáralind
BETRI LEIÐ
TIL AÐ VERSLA



Blásum til sóknar

# NÝJA ÍSLAND

Gerið ykkur glaðan dag og farið út að borða



Guðmundur Viðarsson
Yfirmatreiðslumaður
Rauðará

**Rauðará blæs á kreppuna**

Við skorum á framleiðendur í landinu að hækka ekki vörur í skjóli kreppu og skorum á fólkið í landinu að velja vörur frá íslenskum framleiðendum.
Við ætlum að leggja fram okkar framlag í þá sókn og bjóða ykkur upp á al íslenskan matseðil úr hágæða vörum frá Íslenskum framleiðendum til lands og sjávar.

3ja rétta **á verði einnar** nautasteikur

**Matseðill no.1**

**FORRÉTTUR**
Smáréttadiskur með saltfisk á tvo vegu ásamt seyði í bolla
**AÐALRÉTTUR**
Kryddhjúpað lambaprime með brasseruðum lambaframparti og haustgrænmeti
**EFTIRRÉTTUR**
Desert diskur að hætti rauðará

Verð. **kr. 4.990,-** pr mann

**Matseðill no.2**

**FORRÉTTUR**
Reyktur lax með humarsalati í turni
**AÐALRÉTTUR**
Osta og humarfyllt grísalund með kartöflugratín
**EFTIRRÉTTUR**
Desert diskur að hætti rauðará

Verð. **kr. 4.990,-** pr mann

Við skorum á fyrirtæki sem eru með getu og eru stöndug á Íslenskan mælikvarða.
**Sýnið gott fordæmi og hækkið ekki verð á matvöru ykkar**
Við verðum að halda í launamáttinn, ástandið er nógu slæmt fyrir.

**opið þriðjudaga til laugadaga**

RAUÐARÁ
RESTAURANT

Rauðarárstíg 37 | 105 Reykjavík
sími: 562 6766 | raudara@simnet.is




**Kaffitár býður upp á ilmandi kaffiskrín og -körfur sem innihalda nýbrennt kaffi, nýbakaðar smákökur og biscotti úr eldhúsi Kaffitárs og konfekt frá Freyju. Einnig er í boði mikið úrval af gjafavöru sem upplagt er að setja í körfurnar og er kaffið fengið án krókaleiða sem þýðir að bóndinn fær um 30% hærra verð en ella.**



**Te & kaffi framleiðir ekki aðeins sælkerakaffi [...] eins og laufte, sultur, hunang, súkkulaði, brjós[...] bjóðum nokkurn veginn allt sem á einhvern hát[...] Guðmundur Halldórsson sölufulltrúi. Hægt er að [...]**

# Fullt hús matar og m[...]

**Gjafakörfur fullar af góðgæti koma sér vel og hæfa ávallt tilefninu. Allir njóta þess að gæða sér á sælgæti og gera vel við gesti í mat og drykk.**

Öll þurfum við að borða og ekki spillir fyrir að gæða sér á góðgæti og munaðarvöru. Víða má fá gómsætar gjafakörfur, stútfullar af matvöru sem leikur við bragðlaukana. Auk þess er mikil búbót að fá fulla körfu matar á heimilið.

Í sérútbúnum gjafakörfum má oft finna sælkeravöru sem hinn almenni borgari veitir sér ekki á hverjum degi, hvað þá um þessar mundir. Því er kjörið að gleðja fólk með björg í bú því góðgætið í gjafakörfunum er víst til að kæta heimilisfólk eða í það minnsta gesti og gangandi. Hér gefur að líta tillögur að gjafakörfum frá nokkrum sælkerafyrirtækjum bæjarins. *- hs*





**„Við erum með gott úrv[...] eins erum við með úrval [...] Ostabúðinni á Skólavörðust[...] hvert kjötmeti í stærri k[...] erum við með gott [...]**

**Karl K. Karlsson b[...] gjafa og kappkos[...] gjafakörfu fyrir sta[...] fjölbreyttar og falle[...]**

# Eftirminnilegar stundir að g[...]

Það er metnaðarmál hvers fyrirtækis að huga vel að starfsfólki sínu og á þetta ekki síst við á tímamótum og stórhátíðum. Leikhúsin bjóða upp á gjafakort sem sniðugt getur verið að færa starfsfólki en með því móti er verið að gefa skemmtun og eftirminnilegar stundir. Boðið er upp á fjölbreytta efnisskrá fyrir alla aldurshópa og þar ættu allir að finna eitthvað við sitt hæfi.

Gjafakort Þjóðleikhússins gildir á eina sýningu og gildir til tveggja ára í senn. Kortið er afhent í fallegu hulstri og kostar 6.800 krónur fyrir tvo en veittur er magnafsláttur þegar keypt eru fleiri en tuttugu og fimm kort í einu. Þeir sem kaupa þrjátíu kort eða fleiri fyrir 10. nóvember fá gjafakortið á 5.000 krónur. Einnig er sérstakt tilboð á gjafakortum á Kardimommubæinn en þar býðst hvert sæti á 2.000 krónur fram til 30. desember. Líka er boðið upp á jólahlaðborð í Þjóðleikhúskjallaranum þar sem meistarakokkurinn Siggi Hall kætir bragðlaukana í vetur. Þar er hægt að panta leikhúsveislur og jólahlaðborð á aðventunni.

Í Borgarleikhúsinu er einnig boðið upp á gjafakort allan ársins hring en þar eru auk þess tilboð fyrir hópa af öllu tagi. Boðinn er hópafsláttur fyrir hópa sem eru stærri en tuttugu manna og eru gerð tilboð í afslátt fyrir hópinn. Stærri hópum býðst að fá skoðunarferð um leikhúsið fyrir sýningu og auk þess er hægt að panta gómsæta máltíð. *- hs*



**Allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi í leikhúsunum en þar er boðið upp á fjölbreytta dagskrá og tilboð fyrir hópa.**

**Kjörið er að bjóða starfsmönnum í leikhús þar sem upplifa má eftirminnilegar stundir. Einnig er hægt að borða saman áður en haldið er á sýningu.** MYND/ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ




heldur er þar líka seld fyrsta flokks matvara
stsykur og konfekt, svo fátt eitt sé nefnt. „Við
t tengist kaffi, tei og súkkulaðidrykkjum,“ segir
útbúa körfur samkvæmt óskum.

# unaðar



val af íslenskum og erlendum ostum í körfurnar,
af ýmiss konar kexi,“ segir Jóhann Jónsson í
tíg og bætir við: „Það er alltaf vinsælt að fá eitt-
örfurnar. Þar höfum við ýmislegt í boði og einnig
úrval af súkkulaði og konfekti.“ FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

býður upp á úrval af víni og sælkeravöru til jóla-
star að aðstoða einstaklinga og fyrirtæki að finna
arfsmenn og viðskiptavini. Gjafakörfurnar eru
egar og verðið allt frá 1.500 krónum og upp úr.

# gjöf


MYND/ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

# Hlýleg gjöf á jólum

Forsvarsmönnum fyrirtækja getur reynst þrautin þyngri að velja jólagjafir handa starfsfólkinu. Misjafnt er hvað hverjum líkar og erfitt að gera öllum til hæfis. Sjálfsagt er þó að launa starfsfólki vel unnin störf á árinu með hlýlegri og góðri gjöf.



Við valið er gott að hafa bak við eyrað að gjöfin þarf ekki að kosta ársframleiðslu fyrirtækisins heldur er það hugurinn sem gildir. Nytsamleg gjöf fellur alltaf vel í kramið og nú er kjörið að styðja við íslenska framleiðslu og góðan málstað.

Handprjónuð húfa, vettlingar, sokkar eða prjónaskór frá Thorvaldsensbasar eru tilvalin í jólapakka starfsmanna en Thorvaldsensfélagið styrkir meðal annars Barnaspítala Hringsins. Allir þurfa á hlýjum vettlingum að halda yfir veturinn og hvað er notalegra en að smeygja sér í hlýja prjónaskó meðan setið er við tölvuna í vinnunni? *- rat*


**Thorvaldsenbasar selur handprjónaðar húfur, vettlinga og fleira.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM





# Villibráðarhlaðborð

*16. október - 19. nóvember*

Matreiðslumeistarar Perlunnar velja hráefni frá öllum heimshornum til að útbúa bestu villibráð sem hægt er að bjóða upp á. Nú getur þú notið þess besta í villibráðarhlaðborði Perlunnar.

*Fyrir mat er gestum boðið að bragða á sérvöldum eðalvínum frá Frakklandi.*

Verð 7.750 kr.

*Tilboð mánudaga-miðvikudaga*

***6.750 kr.***

**Jólahlaðborð Perlunnar hefst 20. nóvember**

*Tilboð mán.-þri. 6.250 kr. — Verð: 7.250 kr.*

PERLAN

Veitingahúsið Perlan – *Sími* 562 0200 – *Fax* 562 0207 – *Netfang* perlan@perlan.is – *Heimasíða* www.perlan.is

Gjafabréf fyrir fólk sem klæðist fötum



Icefin -Mest fyrir hverja krónu!

Icefin
Nóatúni 17 s:5343177
www.icefin.is


# Breytir lífinu til hins betra

**Eitt af því sem eykur vellíðan starfsfólks á vinnustöðum er iðkun jóga. Ásta María Þórarinsdóttir, formaður Jógakennarafélagsins, mælir með því.**

„Jóga hefur ótvírætt gildi fyrir heilsu fólks og á það er gott að benda í þeim aðstæðum sem nú eru í okkar samfélagi. Við vitum að streita leggst á líkama og sál og skerðir einbeitingu hugans," segir Ásta María og kveðst tala af reynslu þegar hún segi að jóga geti breytt lífi fólks til hins betra. „Fyrir tíu árum var ég undirlögð af verkjum og stoðkerfisvandamálum. Svo kynntist ég jóga og hef verið að kenna það í átta ár. Nú líður mér mjög vel andlega og líkamlega og læt ekkert hindra mig lengur."

Ásta María segir jógakennara tilbúna til að koma á vinnustaði með kynningar, þátttakendum að kostnaðarlausu. „Okkur langar að gera eitthvað til að liðsinna fólki og því bjóðum við upp á prufutíma annaðhvort á vinnutíma eða á kvöldin ef hópar vilja taka sig saman," segir hún.

Hver jógatími er hátt í klukkutíma og Ásta María segir um mismunandi jóga að ræða eftir kennurum. Sumir leggi áherslu á hressilegar æfingar, aðrir teygjur og styrkingu en alltaf sé endað á slökun. „Hjá mér byrja tímarnir með öndunaræfingum og á því að mýkja hálsinn og herðarnar. Svo taka við aðrar æfingar og síðasta korterið er slökun við þægilega tónlist, kerti og dempuð ljós," lýsir hún. Þá er það fatnaðurinn. Þarf ekki fólk að vera í sérstökum göllum? „Jú, bara einhverju mjúku," svarar Ásta María og telur best að vera berfættur í æfingunum og leggja tískufatnaðinn til hliðar.

En hvað kostar að iðka jóga að staðaldri ef fyrirtækið útvegar húsnæði? „Ég reikna með að kennarinn taki kringum 5.000 krónur fyrir tímann og ef góð þátttaka næst ætti tíminn ekki að vera dýr fyrir hvern og einn," svarar Ásta María og bendir á að jóganámskeið séu heppileg jólagjöf fyrirtækja til starfsfólks." *- gun*



**„Jógatímarnir geta verið ýmist rólegir eða hressilegir," segir jógakennarinn Ásta María og bendir á síðu félagsins www.jogakennari.is.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Sjálfsrækt og stefnumótun

„Gjafakort á námskeið með áherslu á sjálfsrækt og stjórnun hafa verið eftirsótt undanfarið enda kjörin aðferð til að efla andann," segir Thelma Jónsdóttir, markaðs- og kynningarstjóri hjá Endurmenntun Háskóla Íslands. Endurmenntun hefur gefið út gjafabréf á námskeið sín frá árinu 1999. Þar er lögð áhersla á starfstengt nám, tómstundir eða sjálfsstyrkingu hvers konar, en það síðastnefnda nýtur vaxandi vinsælda.

„Við erum til dæmis með námskeiðið Vinnusálfræði og samskipti á vinnustað," nefnir Thelma í því samhengi en þar er farið yfir leiðir til að byggja upp sjálfsstyrk og auka á hæfni til að ráða við flókin samskipti. Sálfræðingarnir Álfheiður Steinþórsdóttir og Guðfinna Eydal standa að baki því. Þær eru einnig með námskeiðið Sjálfsstyrking og samskipti fyrir konur.

„Við bjóðum líka upp á námskeið um streitustjórnun," segir Thelma. „Þar kemur Erna Agnarsdóttir, vinnusálfræðingur og mannauðsráðgjafi, inn á orsakir streitu í daglegu lífi og vinnuumhverfi. Hún fjallar svo um forvarnir og úrbætur sem vinna gegn streitu."

Thelma bætir við að Steinunn I. Stefánsdóttir, viðskiptasálfræðingur og sérfræðingur í streitufræðum, verði með námskeið um jákvæða leiðtogahæfni. „Þá hefur doktor Árelía Eydís Guðmundsdóttir, lektor við HÍ, sett saman námskeiðið Stefnumótun í eigin lífi – snúðu vörn í sókn. Þetta námskeið gengur út á að skoða eigin styrk- og veikleika og ná lengra í lífinu." Hún bætir við að í flokknum Menning og sjálfsrækt séu spennandi námskeið; til dæmis sé ein Íslendingasaga tekin fyrir á hverju misseri. Eins sé margt í boði fyrir unnendur góðrar tónlistar. Sjá www.endurmenntun.is.



**Thelma Jónsdóttir segir námskeið með áherslu á sjálfsrækt og stjórnun njóta mikilla vinsælda. Hún telur kjörið fyrir fyrirtæki að gefa starfsmönnum sínum gjafakort á slík námskeið.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA





Garmin Oregon™ GPS með snertiskjá.

Oregon GPS handtæki með snertiskjá gerir alla útivist einfaldari. Þetta sterkbyggða og vatnshelda leiðsögutæki er afar einfalt í notkun og færir þér björt þrívíddarkort, hæðarmæli með loftvog auk áttavita á silfurfati. Hvort sem þú ert í fjallgöngu, á hjóli, í bílnum eða bátnum, það eina sem þarf að gera er að snerta skjáinn og halda af stað. Útivistin verður bara skemmtilegri. Þú getur deilt leiðum og upplýsingum með vinum þínum eða sett aukakort fyrir það svæði sem þú ætlar að fara, hvort sem þú fylgir vegi, vatni eða ert í óbyggðum. Garmin Oregon kemur þér í snertingu við ævintýrin.

Fylgdu þeim fremsta!

www.garmin.is

GARMIN®







Gefðu gjafir frá frægustu hönnuðum heims

**FALLEGAR, ÓVENJULEGAR, SÉRSTAKAR, SKEMMTILEGAR, LITRÍKAR, LÁTLAUSAR, YFIRDRIFNAR, EINSTAKAR OG Á GÓÐU VERÐI.**

Skeifan 6 / Laugavegi 7 / Leifsstöð / 568 7733 / epal@epal.is / www.epal.is

epal





GEORG JENSEN stelton marimekko® ROSENDAHL COPENHAGEN JACOB JENSEN™ royalvkb



Í Kramhúsinu er meðal annars hægt að læra magadans.

## Sveigjanleg þjónusta

Dansskólinn Kramhúsið býður upp á sérhönnuð námskeið og einkatíma fyrir alls konar hópa sem hafa nýtt sér námskeiðin annaðhvort af sérstöku tilefni eða bara til að fá tilbreytingu.

Hægt er að sækja tíma í Kramhúsinu eða fá kennara til að koma og hitta hópinn annars staðar.

Öll námskeið sem í boði eru í Kramhúsinu er hægt að fá sem einkatíma fyrir hóp hvort sem er í eitt eða fleiri skipti. Nánari upplýsingar eru á heimasíðu Kramhússins, www.kramhusid.is *- vþ*

## Fagrir tónar í jólapakkann

Tónlistarunnendur fúlsa ekki við því að þiggja gjafakort á tónleika með Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Gjafakort Sinfóníuhljómsveitar Íslands getur verið ávísun á eina eða fleiri tónleika eða hvers kyns áskriftir. Að auki er kortið sjálft bæði fallegt og veglegt og gleður því augað ekki síður en eyrað.



Margt spennandi er fram undan hjá Sinfóníuhljómsveitinni eftir áramót og því geta þeir sem þiggja gjafakort valið úr fjölda ólíkra tónleika og uppákoma.

Nánari upplýsingar um gjafakort Sinfóníuhljómsveitar Íslands má nálgast á vefsíðunni www.sinfonia.is *- vþ*






## Fyrirtækjasala

# Fyrirtæki óskast

1. Höfum kaupanda af góðu rafverktakafyrirtæki.
2. Vantar innflutningsfyrirtæki, margt kemur til greina.
3. Vantar heildverslanir sem selja í lyfjaverslanir.
4. Vantar bílasprautuverkstæði fyrir ca: 4 bíla í Rvík.
5. Vantar framleiðslufyrirtæki fyrir 10-15 störf.
6. Skipti á sjoppu eða skyndibitastað fyrir fasteign.
7. Höfum kaupanda að fasteignasölu.
8. Höfum kaupanda af stórri hársnyrtistofu í Mosf. eða Mið Rvík.
9. Höfum kaupanda af góðu fyrirtæki á góðu verði gegn staðgr.
10. Höfum kaupanda af litlu framl.fyrirtæki í járni,stáli eða tré.
11. Höfum menn með sumarbústaði, sumarb.lönd, bíla, fasteignir og annað í skiptum fyrir fyrirtæki.

**ÝMSIR MÖGULEIKAR.**

Nánari upplýsingar veittar á skrifstofunni ekki í síma eða á netinu. Skráin á netinu: **www.fyrirtaeki.is**
Elsta fyrirtækjasalan á landinu.

**FYRIRTÆKJASALAN**
**SUÐURVERI EHF.**
SÍMI 581 2040, FAX 581 4755, REYNIR ÞORGRÍMSSON.
Lögg. fasteignasali: Bergur Guðnason hdl.

## Til sölu

# MEST SELDA KYNLÍFSTÆKI KARLMANNA Í HEIMI



Gefðu konunni frí og prófaðu hina einstöku múffu sem allir eru að tala um. Aðeins fáanleg í netverslun Fleshlight.is

**FLESHLIGHT.IS**

„...fyrst á visir.is"



VÍSIR.IS
...ég sá það á visir.is

## Aðalfundur

**Boðað er til aðalfundar Íbúasamtaka 3. hverfis, Hlíðar, Holt og Norðurmýri, þriðjudaginn 4. nóvember 2008 kl. 20:00 í Skriðu, hátíðarsal Menntavísindasviðs Háskóla Íslands (áður Kennaraháskólinn)**

**Kynning á samráðsferli vegna gatnamóta Miklubrautar og Kringlumýrarbrautar.**
Dagskrá og nánari upplýsingar eru á vef Íbúasamtaka 3. hverfis **www.hlidar.com**

Íbúasamtök 3. hverfis
www.hlidar.com Hlíðar, Holt og Norðurmýri

## Fasteignir

# Herjólfsstígur 16
Grímsnes
Sumarbústaður á spottprís

**Stærð: 91,5 fm**
**Fjöldi herbergja: 4**
**Byggingarár: 2006**
**Brunabótamat: 0**
**Bílskúr: Nei**

RE/MAX Senter







**10,6 millj frá Landsb. geta fylgt**

**Verð: 12.000.000**

Fallegur sumarbústaður á 8.927 fm eignarlóð í Grímsnes- og Grafningshreppi með flottu útsýni. Húsið er innflutt frá Lettlandi og er fullbúið að utan, að innan er búið að einangra, milliveggir komnir, panill kominn á veggi, panill til að klæða loftin fylgir með ásamt innihurðum frá Parka. Gert er ráð fyrir hita í plötunni sem er steypt. Innri flötur glugga er tré en ytri flötur er plast. Vatns- og rafmagnslagnir eru við lóðarmörk en inntök vantar. Húsið selst í núverandi ástandi.



Vernharð
Sölufulltrúi
**699 7372**
venni@remax.is



Kristján Ólafsson
Lögg. fasteignasali
**414 4700**
senter@remax.is

**RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 104 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is**

## Atvinna

**Meðeigandi og samstarfsmaður**

óskast að öflugu bílasprautunar- og réttingarverkstæði í Reykjavík.

**Áhugasamir hafi samband í síma 660 3770**



### Neptune ehf óskar eftir vélstjóra

Neptune ehf óskar eftir vélstjóra á rannsóknarskip sitt. Mikill kostur ef að viðkomandi er með SSO réttindi samkvæmt ISPS staðli og góða ensku kunnáttu . Neptune EA-41 er nýuppgert fullkomið rannsóknarskip, gert út frá Akureyri og er rúmlega 1000 brúttótonn eða rúmlega 490 brúttórúmlestir. Vélin er 1800 hestöfl.

**Umsóknir og upplýsingar sendist á svanberg@hoepfner.is.**

Tryggingar og ráðgjöf

**Ertu góður sölumaður ?**
**Viltu breyta til ?**

**Við leitum eftir nýjum liðsmönnum í eina öflugustu söludeild landsins**
**og**
**Við leitum eftir nýjum liðsmönnum í okkar úthringiver**

Góðir tekjumöguleikar fyrir rétta fólkið.

Umsóknir og fyrirspurnir sendist á netfangið axel@tryggir.is eða í síma 590 1600

Tryggingar og ráðgjöf

## Þjónusta



JULIA ROBERTS ER 41 ÁRA Í DAG



*„Ég reiðist sjaldan. Það þarf mikið til að ég missi stjórn á skapi mínu, en þegar það gerist hef ég ávallt góða ástæðu. Oftast hef ég þó afar jákvæða og létta afstöðu til lífsins.“*

***Bandaríska leikkonan Julia Roberts er þekktust fyrir leik sinn í myndunum Pretty Woman, Sleeping with the Enemy, Notting Hill, Erin Brockovich og The Mexican.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 28. OKTÓBER 1954

## *Hemingway hlýtur Nóbelsverðlaun*



Tilkynnt var að bandaríski rithöfundurinn Ernest Hemingway hlyti bókmenntaverðlaun Nóbels á þessum degi árið 1954. Þegar honum bárust fréttirnar sagðist Hemingway vera ánægður, en hann væri þó ánægðari hefði hinn ágæti rithöfundur Isak Dinesen hlotið verðlaunin. Isak Dinesen var reyndar annað höfundarnafn dönsku skáldkonunnar Karenar Blixen, en Hemingway var mikill aðdáandi hennar.

Hemingway komst þó ekki til Svíþjóðar til að vera viðstaddur verðlaunaafhendinguna sem fór fram í desember 1954. Fljótlega eftir að honum var tilkynnt um verðlaunin lenti hann í flugslysi og meiddist illa; svo illa að nokkur bandarísk blöð birtu um hann minningargreinar þar sem hann var talinn af. Um mánuði eftir flugslysið lenti hann svo í eldsvoða og skaðbrenndist á stórum hluta líkamans og var því of kvalinn og sár til þess að ferðast. Hemingway náði aldrei aftur fullri heilsu og lést árið 1961.

## MERKISATBURÐIR

**1134** Magnús Einarsson er vígður biskup í Skálholti.

**1449** Kristján I. er krýndur konungur Danmerkur.

**1601** Rúdolf II. keisari kaupir öll stjörnuskoðunartæki Tychos Brahe af Kirsten, ekkju hans.

**1848** Dómkirkjan í Reykjavík er vígð eftir gagngera endurbyggingu.

**1971** John Lennon og Yoko Ono taka upp lagið Happy Xmas (War Is Over) í New York.

**1981** Hrauneyjafossvirkjun í Tungnaá er tekin í notkun.

**1982** Sósíalistar vinna í kosningum á Spáni.

**1987** Þáttur Hermanns Gunnarssonar, Á tali með Hemma Gunn, hefur göngu sína hjá Sjónvarpinu.



**NÝTT TÍMABIL AÐ HEFJAST** Hörður Sigurðarson í glæsilegu nýju húsnæði Leikfélags Kópavogs. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

LEIKFÉLAG KÓPAVOGS: TEKUR NÝTT HÚSNÆÐI Í NOTKUN

# Styrkir starfsemi félagsins

„Við fengum húsnæðið afhent með stuðningi bæjarins í fyrrahaust og höfum verið að breyta því í leikhús síðan. Þetta er framtíðaraðstaða okkar og er aðallega hugsað sem leikhús. Húsið er því þar með fyrsta eiginlega leikhúsið í bænum,“ segir Hörður Sigurðarson, formaður Leikfélags Kópavogs, sem vígði nýtt húsnæði og frumsýndi nýja leikgerð leikritsins Skugga-Sveins fyrr í mánuðinum.

Hörður segir aðgang að eigin húsnæði breyta miklu fyrir Leikfélag Kópavogs, en fram að þessu hafði félagið haft aðstöðu í félagsheimili bæjarins. „Þetta húsnæði breytir öllu fyrir okkur og við sjáum fram á að geta aukið starfsemi okkar talsvert. Við erum til að mynda að fara af stað með leiklistarnámskeið fyrir unglinga nú á næstunni og einnig hefjum við bráðlega æfingar á barnaleikriti sem frumsýnt verður síðar í vetur. Við stefnum líka að því að fá gestaleiksýningar inn í húsið; Draumasmiðjan kemur hingað í nóvember og setur upp sýningu. Þannig að það er margt fram undan hjá leikfélaginu á næstunni sem hefði varla verið mögulegt án húsnæðisins.“

Hörður telur ekki síður líklegt að nýja húsnæðið komi til með að efla tengsl leikfélagsins við Kópavogsbæ og íbúa hans. „Maður sér á bæjarfélögum eins og Húsavík og Reykjanesbæ, þar sem leikfélögin hafa sitt eigið húnsæði, að þar fer fram afar öflug starfsemi. Þar hafa leikfélögin einnig sterk tengsl við íbúa bæjarins. Því vonast ég til að þetta nýja húsnæði muni veita okkur sóknarfæri á því sviði.“

Fyrsta leikritið sem Leikfélagið setur upp í nýja húsnæðinu er hið fyrrnefnda, Skugga-Sveinn eftir Matthías Jochumsson, en verkið er þó sett í nútímalegan búning. „Okkur þótti við hæfi að hefja nýtt tímabil í sögu leikfélagsins með því að sameina gamalt og nýtt. Leikritið Skugga-Sveinn er náttúrulega eitt helsta tákn gamla tímans í íslenskri leiklist,“ útskýrir Hörður og heldur áfram: „Við vildum heiðra forvera okkar sem stofnuðu leikfélagið fyrir rúmum fimmtíu árum með því að setja upp gamalt verk, en við tökum það þó nútímalegum tökum þannig að úr verður dálítið öðruvísi Skugga-Sveinn en fólk hefur átt að venjast. Það mætti segja að við séum að horfa bæði til fortíðar og framtíðar með þessarri sýningu.“

Næsta sýning á Skugga-Sveini verður í kvöld. Þeir sem hafa áhuga á að bregða sér á hana eða kynna sér frekar starfsemi Leikfélags Kópavogs geta komið við á vefsíðunni www.kopleik.is.

vigdis@frettabladid.is

## AFMÆLI



**MAHMOUD AHMADINEJAD,** forseti Írans, er 52 ára.



**JOAQUIN PHOENIX** leikari er 34 ára.



**BILL GATES,** einn af stofnendum Microsoft, er 53 ára.




†

*Faðir okkar, tengdafaðir, afi og fyrrverandi eiginmaður,*

**Ole Houe**

Humlum, Danmörku,

er látinn.

**Sara Þórunn Óladóttir Houe** **Sölvi Þórðarson**
**Hjalti Thomas Houe**
**Viktor Orri Sölvason**
**Guðrún Þóra Hjaltadóttir**



†

**Heiðrún Soffía Steingrímsdóttir,**

Grundargerði 3a, Akureyri,

sem lést 18. október, verður jarðsungin frá Akureyrarkirkju fimmtudaginn 30. október og hefst athöfnin kl. 13.30.

**Edda H. Þorsteinsdóttir**
**Þorsteinn Jónatansson**
**og aðrir aðstandendur.**



†

*Okkar ástkæri eiginmaður, faðir, tengdafaðir, sonur, tengdasonur og afi,*

**Vilhjálmur Fenger**

Nesbala 44, Seltjarnarnesi,

verður jarðsunginn frá Dómkirkjunni í Reykjavík miðvikudaginn 29. október kl. 15.00.

**Kristín Fenger**
**Björg Fenger** **Jón Sigurðsson**
**Ari Fenger** **Helga Lilja Gunnarsdóttir**
**Borghildur Fenger**
**Ruth Pálsdóttir**
**Sigurður, Styrmir og Vilhjálmur Darri.**



†

*Elskuleg tengdamóðir, amma og langamma,*

**Þorgerður Pétursdóttir,**

lést á hjúkrunarheimilinu Eir miðvikudaginn 22. október. Útförin fer fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Hulda Valdís Þórarinsdóttir**
**Ásmundur Þór Hreinsson**
**Fjóla Þorgerður Hreinsdóttir** **Bjarni S. Bergsson**
**Pétur Gauti Hreinssson** **Margrét Sigurðardóttir**
**og barnabarnabörn.**



†

*Ástkær sonur okkar, bróðir, barnabarn, barnabarnabarn og frændi,*

**Bjarni Salvar Sigurðsson,**

til heimilis að Stuðlabergi 76, Hafnarfirði,

andaðist á Barnaspítala Hringsins þann 23. október sl.

**Rakel Hrund Matthíasdóttir** **Sigurður Þór Björgvinsson**
**Þórunn Lea Sigurðardóttir**
**Elsa Bjarnadóttir** **Matthías Eyjólfsson**
**Þórunn Ólafsdóttir** **Daníel Magnús Jörundsson**
**Ragnheiður Reynisdóttir** **Björgvin Helgi Halldórsson**
**Sigríður Þorleifsdóttir**
**og aðrir aðstandendur.**

# Plast-kassar
í öllum stærðum

Undir smáhlutina | Undir bókhaldið
Í eldhúsið | Undir ljósmyndir
Í bílskúrinn | Í þvottahúsið
Heima | Í bílinn
Í sumarbústaðinn | Undir verkfærin
Undir saumadótið | Í barnaherbergið
Í geymsluna | Undir garðáhöldin




TAKK
hreinlæti ehf.

Viðarhöfða 2 - 110 Reykjavík - Sími 577-6500
Kíktu á heimasíðuna okkar
www.takk.is



# 10%
vaxtaauki!

Nýttu þér þetta **TILBOÐ** og stofnaðu reikning á **spron.is**

spron
– bankinn þinn







FRÉTTABLAÐIÐ

Munum eftir að kveikja á útiljósunum

Nú þegar farið er að myrkva úti viljum við vinsamlega minna íbúa á að hafa kveikt á útiljósum við heimili sín til að auðvelda blaðberum Fréttablaðsins aðgengi að lúgu.

Póst húsið
www.posthusid.is

Pósthúsið ehf I Suðurhraun 1
210 Garðabær I s: 585 8300



# Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.



Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið






NOKKUR ORÐ
**Freyr Gígja Gunnarsson**

# Höfuðlaus her

Á Austurvelli stóðu nokkrar hræður. Vindur var kaldur og örfá snjókorn reyndu af miklum vanmætti að lita jörðina hvíta. Maður gekk um með pitsukassa og bauð öllum sneið. Rithöfundur stóð inni í vörubíl og las af blaði. Þakkaði auðjöfrum nærveru sína, þeir ættu jú sök á því hvernig komið var fyrir þjóð hans. Í fjölmiðlum þennan sama dag lýstu auðjöfrarnir því hins vegar yfir að þetta væri ekkert þeim að kenna. Heldur stjórnvöldum. Og þá sérstaklega þessum seðlabankastjóra sem öllum er í nöp við. Hann hefur bent á útrásarvíkingana sem blóraböggla en ríkisstjórnin vill helst gefa öllum upp sakir. Forystusauðir hennar skella skuldinni nefnilega á útlendinga. Og þá helst Breta.



„Áttu mótmælin ekki að vera klukkan fjögur?“ Roskin kona kom af fjöllum og skildi ekki hvað uppáhaldshöfundurinn hennar var að vilja inni í vörubílnum. Hann átti ekki að byrja að tala fyrr en eftir hálftíma. „Nei, þetta eru önnur mótmæli. Hin eru klukkan fjögur. Það er allt annað fólk.“ Konan gafst upp og fór heim. Reiði hennar yfir glataða sparifénu varð að bíða betri tíma. Og svo var hún líka á báðum áttum. Var þetta allt saman Davíð að kenna, eða Björgólfi? Ríkisstjórninni eða Bretum? Ekki gat hún farið að mótmæla þessu öllu í einu.

Og þegar klukkan sló fjögur fór útvarpskona í pontu, svo skemmtikraftur og loks fyrrverandi ráðherra. Undir lokin virtust allir hafa sammælst um að breyta setningunni „Þú ert enginn fokkings borgarstjóri“ í „Davíð burt“. Svo var eggi kastað í ráðherrabústaðinn og fáni brenndur.

Svona er hin týpíski íslenski her, höfuðlaus með öllu.

# myndasögur

## Pondus
Eftir Frode Øverli




## Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




## Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




© KFS/Distr. BULLS

## Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



## > LEIKUR SJÁLFA SIG

**Britney Spears** mun að öllum líkindum leika sjálfa sig í kvikmynd byggðri á lífshlaupi hennar. Gerð myndarinnar er í höndum breska leikstjórans **Phils Griffin**, en samkvæmt heimildum breska blaðsins Daily Mirror hafa framleiðendur myndarinnar áhyggjur af því að söngkonan sé ekki tilbúin til að taka st á við hlutverkið vegna undangenginna erfiðleika. Britney er þó sögð vera að ná tökum á lífi sínu eftir að hafa misst forræðið yfir sonum sínum tveimur.



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Jólatónleikar þrátt fyrir áföll

„Við ætlum að láta reyna á þetta og gera þetta eins flott og helst flottara í ár heldur en í fyrra. Við sláum ekkert af,“ segir Björgvin Halldórsson um jólatónleika sína sem verða haldnir í Laugardalshöll 6. desember.

Stórskotalið söngvara mun stíga á svið með Björgvini, þar á meðal börnin hans Svala og Krummi, Kristján Jóhannsson, Páll Óskar, Sigga Beinteins og Raggi Bjarna.

Björgvin hélt þrenna jólatónleika í Höllinni í fyrra frammi fyrir tíu þúsund áheyrendum og ákvað að láta kreppuna ekki koma í veg fyrir að leikurinn yrði endurtekinn í ár. „Það var alltaf hugmyndin að gera þetta að árlegum viðburði því þetta er búið að ganga svo vel. Svo gengu þessi ósköp yfir okkur öll og þá voru menn frekar óvissir um framhaldið. En við ákváðum samt sökum hvatningar frá fólki og annars að láta slag standa, halda góða jólatónleika og reyna að þjappa fólki saman,“ segir Björgvin, sem gefur á næstunni út fjögurra diska safnbox með jólaplötunum sínum. „Við verðum að halda áfram þrátt fyrir áföllin. Við Íslendingar erum ýmsu vanir og við eigum eftir að taka þetta á okkar breiðu bök.“

Björgvin segist ekki hafa farið illa út úr kreppunni og er þakklátur fyrir það. „Ég var ekki að spila í þessu lottói en það finna allir fyrir þessu. Þetta fer gífurlega í pirrurnar á mér og öðrum hvernig hefur spilast úr þessu, en hvað getur maður gert?“

Forsala miða á tónleikana hefst á mánudaginn og er miðaverð á bilinu 4.900 til 9.900 krónur. **- fb**



**BJÖRGVIN HALLDÓRSSON** Björgvin hélt þrenna jólatónleika í Laugardalshöll í fyrra sem heppnuðust einstaklega vel.



**GEFUR 50.000 PUND** Sigurvegarinn í þættinum The Money and the power mun hljóta 50.000 pund frá 50 Cent.

## Gerir raunveruleikaþátt

**Rapparinn Curtis Jackson, betur þekktur sem 50 Cent, vinnur nú að eigin sjónvarpsþætti sem kallast The Money and the power. Í þættinum miðlar rapparinn reynslu sinni af því að harka á götum New York-borgar áður en hann komst í sviðsljósið og munu fjórtán keppendur reyna að feta í fótspor hans. Þátturinn hefur göngu sína vestanhafs 6. nóvember og er sagður vera eins konar hiphop-útgáfa af sjónvarpsþáttunum Apprentice.**

**Verðlaunin eru ekki af verri endanum því 50 Cent mun gefa þeim sem sigrar 50.000 pund.**

## Jean Reno í gamanmynd

Franski leikarinn Jean Reno hefur tekið að sér hlutverk í gamanmyndinni Couples Retreat. Myndin fjallar um fjögur pör sem ferðast til hitabeltiseyjar þar sem þau þurfa að greiða úr ýmsum persónulegum flækjum.

Meðal annarra leikara verða Vince Vaughn, Jon Favreau, Jason Bateman, Kristen Bellog Kristin Davis úr þáttum Sex and the City.



**JAGGER OG RICHARDS** Mick Jagger og Keith Richards spila líklega á næstu plötu Jerry Lee Lewis.

## Góðir gestir hjá Jerry Lee

Goðsögnin Jerry Lee Lewis vonast til að Mick Jagger og Keith Richards úr Rolling Stones verði gestaspilarar á næstu plötu sinni. „Ég hef þekkt þá síðan þeir voru krakkar. Er það ekki magnað? Þeir eru engir krakkar núna,“ sagði Lewis, sem er 73 ára og líklega þekktastur fyrir lagið Great Balls of Fire.

Lewis er hvergi af baki dottinn, enda á leið í tónleikaferð um Evrópu. „Ég hef gaman af tónlist og að spila fyrir framan fjölda fólks. Ef það hættir að mæta þá hætti ég bara að spila.“

# Stjörnuliðið niðurlægt í Kórnum

**Knattspyrnulið Verslunarskóla Íslands og Stjörnulið Egils „Gilzeneggers“ Einarssonar öttu kappi á laugardaginn fyrir gott málefni. 2.500 áhorfendur horfðu hins vegar á stjörnuhrap Egils og félaga.**

Góðgerðarnefnd Verslunarskólans stóð fyrir þessum viðburði og var tilgangurinn að safna fyrir byggingu vatnsbrunna í Gíneu-Bissá. Leikurinn stóð tvisvar sinnum 25 mínútur og var heldur frjálslega farið með allar leikreglur knattspyrnunnar. En það breytti ekki þeirri staðreynd að lið Verslunarskólans mætti ekki með stjörnur í augunum heldur lék á als oddi, tóku stjörnurnar á köflum í bakaríið og unnu leikinn sannfærandi; 3-1.

Meðal þeirra sem reyndu að leika listir sínar með knöttinn voru alþingismaðurinn Sigurður Kári Kristjánsson, kraftajötnarnir Björn Leifsson og Ívar Guðmundsson og hundrað daga borgarstjórinn Dagur B. Eggertsson. Auk þeirra voru sjónvarpsmennirnir Helgi Seljan og Auðunn Blöndal meðal leikmanna en hinum síðarnefnda þótti ekki takast mjög vel upp í leiknum.

**freyrgigja@frettabladid.is**



**STÆLTIR Í KÓRNUM** Þótt All-Star-liðið hefði tapað þá er ljóst að það hefur ýmsilegt til brunns að bera. Frá vinstri má sjá Dísu í World Class, Ívar Guðmundsson útvarpsmann og Bjössa í World Class. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



**NÁÐU EINU MARKI** All-Star-liðið náði að pota inn einu marki en mátti horfa á Verslinga skora þrjú.



**EINSTÖK TILÞRIF** Maðurinn sem sá um þessa hjólhestaspyrnu er enginn annar en Rússlandsfarinn Geir Ólafsson.



**SIGRINUM FAGNAÐ** Verslingar voru að vonum ánægðir með sigurinn og fögnuðu ákaft í leikslok. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



**NIÐURLÚTUR** Fyrirliði og þjálfari All-Star-liðsins, Egill „Gillzenegger“, var niðurlútur að leikslokum enda sárt að tapa.

# Selur allt og flytur til Atlanta

„Börnin mín verða í skóla hérna heima fram að jólum, en ég tek þau með út eftir áramót og eflaust mömmu líka,“ segir Harpa Einarsdóttir, fatahönnuður og teiknari, sem er að flytja til Bandaríkjanna. „Ég var að fara að flytja til Boston og vinna hjá fyrirtækinu Harmonic sem framleiðir meðal annars tölvuleikina Rockband og Guitar Hero, þegar CCP gerðu mér atvinnutilboð í Atlanta sem ég gat ekki hafnað,“ útskýrir Harpa sem hefur hannað búninga fyrir tölvuleikinn EVE online á vegum CCP í eitt og hálft ár, en hún mun nú verða yfirbúningahönnuður í tölvuleiknum World of Darkness. Þar mun hún teikna og sjá um heildarútlit karakteranna í leiknum.

Fyrir flutningana brá Harpa á það ráð að selja meirihlutann af búslóð sinni síðastliðinn laugardag og auglýsti söluna á Facebook síðu sinni, með góðum árangri.

„Ég hefði getað tekið allt með mér, en ég lít á þetta sem nýtt upphaf. Ég seldi rúmið, sófann, tvö málverk, ýmsa húsmuni og meirihlutann af fötunum mínum, en ætli ég taki ekki restina með út. Mig langaði að losa mig við allt gamalt og fara inn í sólina í Atlanta,“ útskýrir Harpa sem flytur út 10. nóvember næstkomandi, en kemur þó aftur í desember til að verja jólunum á Íslandi.

„Manni líður svolítið eins og maður sé að fara af sökkvandi skútu núna og ég vona að fólk fari ekki að flytja af landi brott í stórum stíl, en þegar maður er ein með tvö börn munar öllu að fá greitt í dollurum og þá er erfitt að standast svona tilboð,“ segir Harpa að lokum. **- ag**



**FÉKK GOTT ATVINNUTILBOÐ** Harpa segist ekki hafa getað hafnað tilboði CCP um að verða yfirbúningahönnuður tölvuleiksins World of Darkness og flytur til Atlanta 10. nóvember næstkomandi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Planar aðra ættleiðingu

**Madonna hyggst nú ættleiða annað barn. Samkvæmt heimildum breska blaðsins Daily Star hefur Madonna fengið leyfi til að ættleiða stúlku að nafni Mercy James frá Malaví, en þaðan er drengurinn David Banda sem hún ættleiddi árið 2006. Á þeim tíma lék allt í lyndi á milli hennar og Guys Ritchie, fyrrverandi eiginmanns, en sögusagnir herma að Ritchie hafi verið mótfallinn því að ættleiða í annað sinn.**

**Afi Mercys James, Saxon Maude, hefur lagt blessun sína yfir ættleiðinguna og telur að stúlkan verði komin í umsjá Madonnu fyrir áramót.**



**MADONNA**

NÝTT Í BÍÓ! NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| EAGLE EYE | kl. 5.30D - 8D - 10.30D | 16 |
| EAGLE EYE LÚXUS | kl. 5.30D - 10.30D | 16 |
| MY BEST FRIENDS GIRL | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| MAX PAYNE | kl. 8D - 10.15D | 16 |
| HOUSE BUNNY | kl. 3.40 - 5.45 | L |
| REYKJAVÍK-ROTTERDAM | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 14 |
| SKJALDBAKAN & HÉRINN | kl. 3.45 | L |
| GRÍSIRNIR 3 | kl. 3.45 | L |
| LUKKU LÁKI OG DALTON BRÆÐUR | kl. 3.45 | L |

AUKAKRÓNUR 5%

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 650 kr. ÓDÝRT Í BÍÓ!

| | | |
|---|---|---|
| MAX PAYNE | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 16 |
| BANGKOK DANGER | kl. 5.30 - 8 - 10.20 | 16 |
| HOUSE BUNNY | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | L |
| BURN AFTER READING | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 16 |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| MY BEST FRIENDS GIRL | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 12 |
| THE WOMEN | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| REYKJAVÍK-ROTTERDAM | kl. 5.40 - 8 - 10.10 | 14 |
| MAMMA MIA | kl. 5.30 | L |
| BURN AFTER READING | kl. 8 - 10.15 | 16 |

AUKAKRÓNUR 5%

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| MY BEST FRIENDS GIRL | kl. 8 - 10 | 12 |
| MAX PAYNE | kl. 8 - 10 | 16 |
| REYKJAVÍK-ROTTERDAM | kl. 6 | 14 |
| SKJALDBAKAN & HÉRINN | kl. 6 | L |

AUKAKRÓNUR 5%

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÓNUR

Nýtt í bíó LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| EAGLE EYE - POWER | kl. 5.45, 8 og 10.15 | 16 |
| SKJALDBAKANN OG HÉRINN | kl. 6 (650 kr.) - ÍSL.TAL | L |
| RIGHTEOUS KILL | kl. 10 | 16 |
| REYKJAVÍK ROTTERDAM | kl. 8 og 10 | 12 |
| MAMMA MIA | kl. 6 og 8 | L |

SAMBÍÓIN




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| EAGLE EYE DIGITAL | kl. 5:40D - 8D - 10:30D | 12 |
| EAGLE EYE | kl. 5:40 - 8 - 10:30 | VIP |
| SEX DRIVE | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | 12 |
| MAX PAYNE | kl. 6 - 8:10 - 10:30 | 16 |
| NIGHTS IN RODANTHE | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | L |
| PATHOLOGY | kl. 10:30 | 16 |
| WILD CHILD | kl. 8 | L |
| GEIMAPARNIR m/ísl. tali | kl. 6 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| EAGLE EYE DIGITAL | kl. 6:30 - 9 - 10 | 12 |
| SEX DRIVE DIGITAL | kl. 8 | 12 |
| HAPPY GO LUCKY | kl. 10:10 síð sýn. | 12 |
| JOURNEY 3D DIGITAL-3D | kl. 6 | L |
| WILD CHILD | kl. 6 | L |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| THE HOUSE BUNNY | kl. 8 | L |
| PINEAPPLE EXPRESS | kl. 10:10 | 16 |
| NIGHTS IN RODANTHE | kl. 8 | L |
| BURN AFTER READING | kl. 10:10 | 16 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| EAGLE EYE | kl. 8 - 10:20 | 16 |
| SEX DRIVE | kl. 10:20 | 12 |
| WOMAN | kl. 8 | |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| EAGLE EYE | kl. 8 - 10:10 | 16 |
| CHARLIE BARTLETT | kl. 8 | 12 |
| RIGHTEOUS KILL | kl. 10:10 | 16 |

ÞRIÐJUDAGAR ERU BÍÓDAGAR
500 KR Í BÍÓ • ALLAR MYNDIR • ÞRIÐJUDÖGUM
þriðjudags tilboð kr. 500 í SAMbíóin á ALLAR MYNDIR alla þriðjudaga

# Bretarnir vilja meira kynlíf

**Breskir gagnrýnendur eru á einu máli um að nýjasta James Bond-myndin, Quantum of Solace, sé ekki eins góð og sú síðasta, Casino Royale. Segja þeir Bond ekki nógu kvensaman og heldur ekki nógu breskan í háttum.**


**QUANTUM OF SOLACE** Breskir gagnrýnendur segja nýjustu Bond-myndina ekki jafngóða og þá síðustu, Casino Royale.

Nýja Bond-myndin er beint framhald af Casino Royale, sem fékk frábærar viðtökur fyrir tveimur árum, og eru Bretarnir ekki á eitt sáttir með útkomuna. „Þeir sem hafa ekki séð fyrri myndina eiga hugsanlega eftir að ruglast vegna söguþráðarins og eldri persóna,“ segir í dómi The Sun. „Hérna sést hann miklu oftar með byssuna á lofti heldur en á rúmstokknum. Aðeins einu sinni sjáum við hann beran að ofan, því miður stúlkur. Tvær kynþokkafullar Bond-stúlkur eru í myndinni en aðeins í einu örstuttu atriði í hinni 105 mínútna löngu mynd sést í beran kvenmann. Myndin er ekki eins góð og Casino Royale en hún er samt miklu betri en aðrar hasarmyndir í bíó.“

### Bond leitar hefnda

Söguþráður Quantum of Solace er á þann veg að Bond reynir að stöðva viðskiptajöfurinn Dominic Greene sem ætlar að leggja undir sig allar vatnsbirgðir Suður-Ameríku. Á sama tíma reynir okkar maður að hefna þeirra sem drápu kærustu hans Vesper Lynd í síðustu mynd.

### Meira kynlíf, takk

Sunday Times gefur myndinni aðeins tvær stjörnur af fimm mögulegum og segir hana mögulega vera leiðinlegustu Bond-mynd sögunnar. „Það var vitað mál að það yrði erfitt að feta í fótspor Casino Royale en leikstjóranum Marc Forster hefur tekist að brotlenda þessu vinsæla vörumerki,“ segir í umsögninni.

Telur gagnrýnandinn allan sjarma vanta í Daniel Craig sem Bond og að kvensemi hans sé ekki sú sama og áður. „Bond-leikstjórar takið eftir: meira kynlíf, takk, við erum breskir.“ Nefnir hann Craig sem veikasta hlekk myndarinnar. „Hann lítur vel út í kjólfötum og er frábær í hasaratriðum en þegar hann á að sýna mannlegu hliðina er hann kuldalegur og vélrænn að hætti Schwarzeneggers í Terminator. Hann er ekki lengur sérstaklega breskur í háttum eða nútímalegur.“


**BOND, JAMES BOND** Þessi fræga setning heyrist því miður aldrei í nýju Bond-myndinni.

### Ekkert „Bond, James Bond“

Kvikmyndasíðan Empire Online er ekki á sama máli og gefur myndinni fjórar stjörnur af fimm mögulegum. Þar segir að myndin sé hröð og að útlitið sé flott. „Hugsanlega var það skynsamlegt að reyna ekki að vera stærri og betri en Casino Royale. Maður fær það á tilfinninguna að verkefni Bonds séu rétt að hefjast og að hann þurfi nokkrar myndir í viðbót til að stöðva Quantum-samtökin.“

The Mirror segir að myndin valdi ekki vonbrigðum en nái þó ekki að fanga snilld Casino Royale. „Hún lítur eiginlega ekki út fyrir að vera Bond-mynd. Craig segir aldrei: „Ég heiti Bond, James Bond“, Q er ekki til staðar og hann fær engin flott vopn úr vopnabúrinu. Við sjáum Bond meira að segja í peysu.“

### Craig stendur sig vel

The Guardian gefur myndinni þrjár stjörnur af fimm mögulegum og segir að meira daður, fleiri samtöl og betri persónusköpun hafi vantað. Engu að síður sé um góða hasarmynd að ræða og að Daniel Craig haldi myndinni uppi. „Þetta er ótrúlega erfitt verkefni fyrir leikara og Craig stendur undir því.“

Quantum of Solace verður frumsýnd í Bretlandi á föstudaginn og hérlendis viku síðar, eða 7. nóvember.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Þriðjudagur 28. október**

### Tónleikar



**21.00 Svavar Knútur og Aðalsteinn Ásberg** flytja frumsamið efni í tali og tónum á Græna hattinum, Hafnarstræti 96, Akureyri.

### Ljósmyndasýningar

**Heima - Heiman** Sýning Katrínar Elvarsdóttur ljósmyndara og Sigrúnar Sigurðardóttir menningarfræðings í Ljósmyndasafni Reykjavíkur, Tryggvagötu 15. Sýningin stendur til 23. nóv. og er opin 12.00-19.00 virka daga og 13.00-17.00 um helgar.

**Þjóðin, landið og lýðveldið** Sýning á ljósmyndum Vigfúsar Sigurgeirssonar frá 1936-1960 í myndasal Þjóðminjasafnsins, Suðurgötu 41. Opið alla daga nema mánudaga kl. 11.00-17.00.

### Sýningar

**Mola** Sýning á mynstri og táknum sem saumuð eru í efni af indíánaættbálkum í norðurhluta Colombiu. Kaffihúsið Gerðubergi, Gerðubergi 3-5.

### Myndlist



Listamennirnir **Haukur Dór og Hulda Vilhjálmsdóttir** sýna verk í Gallerí Fold á Rauðarárstíg 14. Opið virka daga 10.00-18.00 og lau. 10.00-14.00.

**Ragnar Lár** Sýning á málverkum og teikningum listamannsins hefur verið opnuð Í Listasal Mosfellsbæjar, Kjarna, Þverholti 2. Opið virka daga kl. 12.00-19.00 og lau. 12.00-15.00

### Síðustu forvöð

**Línan - ferð án fyrirheits** Ingunn St. Svavarsdóttir Yst sýnir verk á Café Karólínu, Kaupvangsstræti 23. Sýningin stendur til 31. okt.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**

# Söngvamynd á toppinn

Söngvamyndin High School Musical 3: Senior Year fór beint í efsta sætið yfir aðsóknarmestu myndirnar vestanhafs um liðna helgi. Þessi framhaldsmynd er sú fyrsta í röðinni sem er sýnd á hvíta tjaldinu því hinar tvær voru eingöngu gerðar fyrir sjónvarp. Fjallar hún um ástarsamband þeirra Troys Bolton og Gabriella Montez sem þau Zaz Efron og Vanessa Hudgens leika.


**HIGH SCHOOL MUSICAL 3** Söngvamyndin sló í gegn vestanhafs.

Í öðru sæti á listanum lenti framhaldshryllingurinn Saw V. Hún er fyrsta myndin í seríunni sem fer ekki beint í efsta sætið aðsóknarlistanum sína fyrstu viku á lista.



**DAVÍÐ Í NÝJUM BÚNINGI** Konan sem kyndir ofninn minn hefur fengið nýjan búning og heitir nú Gæinn sem geymir aurinn minn. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Lýrískur lögfræðingur á netinu

**Finnur Vilhjálmsson lögfræðingur birtir ljóð á netinu. Þar tekur hann á þeim málum sem hæst ber þessa dagana.**

„Ég fæ formið og taktinn lánaðan frá Davíð. Mér fannst áhugavert að stilla upp konunni og vatnsgreidda bankamanninum saman,“ segir lögfræðingurinn og nú ljóðskáldið Finnur Þór Vilhjálmsson. En hann hefur fengið ljóðið sitt, Gæinn sem geymir aurinn minn, birt á vefsíðu tímarits Máls og menningar. Finnur segist ekki áður hafa birt ljóð eftir sig opinberlega, kannski hafi eitt eða tvö kvæði fengið að fljóta með á bloggsíðu hans en þetta sé fyrsta ljóðið hans sem komi fyrir almenningssjónir. „Þetta kom bara til mín í síðustu viku. Nei, ekki í draumi heldur var ég með fullri meðvitund. Ég byrjaði síðan bara á byrjuninni og þetta endaði svona.“

Finnur birti reyndar ansi magnaðan texta í síðasta hefti tímaritsins. En það var útskrift á víðfrægu samtali Arnars Gauta og Ásgeirs Kolbeinssonar í einhverjum eftirminnilegasta Innlit/útlit-þætti síðari tíma. „En það var ekki ljóð, heldur bara einhvers konar gjörningur,“ segir Finnur sem útilokar ekki að fleiri ljóða sé að vænta frá honum innan tíðar.

freyrgigja@frettabladid.is

## GÆINN SEM GEYMIR AURINN MINN

Ég finn það gegnum netið
að ég kemst ekki inn
á bankareikninginn,
en ég veit að það er gæi
sem geymir aurinn minn,
sem gætir alls míns fjár,
og er svo fjandi klár,
kann fjármál upp á hár,
býður hæstu vextina,
og jólagjöf hvert ár.

Ég veit hann axlar ábyrgð,
en vælir ekki neitt,
fær þess vegna vel greitt,
hendur hans svo hvítþvegnar
og hárið aftursleikt.
Þó segi' í blöðunum
frá bankagjaldþrotum
hann fullvissar mig um:
Það er engin áhætta
í markaðssjóðunum.

Ég veit að þessi gæi
er vel að sér og vís;
í skattaparadís
á hann eflaust fúlgur fjár,
ef hann kemst á hálan ís.
Því oftast er það sá,
sem minnstan pening á,
sem skuldin endar hjá. –
Fáir slökkva eldana,
sem fyrstir kveikja þá.

# Syngjum saman með Ragga Bjarna

„Jú, ég er að vinna í plötu sem ég hef lengi ætlað að gera en hef aldrei komist í því ég var að vinna í einhverjum öðrum plötum!“ segir Raggi Bjarna um væntanlega plötu sína. „Þetta er svona „sing-a-long“ plata, gömul lög með íslenskum textum, lög sem allir þekkja og geta sungið með uppi í bústað eða á jólunum eða hvar sem er. Ætli ég láti hana ekki bara heita „Syngjum saman með Ragga Bjarna“.“

Sum lögin voru menn eins og Alfreð Clausen, Haukur Morthens og Óðinn Valdimarsson með á sínum tíma en aðeins eitt hefur Raggi sjálfur tekið áður: „Það heitir „Hvar er bruninn“ og er tileinkað slökkviliðinu,“ segir söngvarinn. „Ég söng það með Sextett Svavars Gests á sínum tíma. Það er með sírenum og öllu.“

Raggi segir valinkunna söngvara syngja með honum á nýju plötunni, meðal annars Bjarna Ara. Það styttist til jóla. „Ætli ég þurfi ekki að að syngja þetta allt inn á einum degi eins og í gamla daga,“ gantast Raggi.

Raggi verður 75 ára á næsta ári og má búast við ýmsum uppákomum á afmælisárinu. Styttu kannski? „Nei, vonandi ekki styttu,“ segir Raggi og hlær. „En það er meiningin að leigja Laugardalshöll og læti. Þorgeir Ástvalds og dóttir hans eru að búa til yfirlitsmynd. Þau hafa úr nógu efni að moða. það eru til alveg fleiri plastpokarnir af efni.“

- drg



**LEIGIR LAUGARDALSHÖLL Á NÆSTA ÁRI** Raggi Bjarna gerir plötu fyrir alla.

# Tónlistarveisla í Gramminu

**Raftónlistar- og rokkveisla var haldin í vinnustofunni Gramminu við Smiðjustíg fyrir skömmu. Raftónlistarmaðurinn 701 spilaði þar dáleiðandi raftónlist sína og Faðirvor rokkaði frumsamda sálmatónlist.**

Í Gramminu starfar fjöldi fólks að listsköpun sinni á ýmsum sviðum. Þar má nefna Reykjavík!, Borko og FM Belfast, auk annarra hljómsveita og sjónlistarmanna. Einnig er útgáfufyrirtækið Kimi Records með aðsetur þar.



**701** Raftónlistarmaðurinn 701 dáleiddi áheyrendur með tónum sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**GYLFI OG VALGERÐUR** Gylfi Sigurðsson og Valgerður Sigurðardóttir hlustuðu á raftónlistar- og rokkveisluna.



**SÓLRÚN OG MARÍA** Sólrún og María Þórólfsdætur litu við í Gramminu.



**HLUSTAÐ MEÐ ATHYGLI** Tónleikagestir hlustuðu með athygli á 701 og Faðirvor.



## > Ian Jeffs til Vals

Valsmenn tilkynntu í gærkvöldi að þeir hefðu gert samning við miðjumanninn Ian David Jeffs. Sá hefur leikið í mörg ár hér á landi, fyrst með ÍBV og nú síðast með Fylki. Jeffs hefur staðið sig afar vel og mun styrkja Valsliðið talsvert. Þetta er annar leikmaðurinn sem Valur semur við á skömmum tíma því varnarmaðurinn Reynir Leósson gekk í raðir þeirra fyrir nokkrum dögum síðan. Valsmenn seldu tvo sterka leikmenn frá félaginu í sumar og virðast vera eina félagið sem er ekki í krepputeygjunum þessi misserin því ekkert annað félag hefur verið að styrkja sig.



**sport**

sport@frettabladid.is

**DÚFA DRÖFN ÁSBJÖRNSDÓTTIR, FYRIRLIÐI HAMARS:** HAMAR Í TOPPSÆTINU Í KVENNAKÖRFUNNI

# *Erum gleðigjafarnir í blómabænum þessa dagana*

Kvennalið Hamars er á toppnum í Iceland Express-deildinni í körfubolta eftir að hafa unnið þrjá fyrstu leiki tímabilsins. Dúfa Dröfn Ásbjörnsdóttir er ekki gömul (26 ára) en tekur samt að sér hlutverk reynsluboltans í hinu unga liði Hvergerðinga.

„Þetta er frábær byrjun og við ætlum að halda alveg ótrauðar áfram. Við höfum verið að bæta varnarleikinn leik frá leik. Við stefnum á að bæta vörnina og þá kemur hitt með,“ segir Dúfa sem er fyrirliði liðsins.

„Það hefur orðið ákveðin hugarfarsbreyting í liðinu, stelpurnar í liðinu eru farnar að vilja ná árangri og þess vegna farnar að leggja meira á sig til þess að hann komi. Sigurinn á móti KR var rosalega stór og gaf liðinu mikið sjálfstraust enda sýndi þetta okkur að þetta er alveg hægt og þessi lið eru ekki ósigrandi,“ segir Dúfa sem er sá leikmaður í deildinni sem skilar af bekknum í fyrstu þremur umferðum deildarinnar. Dúfa sættir sig alveg við það hlutverk að vera ekki í byrjunarliðinu. „Það er bara þjálfarinn sem ræður og ef hann vill að ég sé í þessu hlutverki þá skilar maður bara sínum mínútum. Á meðan maður skilar einhverju til liðsins þá er það bara gott mál að koma inn af bekknum,“ segir Dúfa og bætir við. „Mitt hlutverk er meira að reyna að miðla minni reynslu til yngri leikmannanna og vera þeim innan handar ef það er eitthvað. Ég mun reyna að halda leikmönnunum niðri á jörðinni af því að þær hafa aldrei lent í því áður að vera í efsta sæti eftir þrjá leiki.“

Dúfa segir kvennaliðið fá mikla athygli í bænum. „Við finnum fyrir miklu meiri áhuga á liðinu og maður heyrir að allir séu að fylgjast með. Það eru líka allir jákvæðir sem veitir ekki af á þessum tímum. Við erum eiginlega gleðigjafarnir í blómabænum þessa dagana,“sagði Dúfa í léttum tóni. Hamar heimsækir Grindavík í næsta leik. „Næstu leikir skipta öllu máli. Ef við förum að tapa næstu leikjum þá skiptir byrjunin engu máli og gleymist bara.“



MYND/KAREN ÓSK GUÐMUNDSDÓTTIR



**ALLT UNDIR Í NÆSTA LEIK** Dóra María Lárusdóttir í landsleik. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Ísland í umspili fyrir EM:

## Eina útiliðið sem vann ekki

**FÓTBOLTI** Heimaliðunum gekk ekki vel um helgina í fyrri leikjum sínum í umspili Evrópukeppni kvenna í Finnlandi 2009.

Jafntefli Íra gegn Íslendingum var besti árangur heimaliðs í þessum fimm umspilsleikjum því í öllum hinum leikjunum vann „sterkara“ liðið sigur á útivelli.

Ítalir unnu í Tékklandi (1-0), Hollendingar unnu á Spáni (2-0), Úkraína vann í Slóveníu (3-0) og Rússar unnu í Skotlandi (3-2). Ítalir voru í riðli með Írlandi og unnu báða leikina, 2-1 í Dublin og svo 4-1 á heimavelli. Slóvenar voru aftur á móti með íslenska liðinu í riðli.

Seinni leikur Íslands og Írlands fer fram á Laugardalsvellinum klukkan 18.10 á fimmtudag. - óój



**MEIDDUR** Eiður Smári missir af fjórða leiknum í röð í kvöld. NORDICPHOTOS/GETTY

Bikarleikur hjá Barcelona:

## Eiður missir af fleiri leikjum

**FÓTBOLTI** Eiður Smári Guðjohnsen verður ekki í leikmannahópi Barcelona sem sækir Benidorm heim í spænska bikarnum í kvöld.

Þetta verður því fjórði leikurinn í röð sem Eiður missir af vegna meiðsla sem hann varð fyrir í landsleiknum á móti Makedóníu. Eiður missti einnig af deildarleikjum á móti Bilbao (1-0) og Almeria (5-0) og var heldur ekki með í 5-0 sigri á Basel í Meistaradeildinni.

Þjálfarinn Pep Guardiola hefur ákveðið að hvíla þá Victor Valdés, Rafael Márquez, Carles Puyol, Xavi, Andrés Iniesta og Lionel Messi í þessum leik en auk Eiðs Smára þá glíma einnig Gabriel Milito, Pedro og Seydou Keita við meiðsli. - óój

# Meistaraáhrif Íslendinga í Noregi

**Níu af síðustu ellefu meistaraliðum í Noregi hafa verið með íslenskan leikmann í sínum liðum. Fimm íslenskir leikmenn orðið norskir meistarar á síðustu tveimur tímabilum, þar af tveir í ár með Stabæk-liðinu.**

**FÓTBOLTI** Veigar Páll Gunnarsson og Pálmi Rafn Pálmason urðu um helgina sjöundu og áttundu íslensku knattspyrnumennirnir sem ná að vinna norsku úrvalsdeildina í knattspyrnu, þegar þeir skoruðu saman fjögur af sex mörkum Stabæk í 6-2 sigri á Vålerenga.

Veigar Páll Gunnarsson hefur átt frábært tímabil með Stabæk og er sá leikmaður sem hefur gefið flestar stoðsendingar (14) og komið að flestum mörkum (24) þegar aðeins ein umferð er eftir. Veigar Páll skoraði þrennu í sigrinum um helgina og varð þar með fyrsti íslenski leikmaðurinn sem nær að skora tíu mörk fyrir meistaralið í Noregi. Pálmi Rafn Pálmason var keyptur til liðsins á miðju sumri og hann hefur skorað mörk í síðustu tveimur leikjum aðeins nokkrum mínútum eftir að hafa komið inn á sem varamaður.

Það er ekki nóg með að Íslendingar séu í aðalhlutverki hjá norsku meisturunum annað árið í röð heldur er þetta annað árið í röð þar sem silfurliðið, nú Fredrikstad, hefur einnig Íslending innan sinna raða. Í fyrra var það Veigar Páll Gunnarsson og félagar í Stabæk sem urðu í öðru sæti en í ár eru það Garðar Jóhannsson og félagar í Fredrikstad sem vinna silfrið.

Íslendingar hafa reyndar hreppt silfrið í norsku úrvalsdeildinni undanfarin fimm tímabil og þrjú skipti af þessum fimm hefur Íslendingaliðið gert betur árið eftir og tryggt sér meistaratitilinn.

Þannig var það hjá Stabæk í ár og Brann í fyrra en eins unnu Árni Gautur Arason og félagar í Vålerenga norsku deildina árið 2005 eftir að hafa endað í 2. sæti á minnsta markamun árið á undan. Það verður því fróðlegt að fylgjast með Garðari og félögum í Fredrikstad á næsta tímabili.

Kristinn Björnsson varð fyrsti íslenski knattspyrnumaðurinn til að verða norskur meistari þegar hann var í herbúðum Vålerenga 1981. Kristinn fótbrotnaði reyndar í upphafi tímabils og fékk ekki mikið að spreyta sig eftir að hann kom aftur úr meiðslum. Hann er engu síður frumkvöðull í velgengni íslenskra knattspyrnumanna í norska fótboltanum.

Gunnar Gíslason varð næstur á eftir Kristni til að vinna norska meistaratitilinn en það gerði hann með Moss árið 1987. Gunnar var þarna á sínu fyrsta ári með liðinu sem voru nýliðar í deildinni.

Það liðu síðan ellefu ár þar til íslenskur leikmaður varð norskur meistari en þá kom Árni Gautur Arason inn í hina ótrúlegu sigurgöngu Rosenborg og varð Noregsmeistari sex ár í röð þar af þrisvar sem aðalmarkvörður liðsins. Þjálfari bæði Gunnars og Árna Gauts var Nils Arne Eggen sem alls gerði þrettán lið að norskum meisturum frá 1987 til 2002.

Árni Gautur náði einnig að vinna norska titilinn með Vålerenga 2005 og hefur sjö sinnum orðið norskur meistari en hann er eini Íslendingurinn sem hefur unnið hann oftar en tvisvar.

Ísland hefur einnig eignast meistara í kvennaboltanum. Katrín Jónsdóttir náði því að verða norskur meistari með Kolbotn árið 2002. Katrín skoraði þá 8 mörk í 18 leikjum og var í stóru hlutverki hjá liðinu.

Fjórtán íslenskir leikmenn spiluðu í norsku úrvalsdeildinni á þessu tímabili og ekki að ástæðulausu því það er ekki nóg með að þeir finni sig vel í norska boltanum heldur hafa þeir sannkölluð meistaraáhrif á sín lið. ooj@frettabladid.is



**MEÐ BIKARINN** Pálmi Rafn Pálmason og Veigar Páll Gunnarsson fagna norska titlinum sem þeir unnu með Stabæk á sunnudaginn. MYND/JOHAN STUB



**SJÖFALDUR MEISTARI** Árni Gautur Arason hefur unnið norska titilinn sjö sinnum á sínum ferli en hann vann norsku 1. deildina með Odd Grenland um helgina. SCANPIX

**ÍSLENSKIR MEISTARAR Í NORSKU DEILDINNI**

| | |
|---|---|
| Kristinn Björnsson | Vålerenga 1981 |
| Gunnar Gíslason | Moss 1987 |
| Árni G. Arason | Rosenborg 6 sinnum (1998, 1999, 2000, 2001, 2002, 2003) |
| Árni Gautur Arason | Vålerenga 2005 |
| Kristján Örn Sigurðsson | Brann 2007 |
| Ólafur Örn Bjarnason | Brann 2007 |
| Ármann Smári Björnss. | Brann 2007 |
| Veigar Páll Gunnarss. | Stabæk 2008 |
| Pálmi Rafn Pálmason | Stabæk 2008 |

Leikur Íslands og Írlands á fimmtudag í uppnámi:

## Laugardalsvöllur frosinn

**FÓTBOLTI** Svo gæti farið að síðari leikur Íslands og Írlands í umspili EM geti ekki farið fram á fimmtudag. Völlurinn er frosinn og ekki í leikhæfu ástandi sem stendur.

„Snjórinn sem féll síðast á völlinn er frosinn í grasinu og í raun bara klaki. Það er spáð rigningu eða slyddu á miðvikudag og ef því fylgir hiti yfir frostmarki gæti þetta sloppið fyrir horn,“ sagði Jóhann G. Kristinsson vallarstjóri en hann og vaskar hjálparhellur mokuðu völlinn er snjór féll á hann fyrir bikarúrslitaleikinn og hann fór því fram á settum tíma.

„Þá féll snjór ofan á mjúkan völlinn og því ekkert mál að moka hann. Sá snjór sem er á vellinum núna er aftur á móti frosinn í grasinu og því í raun ekkert sem við getum gert.

Við getum ekki einu sinni farið út á völlinn því þá gætum við skemmt grasið,“ sagði Jóhann sem er hæfilega bjartsýnn á að leikurinn fari fram á fimmtudag. Gangi það ekki eftir verður aftur reynt á föstudag og síðan á laugardag.

„Við vonum það besta og munum gera allt sem við getum til að leikurinn fari fram á áætluðum tíma,“ sagði Jóhann að lokum. - hbg



**SKAUTASVELL** Laugardalsvöllur er ekki í leikhæfu ástandi í dag. Snjórinn á vellinum er frosinn og ekkert hægt að gera sem stendur. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



**ÓLAFUR STEFÁNSSON** Gæti tekið áhugavert skref á sínum ferli á næstu dögum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Ólafur Stefánsson:

## Hef ekki skrifað undir neitt

**HANDBOLTI** Ólafur Stefánsson virðist færast nær danska C-deildarliðinu AG Håndbold á hverjum degi.

Síðast í gær lét stjórnarformaður félagsins, Jesper Nielsen, hafa eftir sér í dönskum fjölmiðlum að Ólafur ætti aðeins eftir að skrifa á samninginn.

Ólafur varðist allra frétta um málið í gær er Fréttablaðið náði tali af honum í gær en sagði ummæli Nielsens ekki alveg rétt.

„Ég var búinn að heyra af þessum ummælum Jespers en þau eru ekki alveg rétt. Þetta mál er vissulega í gangi en það hefur ekki verið tekin endanleg ákvörðun og ég hef ekki skrifað undir neitt enn sem komið er,“ sagði Ólafur en líkt og kemur fram í viðtalinu við Niki Christensen framkvæmdastjóra hér til hægri vonast félagið til þess að fá botn í málið á næstu tveimur vikum.

Jesper Nielsen sagði enn fremur í viðtali við sporten.dk í gær að Ólafur yrði kynntur sem leikmaður félagsins í janúar ásamt 3-4 öðrum leikmönnum. Nielsen greinir frá því að Ólafur muni flytja inn í hús hans í Danmörku og fá glæsibifreið frá félaginu – annaðhvort Porsche eða Ferrari.

Einnig kemur fram í fréttinni að Ólafur muni fá um 6-8 milljónir króna í mánaðarlaun frá félaginu.

Á sama vef er einnig greint frá því að félagið hafi íhugað að fá sænska landsliðsmanninn Kim Andersson til félagsins en þar sem hann sé með langtímasamning við annað félag hafi ekki komið til greina að félagið gæti reynt við hann. Þess má geta að Andersson hefur samið við félag Ólafs, Ciudad Real, og vill félagið að Ólafur verði honum til aðstoðar í það minnsta fyrsta árið. - hbg

# AG á að vera stórveldi í Evrópu

**Niki Christensen, framkvæmdastjóri danska handboltaliðsins Albertslund/Glostrup, eða AG Håndbold, segir að félagið ætli sér stóra hluti á næstu árum og að fá Ólaf Stefánsson í liðið undirstriki þann metnað félagsins. Stefna félagsins er að verða stórveldi í evrópskum handbolta innan fárra ára.**

**HANDBOLTI** Það er óhætt að segja að fréttir af meintri brottför Ólafs Stefánssonar frá Spáni til danska C-deildarliðsins Albertslund/Glostrup, eða AG, hafi vakið athygli. Fáir Íslendingar hafa heyrt minnst á þetta litla félag í Danmörku enda ekki verið að gera merkilega hluti.

Það eru aftur á móti breyttir tímar hjá félaginu síðan KasiGroup með Jesper Nielsen í broddi fylkingar kom með peninga inn í félagið. Markmið félagsins er í kjölfarið einfalt – að gera AG að besta félagi Danmerkur sem og að einu besta félagi Evrópu.

### Bjartsýnir á að fá Ólaf til danska félagsins

„Við erum í samningaviðræðum við Ólaf og ég átti mjög jákvætt spjall við Ólaf og umboðsmann hans. Vonandi verður af því að Ólafur komi til okkar næsta sumar. Það liggur samt ekki enn fyrir en vonandi skýrist málið á næstu tveimur vikum,“ sagði Niki Christensen, framkvæmdastjóri AG Håndbold við Fréttablaðið í gær er hann var spurður um hver staðan væri í samningaviðræðunum við Ólaf. „Við erum bjartsýnir á að Ólafur semji við okkur en maður veit aldrei í íþróttum í dag.“

Eins og áður segir er félagið stórhuga og það ætlar sér að næla í fleiri stóra bita en Ólaf.

„Þegar við komumst upp í efstu deild stefnum við á að semja við nokkra danska landsliðsmenn en fyrir næsta ár stefnum við að því að næla í annan stóran bita með Ólafi sem kemur vonandi.

Stefnan er að frá árinu 2010 verði liðið komið í efstu deild og geti í kjölfarið farið að keppa við bestu lið Evrópu. Sýn okkar og markmið er að gera þetta félag að einu því besta í Danmörku. Skrifuð markmið félagsins er að verða danskur meistari eigi síðar en 2012 og komast í Meistaradeildina fyrsta árið okkar í efstu deild,“ sagði Christensen án þess að hika.

Það segir sig sjálft að slíkur árangur næst ekki án verulegs fjármagns.

„Við erum með afar góðan styrktaraðila í KasiGroup og aðalmaðurinn þar, Jesper Nielsen, er stjórnarformaður félagsins og við erum í miklum samskiptum. Við höfum mikinn metnað og teljum okkur hafa góða áætlun og nægilegt fjármagn til þess að ná markmiðum okkar. Að okkar mati eru þessi markmið þess utan raunhæf,“ sagði Christensen.

### Draumur allra félaga að semja við Ólaf Stefánsson

Þegar félagið ákvað að reyna að lokka stórstjörnur til félagsins kom nafn Ólafs Stefánssonar fljótt upp. „Ólafur er einn besti handboltamaður heims. Ég tel að það yrði draumur fyrir öll lið að fá Ólaf til sín. Við höfum mikinn metnað og þess vegna viljum við fá Ólaf til okkar.

Hann er ekki bara góður handboltamaður heldur sterkur karakter sem gerir aðra leikmenn betri. Ólafur er þess utan afar þekktur og virtur hér í Danmörku,“ sagði Christensen en félagið hefur ekki í hyggju að fá Ólaf til að þjálfa. Núverandi þjálfari, Sören Herskind, mun stýra liðinu næstu þrjú ár ásamt danska landsliðsmanninum Klaus Bruun Jörgensen sem spilar með Íslendingafélaginu FCK.

Það er talað um að Ólafur verði hæstlaunaði handboltamaður heims semji hann við AG. Er það satt?

### Verður með launahærri leikmönnum Danmerkur

„Ég veit ekki hvað leikmenn í öðrum félögum fá en ég tel að hann yrði með þeim launahærri í Danmörku. Það segir sig sjálft enda yrði Ólafur besti leikmaðurinn í danska handboltanum ef hann kæmi þangað. Annars held ég að peningarnir skipti ekki mestu hér. Það er áskorunin og tækifærið að búa til eitthvað sérstakt hjá þessu félagi nánast frá grunni,“ sagði Christensen.

Heimavöllur AG þessa dagana er í Glostrup en húsið þar tekur um 1.000 manns. Það er ljóst að slíkt hús mun ekki uppfylla kröfur félagsins í langan tíma og því er flutningur á dagskránni.

„Við erum að skipuleggja flutning í Bröndby Halle. Þar komast 4.700 manns fyrir í dag. Bröndby ætlar að kaupa höllina og leigja okkur aðgang að henni. Höllin er farin að láta á sjá og þarf nauðsynlega á andlitslyftingu að halda sem við munum fara í.

Eftir þá vinnu verður húsið betra fyrir áhorfendur og sérstaklega VIP-hlutinn. Breytingarnar á VIP-svæðinu gætu reyndar fækkað sætum fyrir venjulega áhorfendur en aðstaðan verður til fyrirmyndar,“ sagði Niki Christensen að lokum.

henry@frettabladid.is



**STÓRHUGA** Niki Christensen, framkvæmdastjóri AG Håndbold, segir félagið ætla sér að komast í Meistaradeildina á fyrsta ári í efstu deild. Félagið á að verða danskur meistari eigi síðar en 2012 og síðan keppa við bestu lið Evrópu. MYND/AG HÅNDBOLD



**SPILA Í LITLU HÚSI** Heimavöllur AG í dag tekur um 1.000 manns í sæti en fyrirhugaður er flutningur í Bröndby Halle sem tekur um 5.000 manns. Höllin verður gerð upp og ekkert sparað í VIP-aðstöðu. MYND/AG HÅNDBOLD

Skartgripakóngurinn Jesper Nielsen, sem vill kaupa Ólaf Stefánsson til AG Håndbold, byggði upp risafyrirtæki úr engu:

# Ævisagan eins og samin fyrir bandaríska bíómynd

**HANDBOLTI** Maðurinn sem er að vinna í því að fá Ólaf Stefánsson til Danmerkur hefur bæði sterk tengsl við handbolta og íslenska leikmenn.

Skartgripadreififyrirtækið hans er styrktaraðili danska fótboltafélagsins Bröndby og þýsku handboltafélaganna Rhein-Neckar Löwen, THW Kiel og Flensburg en öll þessi félög eiga það sameiginlegt að vera með Íslendinga í fararbroddi. Stefán Gíslason er fyrirliði Bröndby, Alfreð Gíslason þjálfar Kiel og þeir Guðjón Valur Sigurðsson (Rhein-Neckar Löwen) og Alexander Petersson (Flensburg) eru lykilmenn í sínum liðum.

Það er aðeins eitt félag KasiGroup af þeim sem eru styrkt af KasiGroup - danska 3. deildarliðið Albertslund/Glostrup. Það gætið hins vegar breyst ef Ólafur fellst á að koma til liðsins.

Ævisaga Danans Jesper Nielsen er efni í bandaríska bíómynd en á örfáum árum byggði hann upp úr engu risafyrirtæki á sviði skartgripasölu og dreifingu um þýskumælandi markaði Evrópu. Nú er ætlunin að endurtaka leikinn en ekki í heimi viðskiptanna heldur í heimi handboltans. Fyrirtæki hans, KasiGroup, hefur tekið saman við handboltafélögin Albertslund og Glostrup um að búa til framtíðarstórveldi í evrópskum handbolta.

Líkt og með KasiGroup sem varð til á fimm árum þá er ætlunin að Albertslund/Glostrup spili í Meistaradeildinni strax árið 2011 en liðið er sem stendur í dönsku C-deildinni.

Stefnan er síðan að vera besta handboltalið í Evrópu 2013 en samkvæmt því ætlar hann sér að taka jafnlangan tíma í að byggja upp liðið og það tók hann að byggja upp KasiGroup fyrirtækið.

Jesper Nielsen er 38 ára gamall og rekur fyrirtækið ásamt fjölskyldu sinni og meðeigendum, föður sínum Jan Nielsen, móður sinni Dorthe og systur sinni Annette Laustrup.

Móðir hans er gjaldkeri og systir hans er sölustjóri. Það var hins vegar Jesper sjálfur sem sagði upp starfi sínu fyrir fimm árum, tók 400 þúsund danskra króna veð í húsi foreldra sinna og lagði af stað í söluferð um Þýskaland án þess að kunna stakt orð í þýsku. Velgengnin var engu lík en hún er að stórum hluta byggð í kringum Pandora-skartgripakeðjuna sem KasiGroup varð drefingaraðili fyrir. Í dag er KasiGroup dreifingaraðili fyrir 175 skartgripasala í Danmörku, Þýskalandi, Austurríki og Sviss. Veltan 2006/07 var upp á 191 milljón danskra króna og hagnaður fyrirtækisins 23 milljónir danskra króna. Framtíðarsýn fyrirtækisins er að stækka enn frekar og leiðin að því hefur verið að krækja í einkaréttinn í Evrópu af þekktum merkjavörum sem hafa gert það gott á bandarískum markaði.

Jesper Nielsen er uppalinn í Bröndby-hverfinu og það vakti mikla athygli í Danmörku þegar KasiGroup gerðist annar af höfuðstuðningsaðilum danska fótboltaliðsins Bröndby. Handboltaáhuga Jespers Nielsen má rekja til að hann spilaði með Glostrup-liðinu fyrir tveimur áratugum og í raun hafa allir fjórir meðeigendurnir úr fjölskyldunni spilað handbolta. Jesper spilaði sem leikstjórnandi á handboltavellinum og það kemur því ekki á óvart að maður með auga fyrir handbolta geri allt til þess að krækja í Ólaf okkar Stefánsson. - óój



**SNJALL SÖLUMAÐUR** Jesper Nielsen er snjall viðskiptamaður. MYND/AG

## > Zachary Levi

„Ég hef farið í teygjustökk og fallhlífarstökk og ég fer á hjólabretti og snjóbretti. Svo á ég mótorhjól. Ég er hálfgerður spennufíkill sem kemur sér vel þegar ég leik Chuck.“ Levi leikur Chuck í samnefndum þætti sem sýndur er á Stöð 2 í kvöld.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ ANNA MARGRÉT BJÖRNSSON HLÆR AÐ NARSISSISMA FÉSBÓKARINNAR

# *Ég er minn eigin fjölmiðill*

Facebook-forritið getur verið mjög nytsamlegt og hin ágætis skemmtun. Kollegi sem neitar að fara á Facebook hnussaði hins vegar yfir þessu um daginn og hafði sérstaklega orð á því hversu margir væru með fáranlega tilgerðarlegar „prófíl“-myndir og hversu gelgjulegt þetta atferli væri. Sjálfri hefur mér auðvitað fundist stórkostlega fyndið þegar fólk hleður inn í fullri alvöru svaka heitum myndum af sjálfu sér í hinum og þessum stellingum og fær svo ótal hrós í athugasemdakerfinu um hvað það sé „bara vá vá geggjað!!“ Maður þarf ekkert að heita Ásdís Rán til að vera með netathyglissýki. Hvað býður svona sjálfs-blogg líka upp á annað en hreinræktaðan narsissisma? Annað fyrirbæri sem hefur verulega farið á flug með Facebook er „status update“ eða staða sérhvers einstaklings akkúrat þá stundina. Þar kjósa sumir að tjá sig um þjóðfélagsmálin, aðrir eru fyndnir og sumir eru bara að segja frá því að þeir séu í vinnunni eða elda súpu. Sjálf hef ég prófað að skrifa allt frá því að ég sé að drekka blóð í svartri messu upp í að ég sé krakkfíkill án þess að fá nokkur viðbrögð, en þegar ég sagðist einfaldlega vera „í baði“ fékk ég tíu athugasemdir frá sérlega áhyggjufullu fólki sem hélt að ég væri með tækið ofan í baði og myndi fá raflost. Míníblogg sem þetta er víst það sem koma skal í fjölmiðlun um heim allan og forrit eins og Twitter gerir enn betur en Facebook: það sendir vinum þínum skilaboð um hvað þú ert að gera á öllum stundum sólarhringsins beint í gsm-símann eða á MSN. Sumsé, líf okkar verður orðið að einu allsherjar Truman Show þar sem hundruð manns sem maður þekkir ekki neitt munu ávallt vera upplýstir um hverja einustu klósettferð.



## EKKI MISSA AF



▶ **19.40** Newcastle - WBA STÖÐ 2 SPORT 2



▶ **20.10** Everwood SJÓNVARPIÐ



▶ **20.30** Ally McBeal STÖÐ 2 EXTRA



▶ **20.40** The Big Bang Theory STÖÐ 2



▶ **21.00** Innlit / útlit SKJÁR EINN

## SJÓNVARPIÐ

**16.05 Sportið** (e)

**16.35 Leiðarljós** (Guiding Light)

**17.15 Táknmálsfréttir**

**17.25 Bjargvætturin** (1:26)

**17.50 Latibær** (e)

**18.15 Sunnudagskvöld með Evu Maríu** (e)

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veður**

**19.35 Kastljós**

▶**20.10 Everwood** (19:22) Bandarísk þáttaröð um heilaskurðlækni og ekkjumann sem býr ásamt tveimur börnum sínum í smábænum Everwood í Colorado. Aðalhlutverk: Treat Williams, Gregory Smith, Emily Van Camp og Debra Mooney.

**20.55 Með blæju á háum hælum** (Med slør og høje hæle) (2:6)

**21.25 Viðtalið** Bogi Ágústsson ræðir við dr. Rattan Lal sem er prófessor við háskólann í Ohio í Bandaríkjunum og jafnframt forstöðumaður rannsóknastofnunar við háskólann sem sérhæfir sig í rannsóknum á bindingu kolefnis.

**22.00 Tíufréttir**

**22.25 Rannsókn málsins - Paradísarmissir** (Trial & Retribution XII: Paradise Lost) (2:2) Bresk spennumynd frá 2007 í tveimur hlutum. Lögreglan leitar að nauðgara sem níðist aðeins á konum sem eiga þeldökka kærasta. Aðalhlutverk: David Hayman, Victoria Smurfit og Dorian Lough.

**23.35 Njósnadeildin** (Spooks) (e)

**00.30 Kastljós** (e)

**01.00 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 James and the Giant Peach**

**10.00 The Holiday**

**12.15 Little Manhattan**

**14.00 I'm With Lucy**

**16.00 James and the Giant Peach**

**18.00 The Holiday** Rómantísk gamanmynd með stórleikurunum Jude Law, Cameron Diaz og Kate Winslet í aðalhlutverkum.

**20.15 Little Manhattan**

**22.00 Music and Lyrics**

**00.00 Twitches**

**02.00 Mrs. Harris**

**04.00 Music and Lyrics**

**06.00 Saved!**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Smá skrítnir foreldrar, Kalli kanína og félagar, Dynkur smáeðla, Louie og Tommi og Jenni.

**08.15 Oprah**

**08.55 Í fínu formi**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.30 La Fea Más Bella** (179:300)

**10.15 Grey's Anatomy** (24:36)

**11.15 The Moment of Truth** (10:25)

**12.00 Hádegisfréttir**

**12.35 Neighbours**

**13.00 Buffalo Dreams**

**14.30 Coldplay tónleikar**

**15.20 Sjáðu**

**16.00 Saddle Club**

**16.23 Tutenstein**

**16.43 Ginger segir frá**

**17.08 Ben 10**

**17.33 Bold and the Beautiful**

**17.58 Neighbours**

**18.23 Markaðurinn og veður**

**18.30 Fréttir**

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.17 Veður**

**19.30 The Simpsons**

**19.55 Friends** (22:24)

**20.15 Two and a Half Men** (13:19)

▶**20.40 The Big Bang Theory** (11:17) Leonard og Sheldon eru klárir eðlisfræðingar og nördar sem þekkja eðli alheimsins mun betur en eðli mannsins. Þetta breytist þó þegar þeir kynnast nágranna sínum Penny.

**21.05 Chuck** (9:13) Chuck Bartowski er ósköp venjulegur og lifir frekar óspennandi lífi allt þar til hann opnar tölvupóst með öllum hættulegustu leyndarmálum CIA.

**21.50 Terminator. The Sarah Connor Chronicles** (7:9)

**22.35 The Daily Show. Global Edition**

**23.00 Kompás**

**23.30 Prison Break** (4:22)

**00.15 The Bunnyguards**

**01.35 Buffalo Dreams**

**03.05 Chuck** (9:13)

**03.50 The Big Bang Theory** (11:17)

**04.15 Friends** (22:24)

**04.40 The Simpsons**

**05.05 The Daily Show. Global Edition**

**05.35 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**17.45 Þýski handboltinn - Hápunktar** Hver umferð gerð upp í þessum flotta þætti um þýska handboltann. Handknattleikur á heimsmælikvarða.

**18.25 Þýski handboltinn** Útsending frá leik Lemgo og Hamburg í þýska handboltanum.

**19.45 Fréttaþáttur** Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu þar sem hver umferð er skoðuð í bak og fyrir. Viðtöl við leikmenn liðanna og komandi viðureignir skoðaðar.

**20.15 Science of Golf, The** Í þessum þætti er fjallað um uppsetningu golfvalla og hvernig þeir eru byggðir upp.

**20.40 PGA Tour 2008 - Hápunktar** Farið er yfir það helsta sem er að gerast á PGA mótaröðinni í golfi.

**21.35 Utan vallar með Vodafone** Magnaður umræðuþáttur þar sem íþróttafréttamenn Stöðvar 2 Sport fá til sín góða gesti og ræða málefni líðandi stundar.

**22.25 Spænsku mörkin** Allir leikirnir og öll mörkin úr spænska boltanum skoðuð. Sérfræðingar Stöðvar 2 Sport kryfja alla leiki helgarinnar ásamt þeim Ólafi Kristjánssyni og Heimi Guðjónssyni.

**23.00 Spænski boltinn** Útsending frá leik Atl. Bilbao og Barcelona í spænska boltanum.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**12.50 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Portsmouth og Fulham.

**14.30 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Everton og Man. Utd.

**16.10 Premier League World** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum.

**16.35 Coca Cola mörkin** Allir leikirnir, öll mörkin og allt það umdeildasta skoðað í þessu magnaða markaþætti.

**17.05 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá stórleik Chelsea og Liverpool í ensku úrvalsdeildinni.

**18.45 Ensku mörkin** Allir leikir umferðarinnar í ensku úrvalsdeildinni skoðaðir. Öll mörkin og öll bestu tilþrifin á einum stað.

▶**19.40 Enska úrvalsdeildin** Bein útsending frá leik Newcastle og WBA í ensku úrvalsdeildinni.

**21.50 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik West Ham og Arsenal í ensku úrvalsdeildinni.

**23.30 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Man. City og Stoke í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**06.00 Óstöðvandi tónlist**

**08.00 Dr. Phil** (e)

**08.45 Vörutorg**

**09.45 Óstöðvandi tónlist**

**17.10 Vörutorg**

**18.10 Dr. Phil** Sjónvarpssálfræðingurinn dr. Phil McGraw hjálpar fólki að vandamál, og gefur góð ráð.

**18.55 America's Funniest Home Videos** (19:42) Bráðskemmtilegur fjölskylduþáttur þar sem sýnd eru fyndin myndbrot sem venjulegar fjölskyldur hafa fest á filmu. (e)

**19.20 Singing Bee** (6:11) Íslensk fyrirtæki keppa í skemmtilegum leik þar sem keppendur þurfa ekki að kunna að syngja heldur einungis að kunna textann við vinsæl lög. Kynnir þáttarins er Jónsi og hljómsveitin Buff sér um tónlistina Að þessu sinni eigast við starfsfólk IKEA og Rúmfatalagerinn. (e)

**20.10 Survivor** (5:16) Vinsælasta raunveruleikasería allra tíma. Að þessu sinni fer leikurinn fram innan um villt dýr í frumskógum Gabon í Afríku. Kynnir er sem fyrr sjarmörinn Jeff Probst.

▶**21.00 Innlit / Útlit** (6:14) Hönnunar- og lífsstílsþáttur þar sem Nadia Banine og Arnar Gauti koma víða við. Þau heimsækja skemmtilegt fólk og áhugaverð fyrirtæki. Sýndar verða hagnýtar og skemmtilegar lausnir fyrir heimilið sem þurfa ekki að kosta mikið.

**21.50 In Plain Sight** (6:12) Sakamálasería um hörkukvendi sem vinnur fyrir bandarísku vitnaverndina. Mary á að vernda tvo bræður en vandræðin byrja þegar annar þeirra, sem er efnilegur í körfubolta, gerist spilafíkill.

**22.40 Jay Leno**

**23.30 CSI. New York** (10:21) (e)

**00.20 Law & Order** (5:24) (e)

**01.10 Vörutorg**

**02.10 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18.15 Fréttir** og **Að norðan** Endurtekið á klst. fresti til 12.15 daginn eftir.

**N4 Sjónvarp Norðurlands**
**Digital Ísland rás 15**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.



## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 22.35

**The Daily Show: Global Edition**



Allt er nú á suðupunkti í Bandaríkjunum vegna forsetakosninganna sem fara fram innan örfárra daga. Það þýðir að allt er líka að sjóða upp úr í umtalaðasta, mest verðlaunaða, beittasta og fyndnasta spjallþætti í bandarísku sjónvarpi. Hér fer snillingurinn Jon Stewart á kostum í einstaklega spaugsamri umfjöllun um það sem hæst ber hverju sinni. Engum er hlíft – allra síst Söruh Palin – og allir eru tilbúnir til að mæta í þáttinn og láta Stewart taka sig í bakaríið. Í síðustu viku fór hann mikinn í umfjöllun sinni um endasprettinn fyrir forsetakosningarnar og hér er samantektin. Ómissandi þáttur fyrir alla sem vilja vera með á nótunum og líka þá sem einfaldlega kunna að meta góðan og beinskeyttan húmor.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

**Með blæju á háum hælum**

**Sjónvarpið kl. 20.55**

Mörgum dettur fyrst í hug klerkaveldi og kvennakúgun þegar Íran ber á góma. Samt eru sjö af hverjum tíu stúdentum við háskólann í Teheran konur og unga kynslóðin í Íran er betur menntaðri og framsæknari á flestum sviðum en gengur og gerist í Austurlöndum nær. Danska blaðakonan Anja Al-Erhayem ferðast til Íraks og heilsar upp á ungt fólk í vinnu og frístundum.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.05** Morgunvaktin
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Músík og mas
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**11.45** Í mótbyr
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Stef
**15.03** Útvarpssagan: Rigning í nóvember
**15.30** Heimsauga
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Spegillinn
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Lostafulli listræninginn
**21.00** Í heyranda hljóði
**22.07** Veðurfregnir
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Fimm fjórðu
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**16.00 Hollyoaks** (46:260)
**16.30 Hollyoaks** (47:260)
**17.00 Seinfeld** (18:22)
**17.30 Ally McBeal** (19:23)
**18.15 Smallville** (9:20)
**19.00 Hollyoaks** (46:260)
**19.30 Hollyoaks** (47:260)
**20.00 Seinfeld** (18:22) Jerry Seinfeld er uppistandari sem nýtur mikillar kvenhylli en á í stökustu vandræðum með eðlileg samskipti við annað fólk því hann er svo smámunasamur og sérvitur. Sem betur fer á hann góðan vinahóp sem er álíka duttlungafullur og hann sjálfur.
▶**20.30 Ally McBeal** (19:23) Gamanþættir sem unnu til fjölda verðlauna á sínum tíma. Þættirnir fjalla um lögfræðinginn Ally McBeal og samstarfsfólk hennar en einkalíf þeirra og ástarmál eru drepfyndin og stórfurðuleg.
**21.15 Smallville** (9:20) Sjöunda þáttaröðin um ofurmennið Superman á unglingsárum. Clark Kent heldur áfram að heldur áfram að berjast við ill öfl sem ógna honum og framtíð heimsins.
**22.00 Men in Trees** (4:19) Önnur þáttaröð um indæla sambandssérfræðinginn og rithöfundinn Marin Frist sem nú hefur komið sér vel fyrir í smábænum Elmo í Alaska eftir erfið sambandsslit. Hún virðist hafa fundið hinn eina sanna í Jack sem er hlédrægur en afar heillandi og myndarlegur maður.
**22.45 Journeyman** (3:13)
**23.30 Help Me Help You** (3:13)
**23.55 Myndbönd frá Skífan TV**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Í umsjón Ingva Hrafns Jónssonar. Gestur er dr. Hermundur Sigmundsson, prófessor við Háskólann í Þrándheimi.
**21.00 Kristinn H.** Umræðuþáttur í umsjón Kristins H. Gunnarssonar alþingismanns.
**21.30 Guðjón Bergmann** Heilsufar Íslendinga er til umræðu hjá Guðjóni Bergmann sem fær til sín góðan gest.

**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## DR 1

**11.00** DR Update - nyheder og vejr **11.10** Horisont **11.35** Aftenshowet **12.00** Aftenshowet 2. del **12.30** Aldrig mere fængsel **13.00** Det lille hus på prærien **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Boogie Mix **15.00** SPAM **15.30** Pelles hønsefarm **15.35** Ninja Turtles. Tidsrejsen! **16.00** Agent Nørd **16.30** Lille Nørd **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Aftenshowet med Vejret **18.30** Ha' det godt **19.00** Sporløs **19.30** Mig og min familie **20.00** TV Avisen **20.25** Kontant **20.50** SportNyt **21.00** Wallander **22.30** Sommer **23.30** Seinfeld

## NRK 1

**12.00** NRK nyheter **12.05** Jessica Fletcher **13.00** NRK nyheter **13.05** Barmeny **13.30** ,Allo, ,Allo! **14.00** NRK nyheter **14.03** Avd. Barn **14.30** Ace Lightning **15.00** NRK nyheter **15.10** Hannah Montana **15.35** Mona Mørk **16.00** NRK nyheter **16.10** Oddasat - nyheter på samisk **16.25** Røst **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Dora utforskeren **17.25** Dykk Olli, dykk! **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Ut i naturen **18.55** Jordmødrene i Sverige **19.25** Redaksjon EN **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.30** Brennpunkt **21.20** Extra-trekning **21.30** Bokprogrammet **22.00** Kveldsnytt **22.15** Heroes **22.55** Løvebakken **23.20** 4*4*2. Bakrommet. Fotballmagasin **23.50** Viten om

## SVT 1

**11.00** Rapport **11.05** Hockeykväll **11.35** Toppform **12.40** Med glorian på sned **14.10** Gomorron Sverige **15.00** Rapport **15.05** Hannah Montana **15.30** Lilla sportspegeln **16.00** Tess och Ubbe **16.10** Yoko! Jakamoko! Toto! **16.15** Slut för idag... tack för idag **16.30** Piggley Winks äventyr **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Packat & klart **19.30** Andra Avenyn **20.00** Dom kallar oss artister **20.30** Morgonsoffan **21.00** Skamgrepp **23.05** Kulturnyheterna **23.20** Höök





**Glæsilegasta jólahlaðborð landsins** verður á Hilton Reykjavík Nordica. Veislustjórarnir Sigga Beinteins og Daddi Diskó munu halda uppi notalegri jólastemningu á meðan þú nýtur dýrindis veitinga.

Að borðhaldi loknu tekur fjörið völdin þegar veislustjórarnir skipta um gír. Þú færð að heyra alla bestu stuðtónlist síðustu þriggja áratuga í einni samfelldri syrpu sem fullkomnar frábært kvöld. Gefðu góða skemmtun í jólagjöf – jólahlaðborð á Hilton Reykjavík Nordica.

**Allar helgar frá 22. nóvember**

Nánari upplýsingar í síma 444 5052 eða hilton@hilton.is | www.hilton.is

Hilton Reykjavik Nordica

## LÖGIN VIÐ VINNUNA



*„Þessa dagana er FM Belfast platan í stanslausri spilun. Hún er gargandi snilld. Næst langar mig að hlusta almennilega á nýju plöturnar með Ný dönsk og Retro Stefson. Veljum íslenskt!“*

Jón Þór Þorleifsson framleiðandi.

# Karl Örvars sem Jagger á Grænlandi

„Þetta var alveg frábært. Nú loksins get ég gert mér í hugarlund hvernig Mick Jagger hefur það sem poppstjarna,“ segir Karl Örvarsson, forsöngvari hljómsveitarinnar Hunangs, sem er nýkomin úr mikilli fjögurra daga ævintýrareisu um Grænland.

Hunang tróð upp á tónleikum í Angmagssalik og Karl sparar sig hvergi í lýsingum á þeim og ævintýrum hljómsveitarmeðlima. Segir að það hafi þurft þrjá fíleflda dyraverði til að halda fólkinu frá sviðinu. „Og svo eiginhandaráritanir hægri vinstri og að kyssa hendur. Já, já, við vorum stórstjörnur í Angmagssalik. Innfæddir tóku okkur vel.“

Tónleikarnir voru á Pakhuset niðri við höfn en staðarhaldarinn á Hótel Angmagssalik, Mike Nicolaisen, staðfestir orð Karls – að tónleikarnir hafi verið frábærir. „Allir tala um að þetta séu einhverjir bestu tónleikar sem haldnir hafa verið í bænum. Ég hef aldrei séð fólk taka jafn virkan þátt og skemmta sér – sannkölluð upplifun,“ segir Nicolaisen.

Poppstjörnurnar í Hunangi skoðuðu sig um á Grænlandi, „sáum sleðahunda og allt“, segir Karl. Nú er stefnan sett á enn lengri Grænlandstúr næsta sumar.

„Við sömdum um launin í evrum. Skömmu fyrir hrunið. Nei, við erum reyndar ekki með leynireikninga á Grænlandi. En við vorum skíthræddir um að við yrðum þjóðnýttir þegar við komum heim með allar þessar evrur. Við sömdum um 45 þúsund krónur á kjaft sem var orðið að 85 þúsundum þegar við komum aftur. Þannig að hýran hækkaði. Vasapeningur breyttist í greiðslu af bílaláni,“ segir Karl kátur. - jbg



**STÓRSTJÖRNUR Á GRÆNLANDI** Hljómsveitin Hunang með Karl Örvarsson í fararbroddi er nýkomin frá Angmagssalik. Menn sömdu um greiðslu fyrir hrun og voru hræddir um að verða þjóðnýttir þegar þeir komu með allar evrurnar heim. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



### LÁRÉTT
**2.** hvetja, **6.** hvort, **8.** bók, **9.** segi upp, **11.** tveir eins, **12.** vínblanda, **14.** safna saman, **16.** klafi, **17.** ferð, **18.** við, **20.** grískur bókstafur, **21.** skrafa.

### LÓÐRÉTT
**1.** klöpp, **3.** tveir eins, **4.** vitsmunamissir, **5.** sigað, **7.** ávöxtur, **10.** bar að garði, **13.** gifti, **15.** einsöngur, **16.** mælieining, **19.** hæð.

### LAUSN
**LÁRÉTT: 2.** örva, **6.** ef, **8.** rit, **9.** rek, **11.** tt, **12.** grogg, **14.** smala, **16.** ok, **17.** för, **18.** hjá, **20.** pí, **21.** masa.

**LÓÐRÉTT: 1.** berg, **3.** rr, **4.** vitglöp, **5.** att, **7.** ferskja, **10.** kom, **13.** gaf, **15.** aría, **16.** ohm, **19.** ás.

## VEISTU SVARIÐ?
Svör við spurningum á síðu 8.

1. Fimmtíu.
2. Ralph Nader.
3. Veigar Páll Gunnarsson.






## SIGURJÓN KJARTANSSON: JÓHANNA VIGDÍS RÚLLAÐI ÞESSU UPP

# Hansa í lögfræðidrama

„Já, já, ég mun styðjast við atriði úr mínu nánasta umhverfi. Ætli ég leiti ekki helst í smiðju systur minnar. Hún er meira svona í nútímanum,“ segir Jóhanna Vigdís Arnardóttir leikkona – sem betur er þekkt sem Hansa – og hlær.

Verið er að ganga frá ráðningum leikara í mikið réttardrama – Réttur – sem Saga film er að hefja á tökur fyrir Stöð 2, þáttaröð sem er í sex þáttum en þó þannig að hver þáttur er sjálfstæður. Leikstjóri er Sævar Guðmundsson en handrit skrifa þau Sigurjón Kjartansson, Margrét Örnólfsdóttir og Kristinn Þórðarson. Í aðalhlutverkum verða þau Hansa, Magnús Jónsson og Víkingur Kristjánsson sem mynda þriggja manna lögfræðiteymi. Hansa er komin af miklu lögfræðislekti. Faðir hennar er einhver þekktasti lögmaður landsins, Örn Clausen, móðir hennar er Guðrún Erlendsdóttir, fyrrverandi hæstaréttardómari, og systir hennar, Guðrún Sesselja, er lögfræðingur.

„Ég er aldrei beðin um að koma í prufur. Nema fyrir löngu í þetta. Og svo aftur um daginn. Var frekar vör um mig og spurði hvort þeir væru að djóka? Hvort þetta væri af því það eru svo margir lögfræðingar í kringum mig? Þá höfðu þeir ekki hugmynd um það,“ segir Hansa.

Sigurjón Kjartansson segir það ekkert öðruvísi en svo að Hansa hafi steinlegið. „Ekkert smá. Hún situr í þessum karakter. Það kom eiginlega ekkert annað til greina. Við prófuðum margar leikkonur en hún rúllaði þessu upp. Sem er hið besta mál.“

Að sögn handritshöfundarins getur reynst flóknara að skrifa handrit að þáttaseríu þar sem hver þáttur er sjálfstæður. „Oft er tímafrekt að vinna með kannski tvær til þrjár sögur í hverjum þætti sem þurfa sitt upphaf, miðju og endi. En eitt sakamál er undirliggjandi í allri seríunni. Sem poppar stundum upp og hvílist þess á milli. Þetta er mikil stúdía.“

Í upphafi nutu handritshöfundar hjálpar hins skelegga lögmanns Brynjars Níelssonar Og á seinni stigum kom Helgi Jóhannesson lögmaður að málum. „Sá ágæti lögmaður. Hann las yfir handritið, kom með punkta og ef eitthvað stóðst ekki þá breytti ég því. Það er mikilvægt að vera réttu megin við lögin í svona skrifum,“ segir Sigurjón. Tökur hefjast um miðjan nóvember og leikstjórinn Sævar er spenntur enda er þetta hans stærsta verkefni. Sævar leikstýrði Venna Páer og einni syrpu af Stelpunum. „Þetta er fín tilbreyting frá auglýsingunum sem ég hef verið að leikstýra árum saman. Þótt lögfræðidrama hafi verið vinsælt format í Ameríku hefur þetta ekki verið myndað hér áður en málin verða af íslenskum toga og má lofa drama og spennu í þessu.“

Samkvæmt upplýsingum frá Stöð 2 stendur til að frumsýna þættina í janúar.

jakob@frettabladid.is



**HANSA** Leikur í Rétti en að henni stendur mikið lögfræðislekti, Örn Clausen og Guðrún Erlendsdóttir eru til að mynda foreldrar hennar.



**MAGNÚS JÓNSSON OG VÍKINGUR KRISTJÁNSSON** Þeir mynda, ásamt Hönsu, þriggja manna lögfræðiteymi sem allt snýst um í Rétti.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



**Karl Júlíusson**, einn fremsti leikmyndahönnuður Íslands, hefur nýlokið vinnu við nýjustu kvikmynd **Lars von Trier**, Antichrist. Kvikmyndin er einhvers konar hryllingsmynd og skartar sjálfum **Willem Dafoe** í aðalhlutverki. Trier hefur vafalítið viljað deila með Karli áliti sínu á íslensku útrásinni en hann gerði einmitt kvikmyndina Boss of it All þar sem íslenskur útrásarvíkingur var sýndur í fremur vafasömu ljósi.



Og aðeins meira af Íslendingum í útlöndum. Því **Atli Örvarsson** heldur áfram að gera það gott með kvikmyndatónlist sinni. Eftir að hafa tekið sér smáfrí hefur Atli nú verið ráðinn til að semja tónlistina við nýjustu kvikmynd fyrirsætunnar **Millu Jovovich**. Sú heitir The 4th Kind og verður væntanlega frumsýnd á næsta ári. Atli kláraði síðast að semja tónlist við kvikmyndina Thick as Thieves en þar fer hjartaknúsarinn **Antonio Banderas** með aðalhlutverkið.



**Óskar Jónasson** hefur heldur betur slegið í gegn að undanförnu með sjónvarpsþáttaseríurnar Pressu og Svarta engla auk þess sem kvikmynd hans Reykjavík Rotterdam hefur gengið afskaplega vel. Til stendur að sýna Svarta engla í Svíþjóð en það eru norskir frændur okkar sem fá að berja Pressu augum á sínum skjám á næstunni – en þangað hefur sú sería verið seld.

- fgg, jbg






# Byggir sér sundlaug á Indlandi

„Ég hef það rosalega gott og gengur bara mjög vel,“ segir Leoncie, söngkonan geðþekka, sem nú býr í Essex. Og sinnir þar söngferli sínum auk þess að vera á fullu í fasteignaviðskiptum.

Þrátt fyrir að hafa glatað töluverðum fjárhæðum á hruni bankanna á Íslandi er söngkonan hvergi af baki dottin. Hún segist vera að byggja sér sundlaug heima á Indlandi sem verði umvafin kókos- og ávaxtatrjám. „Sú bygging gengur alveg rosalega vel,“ bætir Leoncie við. Og eins og sundlaug sé ekki nóg þá hefur hún einnig ráðist í að byggja hljóðver. Þannig að þrátt fyrir hörmungarástandið heima á Íslandi geta Íslendingar átt von á fleiri slögurum frá henni. „Ég er þegar farin að semja nýtt lag sem verður um tengdó,“ segir Leoncie og bætir síðan við, af sinni alkunnu hógværð, að Engin príkantur hér sé hennar besta lag. „Ég hef aldrei skemmt mér jafn mikið og þegar við Viktor sömdum það.“

En söngkonan hefur ekki farið varhluta af þeim ímyndarbresti sem Ísland hefur mátt þola að undanförnu. Og segist ekki lengur geta kennt sig við Ísland. „Bretar hata Ísland og Íslendinga,“ segir Leoncie sem hefur því þurft að breyta listamannsnafni sínu, Icy Spicy Leoncie. „Ég kalla mig núna bara Sexy Spicy Leoncie. Viktor neyðist hins vegar til að segjast vera frá Danmörku svo að hann verði ekki fyrir árásum frá vonsviknum Bretum.“

- fgg



**HÆTT AÐ KENNA SIG VIÐ ÍSLAND** Leoncie og Viktor segjast ekki vera frá Íslandi. Viktor kennir sig miklu frekar við Danmörku.

# Goran Superform á 6 vikum




**GORAN SUPERFORM** er raunhæft heilsunámskeið sem tryggir þér fullkominn árangur frá byrjun.

Tilgangur þess er að þú takir hröðum líkamlegum og huglægum framförum og stígir örugg en einföld skref til betri skilnings á eigin heilsu.

Þú kynnist nýjum möguleikum í matarvali, mat sem örvar fitubrennslu. Hvernig þú átt að glíma við matar- og sykurþörfina. Hvernig þú ferð að því að brenna meira og léttast.

**VILT ÞÚ:**

- Efla orku þína og komast í form?
- Léttast og bæta meltinguna?
- Styrkja ónæmiskerfi og heilbrigði?
- Koma jafnvægi á hormónana?
- Auka andlega vellíðan?
- Bæta minni og einbeitingu?

Fimm tímar í viku – brennsla – styrking – liðleiki.
Takmarkaður fjöldi.
Einkaráðgjöf og uppbygging hjá Goran.
Persónuleg næringarráðgjöf.
Ráðgjöf við matarinnkaup.
Fræðsla og eftirfylgni – 2 fyrirlestrar.
Frábær spennandi lífrænn matur.
Næringardrykkur í lok hvers tíma.
Slökun og herðanudd í pottum að æfingu lokinni,
kl. 6:30, 7:30, 10:00, 12:00 og 16:30.




***Nýtt á Íslandi***
**Goran Superform matartaska!**

Nú getur þú tekið með mat, sem sniðinn er samkvæmt þinni orkuþörf, heim eftir hverja æfingu.

Goran útbýr matartösku hannaða fyrir þig sem tryggir hámarks árangur!

## Skráðu þig strax í síma 578-8200

## Námskeiðin byrja 31. mars!

Grand Spa | Sigtúni 38 | 105 Reykjavík | Sími 578 8200 | grandspa@grandspa.is

GrandSpa

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**



„...fyrst á visir.is“

vísir.is
...ég sá það á visir.is




**BAKÞANKAR**

Jóns Sigurðar Eyjólfssonar


## *Töffarinn og nördinn*

Þetta líf er svo skrykkjótt og ófyrirsjáanlegt að jafnvel gengi krónunnar virðist vera taminn flokksgæðingur í samanburði. En samt sem áður hefði ég átt að hafa séð fyrir hvernig færi fyrir bönkunum. Lífið var nefnilega búið að kenna mér eina lexíu en svo hef ég greinilega fallið þegar spurt var út í hana til prófs.

**ÉG** vorkenndi nefnilega alltaf nördunum þegar ég var í gagnfræðaskóla. Ég man hvernig mesti töffarinn sagði nördinum mikla að halda á skólatöskunni fyrir sig milli stofa. Ekki nóg með það heldur leyfði hann sér að taka í nördseyrað og segja af honum fíflasögur, viðstöddum til mikillar skemmtunar. „Nei, ekki gera þetta, svona hættu,“ hvíslaði greyið meðan á þessari aftöku andans stóð.

**TÍU** árum síðar sá ég leiðir þessara fornu bekkjarfélaga liggja saman aftur. Þá var nördinn enn og aftur að hlýða töffaranum gamla sem sagði: „Aðeins til hægri, áfram, stopp!“ Hinn gamli nörd stöðvaði þá rándýran Bensinn, steig út og sagði: „Verðið þið ekki fljótir að þessu?“ Hann var nefnilega önnum kafinn í tölvubransanum. Gamli töffarinn sagðist nú halda það og byrjaði að skrúfa hjólin af. Síðan veit ég ekki hvað lífið gerði við þá.

**HVERNIG** gat mér yfirsést, eftir þessa lexíu, að einn daginn ætti samband mitt og útrásarvíkinganna eftir að taka stakkaskiptum. Það kom nú aldrei fyrir að Björgólfur eða nokkur þeirra tæki í eyrað á mér eða bæði mig um að bera skjalatöskuna niður í banka. En ég öfundaði þessa menn fram úr hófi, satt best að segja. Sérstaklega þegar þeir voru að skjótast milli staða á einkaþotu meðan ég var að velta því fyrir mér hvort ég kæmist til Lundúna með lággjaldaflugfélagi. Eins njóta stórefnamenn oft mikillar kvenhylli og við sem höfum úr minna að moða hljótum að öfunda þá af þeim sökum.

**EN** nú horfi ég á hvern auðkýfinginn á fætur öðrum með áhyggjur heimsins, eða alla vega landsins, á herðum sér. Það krælir ekkert á öfundinni hjá mér. Það hlakkar heldur ekki í mér, síður en svo; Þórðargleði er ekki mín kátína. En áhyggjur mínar vegna smá yfirdráttar verða allt í einu hjákátlegar.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er þriðjudagurinn 28. október, 302. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 8.59 | 13.11 | 17.22 |
| Akureyri | 8.53 | 13.56 | 16.58 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


